EBBA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
Eldar fljótlegt bolognese einu sinni í viku
• matur • rómantík • helgin
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

SAFNANÓTT
Spennandi viðburður sem allir geta notið
Sérblað um safnanótt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

NÝTT
HAGKAUPSBLAÐ
fylgir með fréttablaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

12. febrúar 2010 — 36. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Ár tígursins gengur í garð

Ingjaldur Hannibalsson hefur fylgst náið með framvindu efnahagsþrónunar í Kína.

TÍMAMÓT 20

Litli-Steinn

Í alþjóðasamskiptum þýðir „tvíhliða“ nefnilega gjarnan bara „einhliða“, skrifar Pawel Bartoszek.

Í DAG 18

Fjöldi umsækjenda

Margir vildu vinna á hamborgarastað Jóa og Simma.

FÓLK 34

Með hærri laun en Jóhanna

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, ræðir um laun sín og fleira í viðtali við Fréttablaðið.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGUR VINDUR á landinu í dag með lítilsháttar skúrum vestan- og sunnanlands en nokkuð björtu veðri norðan og austan til. Milt í veðri.

VEÐUR 4

SPEGILMYND Veðrið hefur verið óvenju milt og stillt síðustu daga og leikið við landsmenn. Eins og sjá má á myndinni speglúðust ferðalangarnir og húsin fallega í Tjörninni í gær og varla gáru að sjá á henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samstaðan er lykill að lausn

Fjármála- og utanríkisráðherra hafa fundað með utanríkisráðherrum Breta og Spánverja vegna Icesave. Megum ekki kýta, segir Ögmundur Jónasson.

STJÓRNMÁL Samstaða íslenskra stjórnmálaflokka um Icesave skapar ný sóknarfæri og er forsenda þess að árangur náist. Um þetta eru þeir Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sammála.

Össur og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafa átt fundi með David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, og Miguel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar, sem gegnir einnig formennsku í ráðherraráði ESB. Össur ræddi við Moratinos í gær.

„Ég hef rætt mjög ítarlega við þá um stöðuna á Icesave og þær hugmyndir sem Íslendingar hafa. Ég get ekki skýrt frá þeim en mér finnst staðan á viðræðunum vera betri. Það ríkir mikill skilningur um nauðsyn þess að ná lausn strax,“ segir Össur.

Fram kom í fréttum í gær að stefnt væri að því að lán vegna Icesave verði vaxtalaus og að fyrr verði byrjað að greiða inn á lánið úr þrotabúi Landsbanka en til stóð.

Ögmundur, sem vék úr ríkisstjórn á sínum tíma vegna andstöðu sinnar við Icesave-samningana, gerir ekki mikið úr því, sem virðist vera skilyrði fyrir viðræðunum nú, að Íslendingar viðurkenni lágmarkstryggingarnar, 20.887 evrur á hvern reikning.

„Ég tel það mjög vanhugsað af okkar hálfu að fara að kýta um það innbyrðis hvert uppleggið er,“ segir hann.

Afstaða Alþingis um að setja fyrirvara við greiðsluskyldu Íslands sé skýr. „Hver hins vegar niðurstaðan verður úr samningunum, það ætla ég ekki að gefa mér fyrirfram,“ segir Ögmundur.

Össur segir að það sé nauðsynlegt til að ljúka málinu „að útkljá það á ráðherrastigi en að það fari ekki í völundarhús embættismannakerfisins. Það ríkir góður skilningur fyrir því hjá Evrópusambandinu,“ segir hann. **- kóþ, kh**

Engin svik sögð hafa verið í tafli – kjörstjórn víkur:

Sættir innan VG

STJÓRNMÁL Sættir náðust í gær, innan Vinstri grænna í Reykjavík, í deilu um framkvæmd forvals flokksins fyrir borgarstjórnarkosningar.

Í tilkynningu frá VGR segir að þar sem frambjóðendur hafi fengið misvísandi upplýsingar um túlkun reglnanna sé ljóst að engar reglur hafi verið brotnar, heldur hafi allir unnið í góðri trú.

Kjörstjórn hafi því ákveðið að víkja, segja af sér embætti. Þetta sé gert svo að milli uppstillingarnefndar og efstu manna listans ríki fullur trúnaður.

Fram hefur komið í blaðinu að þau Sóley Tómasdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson, sem bæði sóttust eftir fyrsta sæti, hafi beitt mismunandi aðferðum til að afla sér utankjörfundaratkvæða. Sóley hreppti fyrsta sætið en Þorleifur kærði kosninguna á kjördag.

Í tilkynningunni segir jafnframt að til að læra af mistökunum verði nefnd skipuð til að fara yfir forvalsreglur og fleira.

Utankjörfundaratkvæði verða endurtalin til að staðfesta að þau hafi ekki áhrif á hverjir lentu í sex efstu sætunum. **- kóþ**

Iðnaðarráðherra leggur fram tillögur í atvinnumálum:

Býr til umgjörð fyrir verðmætasköpun í sprotastarfi

ATVINNUMÁL Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hefur unnið að hugmyndum og tillögum um næstu skref í atvinnumálum í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og aðrar stofnanir. Hugmyndirnar verða lagðar fyrir ríkisstjórn á næstu dögum.

Tillögurnar eru í mörgum liðum og fela meðal annars í sér að nýta það fjármagn sem til er í hagkerfinu í stað lántöku í stuðningi við nýsköpun, ekki síst verkefni í hátækni.

Þá felst í tillögunum að hið opinbera skapi umgjörð um nýsköpun í landinu og tryggi fjölbreytni í atvinnusköpun. Þær fela hins vegar ekki í sér tillögur að leiðum til að laða erlenda fjárfesta, sem eiga krónueignir hér en festust inni við innleiðingu gjaldeyrishaftanna haustið 2008, að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum.

Eftir því sem næst verður komist miðast tillögurnar við að botni niðursveiflunnar verði náð á fyrri hluta árs og muni þau styðja við efnahagsbatann. **- jab**

IÐNAÐARRÁÐHERRA Hyggst leggja fram tillögur í atvinnumálum í ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

73,8%
23,7%
MORGUNBLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.
Allt sem þú þarft...
Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Egill Árnason™
Við bjóðum nú
Eik Unique á
41% AFSLÆTTI
Baltic Wood
Ármúla 8 I Sími: 595 0500

SPURNING DAGSINS

Bryndís, takið þið öllum áhugasömum opnum örmum?

„Já, í orðsins fyllstu merkingu."

Mosfellingar ætla að setja heimsmet í hópknúsi í tilefni Valentínusardags á sunnudag. Bryndís Haraldsdóttir er í undirbúningsnefnd kærleiksvikunnar í Mosfellsbæ.

Matarkarfan er ódýrust í Bónus en dýrust í Kosti, samkvæmt verðkönnun ASÍ:

Liðlega tvöfaldur verðmunur á hakki

NEYTENDUR Rúmlega tuttugu prósenta munur var á verði matvörukarfa þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í lágvöruverðsverslununum á þriðjudag.

Karfan var ódýrust í Bónus. Þar kostaði hún kr. 14.736 en dýrust var hún í Kosti þar sem hún kostaði 17.920 krónur. Verðmunurinn nemur 3.184 krónum, eða 22 prósentum. Aðeins 111 króna munur var á verði körfunnar í Krónunni og Nettó. Karfan kostaði 15.959 í Krónunni en 16.070 í Nettó.

Mestur var verðmunurinn á nautahakki. Það var dýrast í Kosti, kostaði 1.659 krónur, en ódýrast í Krónunni þar sem kílóið kostaði 799 krónur. Munurinn nemur 108 prósentum.

Þá voru ferskar kjúklingabringur dýrastar í Nettó en ódýrastar í Bónus. Kíló af kjúklingabringum kostaði 2.941 krónu í Nettó en 1.598 krónur í Bónus. Munurinn var 84 prósent.

Talsverður verðmunur var sömuleiðis á spagettíi, grænmeti, ávöxtum og fleiri vörum. Minnstur var verðmunurinn hins vegar á viðbiti, mjólkurvörum og sykruðum drykkjarvörum.

Tekið er fram á vefsíðu ASÍ að um beinan verðsamanburð sé að ræða, ekki sé lagt mat á gæði og þjónustu.

SKILABOÐ TIL SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Jón Gerald Sullenberger, stofnandi Kosts, segir í tilkynningu, sem hann sendi í gær, verðkönnunina senda skýr skilaboð til Samkeppniseftirlitsins. Jón Gerald segir innlenda birgja þjakaða af margra ára fákeppni á matvörumarkaði. Það sjáist af því að Kostur sé fyllilega samkeppnisfær með þær vörur sem verslunin flytur sjálf inn, en ekki aðrar. Þá gerir hann athugasemdir við forsendur könnunarinnar og segir að í könnuninni séu borin saman verð á lambalæri frá haustslátrun 2008 við lambalæri af nýslátruðu 2009. Þá sé kjúklingur sem aðrar verslanir selji undir eigin merkjum ekki sambærilegur að gæðum og kjúklingar frá Móum, sem Kostur selji.

TÍNT Í KÖRFUNA Talsverður verðmunur er á milli lágvöruverðsverslana, eða 22 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barði dætur sínar og særði son með hnífi

Karlmaður var í gær dæmdur í Hæstarétti í tveggja ára fangelsi fyrir hrottalegar andlegar og líkamlegar misþyrmingar á þremur börnum sínum. Hann kastaði hnífi í son sinn og handjárnaði dóttur sína, auk annars athæfis.

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Hæstarétti í tveggja ára fangelsi fyrir hrottaleg brot gegn þremur börnum sínum. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða þeim skaðabætur. Hæstiréttur segir mál þetta fordæmalaust.

Maðurinn braut ítrekað gegn börnunum sem voru í heimili með honum frá sumri 2005 til febrúarmánaðar 2008. Upp komst um athæfi hans þegar tilkynnt var til Neyðarlínunnar um ofbeldi hans gagnvart þeim. Hann var sakfelldur fyrir að hafa misþyrmt syni sínum, fæddum 1993, með höggum og spörkum. Þá þvingaði hann soninn til þess að stela áfengi úr tjaldi og hótaði honum lífláti ef hann ekki hlýddi. Í annað sinn kastaði maðurinn hnífi að drengnum. Hnífurinn hafnaði í læri hans svo sár hlaust af.

Aðra dóttur sína, fædda 1995, handjárnaði hann og taldi dómurinn sannað að hann hefði slegið hana í nokkur skipti í andlitið. Börnin lýstu því raunar öll hvernig faðir þeirra hefði slegið þau, klipið og sparkað í þau.

Hinni dóttur sinni, fæddri 1999, hrinti hann fullklæddri ofan í baðkar fullt af vatni og læsti hana úti á náttfötunum. Sannað þótti að maðurinn hefði áreitt börn sín andlega með margvíslegum hætti öðrum.

Lagt var fyrir Hæstarétt bréf til réttargæslumanns barnanna frá verkefnastjóra barnaverndar fjölskyldunefndar 7. janúar 2010. Þar kemur fram að uppeldisaðstæður barnanna, áður en til vistunar á fósturheimili hafi komið, hafi haft alvarlegar afleiðingar á andlega líðan þeirra. Til að vinna úr þeim miklu áföllum sem þau hafi orðið fyrir hafi þau þurft á markvissri aðstoð sérfræðinga Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans að halda, auk þess sem þau hafi notið þjónustu sérfræðinga Barnahúss. Lýsandi fyrir alvarleika málsins sé að þau hafi „til þessa alfarið hafnað að hitta föður sinn, jafnvel undir eftirliti fósturforeldra og/eða barnaverndarstarfsmanna." Börnin hafi öll lýst yfir ánægju með dvöl sína hjá fósturforeldrum sínum, sem séu föðurfaðir þeirra og eiginkona hans.

Hæstiréttur þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manninum um tvo mánuði og staðfesti að hann skyldi greiða syni sínum 1,2 milljónir króna og hvorri dóttur 600 þúsund krónur í skaðabætur.

jss@frettabladid.is

HÆSTIRÉTTUR Segir málið sem um ræðir án fordæmis og að faðirinn sem misþyrmdi börnum sínum þremur, eigi sér engar málsbætur.

BROT FÖÐURINS

1. Sló son sinn og sparkaði í hann í nokkur skipti. Tók piltinn kverkataki.
2. Neyddi son sinn til að stela áfengi úr nærliggjandi tjaldi með því að hóta honum lífláti að öðrum kosti.
3. Kastaði hnífi að syni sínum, Hnífurinn stakkst ofarlega í innanvert læri hans.
4. Handjárnaði dóttur sína og sló hana í nokkur skipti í andlit.
5. Sló aðra dóttur sína oft í andlit. Hrinti henni fullklæddri í baðkar, fullt af köldu vatni.
6. Lokaði sömu dóttur úti á náttfötum einum fata í köldu veðri að vetri til.
7. Drap heimilisköttinn að tveimur barnanna ásjáandi og lét annnað þeirra henda honum í ruslatunnuna, þar sem þriðja barnið fann hann.
8. Vakti börnin að nóttu til þegar hann var drukkinn og lét þau vinna ýmis húsverk.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Lögreglumaður var sýknaður

DÓMSMÁL Lögreglumaður hefur verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af broti í opinberu starfi og líkamsárás.

Honum var gefið að sök að hafa, sem stjórnandi lögregluaðgerðar, fyrirskipað öðrum lögreglumanni að aka með mann frá Austurstræti út á Granda í Reykjavík þar sem maðurinn var skilinn eftir. Á leiðinni út á Granda átti hinn ákærði að hafa þrýst hné sínu á háls mannsins þar sem hann lá handjárnaður í tökum lögreglu á maganum á gólfi lögreglubifreiðar. - jss

Þekkingarverðlaun FVH:

Fjarðarkaup er fyrirtæki ársins

VERÐLAUN Matvöruverslunin Fjarðarkaup í Hafnarfirði er fyrirtæki ársins 2010 og Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, viðskiptafræðingur síðasta árs, samkvæmt vali Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH).

Sá sem valinn er viðskiptaeða hagfræðingur ársins hlýtur verðlaunin fyrir framúrskarandi árangri í starfi sínu á liðnu ári. Magnús tók við starfinu á vordögum 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn FVH í gær. - jab

ÍRAK

Einkavörðum vísað úr landi

Nokkur hundruð fyrrverandi og núverandi öryggisvörðum á vegum verktakafyrirtækisins Blackwater hefur verið vísað úr landi í Írak. Þarlend stjórnvöld tóku þessa ákvörðun eftir að sakamáli gegn fimm þeirra var vísað frá dómi í Bandaríkjunum.

RUV.IS Vefstjóri vonar að tæknivandi verði fljótt úr sögunni.

Hnökrar hjá fréttavef RÚV:

Kerfisbreyting veldur truflun

FJÖLMIÐLAR „Þetta verður vonandi komið í lag í þessari viku eða í síðasta lagi í næstu viku," segir Karl Jóhann Jóhannsson, vefstjóri hjá ruv.is, um erfiðleika sem hafa verið fyrir notendur að tengjast vefnum. Að sögn Karls Jóhanns stafar vandinn af því að verið er að skipta um vefumsjónarkerfi fyrir ruv.is. Sú yfirfærsla hafi staðið yfir frá því í síðustu viku. Hann segir það helst vera notendur hjá Tali og Hive en einnig hjá Vodafone sem orðið hafi fyrir óþægindum og ekki getað tengst aðalsíðu ruv.is. „En ég bendi á að það er hægt að sjá allar upptökur vandalaust á dagskra.ruv.is," segir vefstjórinn. - gar

Vestia tekur Icelandic Group:

Reksturinn skilar loks hagnaði

VIÐSKIPTI Vestia, eignarhaldsfélag Landsbankans, hefur formlega tekið yfir eignarhald á IG, móðurfélagi Icelandic Group.

Eins og fram kom í samtali Fréttablaðsins við Ásmund Stefánsson, bankastjóra Nýja Landsbankans, (NBI) seint í janúar stefndi í verulegan vanda félagsins eftir bankahrunið í hittifyrra og veitti bankinn félaginu fjárhagslegan stuðning. Síðan þá hefur reksturinn snúist til betri vegar og skilað hagnaði.

Steinþór Baldursson, framkvæmdastjóri Vestia, segir ekki verða gerðar breytingar á stjórn eða rekstri Icelandic Group. - jab

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
Skötuselur
(Roðlaus/beinlaus/sjófrystur) Verð áður 3.990,-
Tilboð í dag og á morgun laugardag.
2.890 kr.kg.-
Humar 2.000 kr.kg
Skelflettur Humar 5.900 kr.kg Lausfrystur
OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Lögreglumenn og tollverðir með þrjá fíkniefnaleitarhunda:

Skólayfirvöld báðu um fíkniefnaleit

LÖGREGLUMÁL „Þetta var að frumkvæði skólans," sagði Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskólans í Reykjavík, spurður um ástæðu viðamikillar fíkniefnaleitar í skólanum í gærdag. Þar var á ferðinni hópur lögreglumanna, svo og tollverðir með þrjá fíkniefnaleitarhunda. Engin fíkniefni fundust að sögn Baldurs. Á tólfta hundrað nemendur voru lokaðir inni í skólanum í 45 mínútur meðan á leitinni stóð.

Spurður hvort beðið hefði verið um fíkniefnaleitina vegna rökstudds gruns um fíkniefni í skólanum sagði Baldur svo alls ekki hafa verið.

„Fyrst og fremst erum við að horfa á það að þetta hafi ákveðið forvarnargildi," sagði hann. „Í okkar forvarnarstefnu segjum við að ekki sé heimilt að neyta fíkniefna. Þau séu bönnuð í skólanum, á lóð skólans og svo framvegis. Þarna erum við svolítið að fylgja fordæmi annarra skóla. Fjöldi skóla hefur verið að gera þetta og við erum í raun og veru að fara þá leið líka. Við höfum ekki gert þetta áður og það var enginn sérstakur grunur til staðar."

Spurður hvort ekki sé íþyngjandi fyrir nemendur að fá slíka leit yfir sig að ástæðulausu, sagði Baldur örugglega hægt að segja að það sé íþyngjandi að einhverju leyti.

„Þetta eru inngrip að vissu leyti, en þetta er forvörn og niðurstaðan var mjög ánægjuleg." - jss

TÆKNISKÓLINN Um tvö þúsund nemendur eru í Tækniskólanum. Myndin var tekin þar í gær þegar leit stóð yfir. FRETTABLAÐIÐ/PJETUR

91,7 x 60,2 centimetrar

Mældu fyrir nýja 100 riða LCD tækinu þínu

37 tommu 100 riða tækin eru komin aftur
W5500 línan - fyrir mögnuð myndgæði

1920 x 1080 Full HD upplausn
Motionflow 100Hz
50.000:1 skerpa
4 x HDMI tengi
USB Media Player - spilar efni beint af USB minni
Picture Frame Mode - stafrænn myndarammi
XrossMediaBar - valmyndakerfi úr Playstation 3
Bravia Engine 3 - hágæða myndstýring
Notendahandbók innbyggð - sýnd á skjá
DLNA Ethernet - tónlist og myndir beint af heimaneti

KDL37W5500 - lækkað verð - verð nú 249.990

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

GENGIÐ 11.02.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,83	128,45
Sterlingspund	199,49	200,45
Evra	175,79	176,77
Dönsk króna	23,608	23,746
Norsk króna	21,682	21,810
Sænsk króna	17,656	17,760
Japanskt jen	1,4220	1,4304
SDR	196,97	198,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
231,6568
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn fjölgar kröfum í þrotabú Styrks Invest sem átti 40 prósenta hlut í Stoðum:

Fjörutíu milljarða kröfur en engar eignir

VIÐSKIPTI Kröfur í þrotabú Styrks Invest, sem var að stærstum hluta í eigu Gaums, félags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu, og Kaldbaks, fjárfestingararms Samherja, nema nú um fjörutíu milljörðum króna. Félagið er eignalaust, og því fæst líklega ekkert upp í kröfurnar. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Eina eign Styrks Invest var tæplega 40 prósenta hlutur í Stoðum sem er verðlaus í dag. Stærstu kröfuhafarnir í þrotabú félagsins eru Glitnir banki með sautján milljarða, Landsbankinn með tólf milljarða, þrotabú Baugs Group með 9,8 milljarða kröfu og Íslandsbanki með kröfu upp á yfir 960 milljónir króna, að því er kom fram í fréttum Stöðvar 2. Kröfulýsingafrestur rennur út eftir viku.

Styrkur Invest, sem hét áður BG Capital, var fjárfestingararmur Baugs Group og stærsti hluthafi FL Group, síðar Stoða. Í byrjun aprílmánaðar 2008 fór fram hlutafjáraukning í félaginu og nýir hluthafar eignuðust það. Stærsti hluthafinn varð fjárfestingarfélagið Gaumur, sem var á sama tíma einnig stærsti hluthafi Baugs Group. Auk þess voru í hluthafahópnum Kaldbakur, Hagar og eignarhaldsfélagið ISP sem er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur. - sm

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Styrkur Invest var að stærstum hluta í eigu Gaums, félags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sektaður um 400 þúsund:

Með Rolex-úr og silkibindi

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða 400 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs. Hann reyndi að smygla dýru Rolex-úri, fimm silkihálsbindum, tuttugu og einum silkihálsklút og leðurhandtösku í gegnum tollinn. Verðmæti góssins nam ríflega einni milljón króna.

Maðurinn gekk með eitt silkihálsbindi, einn silkihálsklút og leðurhandtösku um tollhlið merkt skilti með áletruninni „Enginn tollskyldur varningur", en samferðamaður hans gekk með afganginn um sama tollhlið. Tollgæslan fann smyglgóssið við leit. - jss

MARKAÐSUPPLÝSINGAR Fimm fjármálafyrirtæki hafa hlotið viðurkenningu Kauphallarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HF Verðbréf fær vottun:

Aðstoða við skráningu

KAUPHÖLL HF Verðbréf hefur fengið viðurkenningu Kauphallarinnar til að verða viðurkenndur ráðgjafi (e. Certified Adviser) á First North Iceland-hlutabréfamarkaði Kauphallarinnar.

Í viðurkenningunni felst að HF Verðbréf getur aðstoðað fyrirtæki við skráningu á markað og á meðan bréf þeirra eru í viðskiptum þar. Þá er á ábyrgð fyrirtækisins að fylgjast með því að félög á markaði í umsjá HF Verðbréfa uppfylli kröfur og upplýsingaskyldu, að því er segir í tilkynningu. - jab

ASÍ krefst stórframkvæmda:

Ríkisstjórnin greiði götuna

VINNUMARKAÐUR Miðstjórn Alþýðusambands Íslands krefst verklegra framkvæmda til að mæta miklum samdrætti í byggingariðnaði og mannvirkjagerð þar sem atvinnuleysi er mest.

„Ríkisstjórnin verður að greiða götu þeirra stórframkvæmda sem nú eru í undirbúningi auk þess að ráðast í framkvæmdir á eigin vegum," segir í ályktun miðstjórnar. „Atvinnuleysi er böl. Það er því forgangsmál að stuðla með öllum tiltækum ráðum að aukinni atvinnu um leið og við verjum störfin." - pg

Forstjóri Skeljungs hissa á Bæjarhreppi

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, undrast að Bæjarhreppur afgreiði ekki samþykkt deiliskipulag sem gerir félaginu kleift að reisa bensínstöð í Hrútafirði. Einróma ályktun á íbúafundi í fyrra breytti engu því málið stendur fast.

SKIPULAGSMÁL „Þetta kemur okkur spánskt fyrir sjónir," segir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, um miklar tafir sem orðið hafa á því að félagið geti reist þjónustustöð í Hrútafirði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær óskuðu Skeljungur og eigandi jarðarinnar Fögrubrekku í Hrútafirði eftir því á árinu 2006 að skipulagi yrði breytt til að hægt yrði að reisa þjónustustöð á jörðinni. Skálinn á að vera nokkur hundruð metra suður af nýjum Staðarskála sem N1 rekur. Sveitarstjórnin samþykkti skipulagið í ágúst 2008 en hefur hins vegar ekki sett það í auglýsingu svo að það geti tekið gildi. Sigurður Kjartansson, oddviti í Bæjarhreppi, segir meiri áherslu hafa verið lagða á önnur skipulagsmál í hreppnum. Hann telji eðlilegt að láta málið bíða út kjörtímabilið og neitar að skýra ástæður þess.

„Við höfum beðið þolinmóðir í langan tíma og veltum fyrir okkur hvenær þeir telji eðlilegan umþóttunartíma vera kominn. Við undrumst að meirihlutinn vilji ekki taka afstöðu til málsins núna vegna komandi kosninga þar sem að það liggur fyrir að minnihlutinn er ekki að óska eftir þessari frestun," segir Einar Örn.

Skeljungur hefur enga almenna þjónustustöðu milli Akureyrar og Borgarness. „Við munum koma okkur upp aðstöðu á þessari leið, ef ekki þarna þá annars staðar. Það þarf að komast á hreint sem fyrst hvort það geti orðið af því á þessum stað, hvort íbúar hreppsins vilji fá okkur eða hvort við þurfum að leita eitthvert annað," segir forstjóri Skeljungs og ítrekar undrun sína yfir framgangi málsins.

„Nær undantekningarlaust, þegar við erum að eiga við sveitarfélög fyrir utan höfuðborgarsvæðið, fagna menn áformum um uppbyggingu en það hefur verið allt öðruvísi í þessu tilviki og við skiljum ekki hvað veldur."

Áskorun af íbúafundi í Bæjarhreppi fyrir tíu og hálfum mánuði um að Skeljungi yrði gert kleift að reisa þjónustustöðina virðist engin áhrif hafa haft á yfirvöld í hreppnum. „Íbúafundur haldinn í skólahúsinu á Borðeyri laugardaginn 28. mars 2009 skorar á oddvita Bæjarhrepps að fylgja eftir ákvörðun hreppsnefndar frá því í ágúst 2008 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í landi Fögrubrekku í Hrútafirði að beiðni landeiganda þar og Skeljungs hf.," segir í áskoruninni sem samþykkt var án mótatkvæða.

gar@frettabladid.is

UPPDRÆTTIR FRÁ SKELJUNGI Eins og sést vill Skeljungur byggja bensínstöð og þjónustuskála örstutt frá nýjum Staðarskála.

Tvítugur ákærður:

Sparkaði í lögreglumann

DÓMSTÓLAR Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um tvítugt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir brot gegn valdstjórninni og fíkniefnalagabrot.

Manninum er gefið að sök að hafa föstudaginn 19. september 2008, þar sem hann var í bifreið á bifreiðastæði N1 við Stórageröi í Reykjavík, veist með ofbeldi að lögreglumanni, sem var við skyldustörf. Maðurinn sparkaði út um glugga bifreiðarinnar í brjóstkassa lögreglumannsins sem stóð fyrir utan. Maðurinn reyndist vera með tóbaksblandað kannabisefni og fjórar töflur af MDMA. - jss

Vestmannaeyjar:

Ung kona réðst á dyravörð

LÖGREGLUMÁL Kona um tvítugt var kærð til lögreglunnar í Vestmannaeyjum í vikunni. Hún réðst á dyravörð á veitingastaðnum Lundanum á sunnudagsmorguninn var. Konan var handtekin og fékk að gista fangageymslur lögreglu sökum ölvunarástands.

Þá var lögreglu tilkynnt um innbrot í Kaffi Kró. Grunur leikur á að það hafi átt sér stað aðfaranótt mánudagsins. Áfengum bjór var stolið og einnig var farið í sjóðsvél og skiptimynt stolið. Allnokkrar skemmdir urðu á húsnæðinu vegna innbrotsins. - jss

DÓMSTÓLAR

Með amfetamín og kókaín

Karlmaður um fimmtugt hefur verið dæmdur til að greiða 340 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs. Hann var með nær sjö grömm af amfetamíni og rúmlega átta grömm af kókaíni.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir Veðurfréttamaður

BREYTINGAR Það verða breytingar á veðrinu um helgina. Á morgun verður áfram milt í veðri og dálítil rigning en á sunnudag snýst vindur og það kólnar á landinu í vaxandi norðanátt. Það má búast við snjókomu norðanlands sérstaklega þegar á daginn líður.



Á MORGUN
8-20 m/s
Hægast austan til.

SUNNUDAGUR
Vaxandi vindur, hvasst NV-lands síðdegis.

HEIMURINN

Alicante	10°
Basel	5°
Berlín	0°
Billund	-1°
Eindhoven	1°
Frankfurt	-1°
Friedrichshafen	-5°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	20°
London	5°
Mallorca	8°
New York	1°
Orlando	14°
Ósló	-2°
París	1°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

ALLT FYRIR BOLLUDAGINN

BOLLUGLASSÚR
180gr

149 kr/stk

VATNSDEIGSBOLLUR
LITLAR, 9stk

248 kr/pk

ÞEYTITOPPUR
250gr

197 kr/stk

COOP
HINDBERJASULTA,
JARÐABERJASULTA,
SÓLBERJASULTA &
JARÐAB./ RABBAB. SULTA
400gr

197 kr/stk

SALTKJÖT
VALIÐ

1.424 kr/kg
áður 1.899 kr/kg

GOÐI

SALTKJÖT
BLANDAÐ

977 kr/kg

GOÐI

SALTKJÖT
ÓDÝRT

397 kr/kg
áður 515 kr/kg

GOÐI

SALTKJÖTFARS

nettó

499 kr/kg
áður 649 kr/kg

SPARNAÐARFARS

389 kr/kg
áður 549 kr/kg

DORIS GULAR BAUNIR

179 kr/pk

VALENTÍNUSAR-
TILBOÐ

JARÐARBER
250 gr

198 kr/pk

SALTKJÖT
SÍÐUBITAR

299 kr/kg
áður 398 kr/kg

SALTKJÖT
VALIÐ

1.368 kr/kg
áður 1.824 kr/kg

Tilboðin gilda 11. - 14. febrúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

KJÖRKASSINN

Ertu ánægð(ur) með hvaða bækur hrepptu íslensku bókmenntaverðlaunin í ár?

Já	55,8%
Nei	44,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ættu sveitarfélögin að taka við reksti heilbrigðisstofnana?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Tuttugu ár liðin frá því Nelson Mandela fékk frelsið:

Íbúar Suður-Afríku fagna

SUÐUR-AFRÍKA, AP Suður-Afríkubúar fögnuðu í gær með Nelson Mandela, fyrrverandi forseta landsins, að rétt tuttugu ár voru liðin frá því hann var látinn laus eftir 27 ára fangavist.

Þúsundir manna lögðu leið sína að fangelsinu í Höfðaborg, þar sem Mandela var hafður í haldi síðustu vikurnar.

„Þegar Mandela var leystur úr haldi vissum við ekki hvað ætti eftir að gerast," sagði Nontuntuzelo Faku, sem var í hópnum.

Nú, tuttugu árum síðar, hefur margt breyst. Einungis fjórum árum eftir að Mandela varð frjáls voru haldnar fyrstu frjálsu kosningarnar í landinu. Samtök hans, Afríska þjóðaráðið, sem höfðu barist fyrir afnámi aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans, komust til valda og Mandela varð forseti.

Aðstæður þeldökkra íbúa landsins hafa síðan batnað mjög þótt enn sé við erfið vandamál að glíma.

„Við vissum að frelsi hans þýddi að frelsi okkar væri einnig komið," sagði Cyril Ramaphosa, einn af forystumönnum Afríska þjóðaráðsins.

Jacob Zuma, núverandi forseti Suður-Afríku, flutti árlega stefnuræðu sína á þingi í gær, og valdi daginn sérstaklega vegna þessa tilefnis. **- gb**

HÁTÍÐ VIÐ FANGELSIÐ Fjölmenni fagnaði fyrir utan fangelsið í Höfðaborg þar sem Mandela dvaldi undir lok 27 ára fangavistar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir menn ákærðir:

Stálu kjöti og rafgeymum

DÓMSMÁL Tveir karlmenn um þrítugt hafa verið ákærðir fyrir að stela frosnu kjöti, rafgeymum og fleiru á Höfn í Hornafirði.

Mennirnir stálu rafgeymum úr þremur fjórhjólum. Þá stálu þeir 116 kílóum af frosnu kjöti úr ólæstum frystigámi, auk nokkurra poka af einnota drykkjarumbúðum. Sá varningur var í eigu veitingahússins Víkurinnar.

Annar mannanna er svo ákærður fyrir að brjótast inn í dráttarvél, en hinn fyrir innbrot í bíl. Úr dráttarvélinni var stolið hljómflutningstækjum, en staðsetningartæki úr bílnum.

- jss

RSÍ krefst ...

... greiðsluaðlögunar sem nær til almennra skulda og veðskulda, íbúðalána og bílalána.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

ENNEMM / SÍA / NM40924

Óvíst með fjármagn og orku fyrir kísilinn

Útboð og framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju í Helguvík eiga að hefjast í vor. Um 20 prósentum fjármögnunar er ólokið og orkusölusamningur úr gildi fallinn.

STÓRIÐJA Fjármögnun er ekki að fullu lokið og orkusölusamningar liggja ekki fyrir vegna kísilmálmverksmiðju í Helguvík. Áformað er að hefja framkvæmdir við byggingu verksmiðjunnar í sumar.

„Það er stutt í mark," segir Magnús Garðarsson, forstjóri Tomahawk Development, sem stýrir verkefninu. Áætlanir miðist nú við að verksmiðjan taki til starfa 1. júní 2012.

Eftir er að tryggja um 20 prósent af nauðsynlegri fjármögnun en viðræður eru í gangi við evrópska og bandaríska banka, segir Magnús. „Það hefur ríkt mikil óvissa um Ísland í Evrópu." Margir bankar hafi sagt nei en sumir kannski. „Við erum á réttri leið og ég er viss um að þessi 20 prósent finnast," segir hann. Bandarísk kísilmálmbræðsla mun eiga meirihluta í verksmiðjunni á móti Magnúsi og öðrum aðstandendum Tomahawk. Hann vill ekki ræða um samstarfsaðilann. Það fyrirtæki sé bundið af reglum á Nasdaq-markaðnum bandaríska um birtingu upplýsinga.

Magnús vildi ekkert láta hafa eftir sér um orkuöflun og orkusölusamninga til verksmiðjunnar.

Í skýrslu sem Capacent hefur unnið fyrir Reykjanesbæ og kynnt var bæjarráði í gærmorgun segir að framkvæmdir við kísilmálmverksmiðjuna muni hefjast nú í apríl en verksmiðjan taki til starfa í byrjun 2012. Í skýrslunni virðist gert ráð fyrir því að orkusölusamningur liggi fyrir um fyrri áfanga en að samningur „um annan ofn komi inn um mitt ár eða í síðasta lagi 2012".

HELGUVÍK Horft yfir framkvæmdasvæði við álver Norðuráls í Helguvík. Kísilmálmverksmiðjan á að rísa á svæði nær höfninni, efst til vinstri á myndinni. Hún á að skapa 300 störf á framkvæmdatíma en 90 munu starfa í verksmiðjunni þegar hún er komin í full afköst, og afleidd störf verða níutíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við erum á réttri leið og ég er viss um að þessi 20 prósent finnast.
>
> **MAGNÚS GARÐARSSON**
> FORSTJÓRI TOMAHAWK DEVELOPMENT

Kísilmálmverksmiðjan þarf 60 MW af orku til þess að knýja tvo ofna. Fyrir lá samningur við HS Orku um nauðsynleg 30 MW til að knýja fyrri áfanga af tveimur. Gert var ráð fyrir að rafork-an yrði afhent frá 1. nóvember 2011. Að sögn Júlíusar Jónssonar, forstjóra HS Orku, er þessi samningur fallinn úr gildi. „Þeir lentu í vandræðum með sinn samstarfsaðila í Bandaríkjunum. Núna eru þeir komnir með annan samstarfsaðila en samningarnir voru runnir út."

Júlíus segir að nýjar viðræður séu ekki á byrjunarreit heldur byggi á grunni eldri samnings. Enginn samningur sé hins vegar í gildi. Þeirri orku sem eldri samningur snerist um hefur nú verið ráðstafað til til væntanlegs álvers Norðuráls í Helguvík, að sögn Júlíusar. **peturg@frettabladid.is**

Sjálfstæðir Evrópumenn

Stofnfundur fyrir félagið Sjálfstæðir Evrópumenn verður haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu föstudaginn 12. febrúar klukkan 16.30.

Tilgangur félagsins er að standa vörð um sjálfstæði Íslands, áframhaldandi samvinnu Íslands við vestrænar lýðræðisþjóðir og stuðla að efnahagslegum og pólitísk-um stöðugleika, trausti, einstaklings- og atvinnufrelsi og frjálsum viðskiptum. Til þess að ná þessum markmiðum vill félagið stuðla að hagstæðum samningi um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Fundurinn er opinn öllum þeim sem styðja tilgang félagsins.

Ávörp:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, alþingismaður
Jónas Haralz, hagfræðingur
Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur
Gunnar Þórðarson, fv. útgerðarmaður Ísafirði

Fundarstjóri:

Ragnhildur Helgadóttir, fv. ráðherra

Fundarboðendur:

Baldur Dýrfjörð, form. fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna á Akureyri, Benedikt Jóhannesson ritstjóri, Einar Leif Nielsen, stjórnarm. í Heimdalli, Einar Stefánsson prófessor, Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. alþingismaður, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Hanna Katrín Friðriksson framkvæmdastj., Jón Benediktsson, stjórnarmaður í Heimdalli, Katrín Fjeldsted, fv. alþingismaður, Sigrún Gísladóttir, fv. skólastjóri í Garðabæ, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir laganemi, Þorsteinn Pálsson, fv. formaður Sjálfstæðisflokksins, Þór Whitehead sagnfræðingur.

Sjálfstæðir Evrópumenn

Íslendingar eru skammsýnir og skortir framtíðarsýn, segir Kolbeinn Björnsson:

Verðum að líta til Japans

NÝSKÖPUN Mikilvægt er að stjórnvöld marki leiðina úr kreppunni og móti framtíðarsýn fyrir landið, að sögn Kolbeins Björnssonar, kennara í japanskri hagsögu við Háskóla Íslands.

Kolbeinn segir mikilvægt að líta til Japans og skoða hvernig eitt öflugasta hagkerfi heims varð til þótt það byggi ekki yfir miklum auðlindum. „Í Asíu er markaðshagkerfið leitt af ríkinu, sem hefur skoðun á því hvernig atvinnulífið skal stefna," segir hann.

Kolbeinn bendir á að stjórnvöld í Japan hafi fyrir um þrjátíu árum ákveðið að einbeita sér að að þróun í tækni og bílaiðnaði og stutt við fyrirtæki í þeim geira. Þessu er ekki að skipta hér. Kolbeinn segir skammsýni ráða fremur ríkjum og stjórnvöld ekki hafa markað brautina. Því finnist landsmönnum sem lítið gerist.

Kolbeinn er fundarstjóri á málþingi um nýsköpun í Japan í Háskóla Íslands í hádeginu í dag. Seiichiro Yonekura, prófessor við Hitotsubashi-háskóla í Tókíó í Japan, flytur erindi. Í pallborðsumræðum verða Katsuhiro Natsume, fulltrúi japanska sendiherrans, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur, Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, og Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins. **- jab**

HÁSKÓLI ÍSLANDS Stjórnvöld í mörgum Asíuríkjum hafa markað leið atvinnulífsins. Því er ekki að skipta hér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MÁLÞINGIÐ AUGLÝST Á ENSKU

Háskólinn auglýsti málþingið á ensku í Fréttablaðinu í gær en slíkt er ekki algengt, sérstaklega ekki í tilkynningum um þing og ráðstefnur á vegum Háskólans. Kolbeinn segir ástæðuna fyrir þessu þá að nokkrir þátttakenda eru erlendir auk þess sem málþingið fer fram á ensku. „Þetta er gert fyrir útlendinga sem hafa áhuga á því," segir hann.

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...

Valentínusar-helgi...

...í Blómavali

10stk túlípanar
999

15stk túlípanar
1499

Dagur elskenda

Frætíminn er núna

KAUPAUKI

í Skútuvogi og Grafarholti

ÖLLUM TÚLIPANA-VÖNDUM FYLGIR 2FYRIR1 Á VEITINGAHÚSIÐ VEGAMÓT. EINNING FYLGIR VIKU GESTAPASSI Í HREYFINGU AÐ VERÐMÆTI 4.100KR

VEGAMÓT BISTRO | BAR

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON

Kaffi Garður Skútuvogi

Kaffi og rjómabolla aðeins 190kr

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir Bandaríkjamaðurinn sem sagður er eiga að fara fyrir nýrri samninganefnd Íslands um Icesave?*
2. *Til liðs við hvaða félag mun handboltamaðurinn Alexander Petersson ganga í vor?*
3. *Hvað heitir formaður kjörstjórnar Vinstri grænna í Reykjavík?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Bretum finnst dýrt að gifta sig og draga það í lengstu lög:

Giftingar í sögulegu lágmarki

BRETLAND Sífellt færri Bretar virðast kjósa hjónabandið, en nú er svo komið að hjónabönd þar í landi hafa ekki verið hlutfallslega færri frá því skráningar hófust árið 1862. Í breska dagblaðinu Telegraph kemur fram að samkvæmt tölum frá árinu 2008 séu bæði konur og karlar þar í landi sífellt eldri þegar þau gifta sig í fyrsta sinn. Konurnar 29,9 ára og karlarnir 32,1 árs.

Ástæðurnar eru fyrst og fremst taldar vera hækkandi kostnaður vegna brúðkaupa og skortur á stuðningi yfirvalda við hjónabandið sem stofnun. Samfélagslegar breytingar eins og aukinn hlutur kvenna á vinnumarkaði og það að konur kjósa að gifta sig seinna á ævinni eru einnig nefndar sem lykilástæður þessarar fækkunar hjónabanda. Færri en tvær af hverjum 100 konum yfir 16 ára aldri giftu sig í Bretlandi árið 2008 og er það í fyrsta sinn í sögunni sem hlutfallið er svo lágt. Svipuð þróun hefur átt sér stað meðal karla.

BRESK BRÚÐHJÓN Þetta par kaus að gifta sig og tilheyrir hópi sem fer minnkandi. NORDICPHOTOS/AFP

Mörgum þykja þessar tölur sorglegar, en í Telegraph er haft eftir Dave Percival, sem berst fyrir hjónabandinu, að fólk líti í auknum mæli sömu augum á hjónaband og sambúð, en niðurstaðan sé sláandi ólík. Tveir þriðju hjónabanda árið 2008 muni endast alla ævi. Minna en tíu prósent þeirra para sem séu í sambúð nái tíu ára sambúðaraf-mæli.

- sgá

Karlmaður á fertugsaldri:

Fjórir mánuðir vegna fíkniefna

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir vörslu á fíkniefnum, svo og sölu og dreifingu þeirra.

Maðurinn var tekinn undir áhrifum fíkniefna við akstur. heima hjá honum fannst nokkuð af hassi, amfetamíni og kókaíni. Aftur var hann tekinn með fíkniefni, þá marijúana.

Maðurinn játaði brot sitt.

Hann hefur talsverðan sakaferil. Með brotunum nú rauf hann skilorð. Skilorðsdómurinn var því tekinn upp og manninum gerð refsing í einu lagi fyrir brotin.

- jss

Glatað sakleysi

HVAÐ MYNDIR ÞÚ GERA Í NAFNI ÁSTARINNAR?

„Snilldarlega samin og viðburðarík skáldsaga sem smám saman þróast í spennuþrunginn reyfara.“
CHICAGO TRIBUNE

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

MIKILL ÁHUGI Margir mættu á ráðstefnu um umgengnistálmanir og innrætingu eftir skilnað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brot á umgengnisrétti verði refsiverð

Þvingunarúrræði við brotum á umgengnisrétti foreldra við börn sín virka ekki sem skyldi, segir lögfræðingur. Telur koma til álita að gera brotin refsiverð þannig að foreldrar brjóti síður umgengnisrétt.

BÖRN Úrræði skortir fyrir foreldra sem fá ekki að umgangast börnin sín eins og umgengnisréttur kveður á um. Þetta er mat Maríu Júlíu Rúnarsdóttur lögfræðings sem kynnti meistararitgerð sína um foreldrafirringu á ráðstefnu um umgengnistálmanir og innrætingu eftir skilnað sem haldin var í vikunni.

Foreldrafirring er hugtak sem á meðal annars við um það þegar foreldri með forsjá eða lögheimili barns kemur í veg fyrir umgengni hins foreldris við barn sitt. Einnig á hugtakið við það þegar foreldri talar illa um hitt foreldrið við barn sitt.

María benti á að málsmeðferð í umgengnismálum taki oft langan tíma og þó að úrskurðað sé á þann veg að barnið eigi að umgangast foreldrið sem það býr ekki hjá þá sé lítið hægt að gera ef hitt foreldrið hlítir ekki úrskurðinum.

María segir sjálfsagt að skoða nýjar leiðir til að tryggja umgengnisrétt, til dæmis að gera brot á honum refsiverð eins og þekkist meðal annars í Frakklandi. Sú leið hafi fælingarmátt sem virki betur á þá sem brjóti gegn umgengnisrétti en þvingunarúrræði á borð við dagsektir.

Undir þessi sjónarmið tekur Stefanía Katrín Karlsdóttir stjórnmálafræðingur sem ásamt Maríu tók viðtöl við fjöldann allan af fólki sem vinnur í störfum sem koma að skilnaðarmálum á einn eða annan hátt.

Stefanía kynnti í sinni framsögu hvernig stuðnings- og réttarkerfi tekur á deilum foreldra eftir að hafa kannað það ítarlega. Í stuttu máli komst hún að þeirri niðurstöðu að beita þurfi sáttamiðlun þegar skilnaðarmál berast stuðnings- og réttarkerfinu, þar sem foreldrum væri veitt ítarleg ráðgjöf um réttindi barna til foreldra og skyldur foreldra.

Hún bendir á að deilur á milli fyrrverandi maka eigi til að stigmagnast og þó að þær snúist ekki um börnin í upphafi þá geri þær það oft er fram líði stundir. Mat þeirra sem best þekkja til sé að ef að sáttamiðlun væri beitt strax í upphafi yrðu deilur um forræði og umgengni færri og jafnvel mildari.

Stefanía segir einnig stóran galla á núverandi kerfi að málsmeðferðartími er ótakmarkaður og mál geta velkst á milli embætta lengi. Einnig sé ábyrgð embætta óljós. Stefanía segir að þessa galla þurfi að laga, takmarka málsmeðferðartíma og skilgreina ábyrgð betur. Börnin líði fyrir óskilvirkt kerfi, því langvinnar deilur hafi slæm áhrif á þau.

sigridur@frettabladid.is

FALINN MÁLAFLOKKUR?

Tölur benda ekki til þess að vandamál vegna brota á umgengnisrétti hafi aukist undanfarin ár. Stefanía Katrín bendir á að það sé hins vegar ljóst að þessi málaflokkur sé falinn að hluta til. Foreldrar sem fá ekki að hitta börn sín gefist oft upp í baráttunni, stundum séu peningarnir búnir fyrir lögfræðikostnaði. Stundum álíti foreldrið einfaldlega að það geti ekki verið gott fyrir barnið að halda áfram gagnslausri baráttu. Þannig sé ekki hægt að fullyrða um fjölda málanna.

Sæktu um Staðgreiðslukort Olís og njóttu betri kjara

-3kr. +Vildarpunktar Icelandair

Alltaf með Staðgreiðslukortinu:

3 kr. afsláttur af eldsneytislítranum frá dæluverði.
2 kr. (1,5%) afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair.
5% afsláttur af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

Við höldum með þér!
olís

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola **69**

1 kg

89

HVEITI - 1 KG

1 kg

219

SYKUR - 1 KG

1790 pr. stk

FLANELL SKYRTA

- St M-XXL
- Fleiri gerðir

3 kg

699 pr. pk

CLEVER ÞVOTTAEFNI

- Fyrir hvítan og litaðan þvott
- 3 kg

14.990

ÖRBYLGJUOFN

- Melissa
- 17 ltr

9790

TVÖFALT VÖFFLUJÁRN

- 1200 W

259 pr. stk

ILMÚÐI

- 300 ml

1 ltr

149 pr. stk

MÝKINGAREFNI

- 1 ltr

MJÚKUR

499

SALERNISPAPPÍR - 6 Í PK

- Super Soft

249

SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK

- Miljø-spar

990 pr. stk

SOKKABUXUR

- Barna, st 1-10

FRÁ **4990**

SKÍÐABUXUR

- Barna, kr 4990
- Fyrir fullorðna, kr 5999

649 pr. stk

PLASTKASSI

- 44,7x34,5x25 cm

5 saman

1890

ELDIVIÐUR - 5 SAMAN

- Brennslutími u.þ.b. 2,5 klst pr. stk

Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

Samanburður á tilkynningum til barnaverndar:

Barnaverndarmálum fjölgar milli ára

FÉLAGSMÁL Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 16,3 prósent fyrstu níu mánuði síðasta árs, miðað við sama tíma í fyrra.

Fyrstu níu mánuði ársins 2009 bárust 6.906 tilkynningar, en á sama tíma árið áður voru þær 5.940. Fram kemur í frétt Barnaverndarstofu að málin séu mismörg eftir landshlutum. Fjölgun tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu nemi rúmlega 22 prósentum, en rúmum fjórum prósentum á landsbyggðinni.

Flestar tilkynningarnar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 46,4 prósent. Alls er 35,1 prósent tilkynninga vegna vanrækslu á börnum, 18,1 prósent vegna ofbeldis og 0,4 prósent vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu.“

Fram kemur að í skráningu barnaverndarnefnda hafi í fyrra í fyrsta sinn verið spurt sérstaklega um áfengis- og fíkniefnaneyslu foreldra og um heimilisofbeldi. „Fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru 606 tilkynningar þar sem tilkynnt er um vanrækslu og fram kemur að foreldrar eru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu.“ Slík mál nema tæpum níu prósentum af heildarfjölda tilkynninga.

- óká

SVIÐSETNING Tæp þrjú prósent af tilkynningum til barnaverndarnefnda fyrstu níu mánuði síðasta árs voru vegna heimilisofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Klám er til sölu í vefgátt Vodafone

Vodafone býður til sölu klámefni í vefgátt fyrir farsíma. Framkvæmdastjóri Nova segir ekki búið að ákveða hvort slíkt efni verði þar í boði. Síminn selur ekki klám. Foreldrar vaki yfir netnotkun barna á öllum sviðum, segir verkefnisstjóri SAFT.

UPPLÝSINGATÆKNI Í farsímavefgáttinni Vodafone Live er að finna klám til sölu. Af stóru farsímafélögunum er Vodafone enn sem komið er eitt um að bjóða slíkt efni. Öll bjóða félögin hins vegar upp á tengingu við internetið og hvaðeina sem þar er að finna.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone á Íslandi, segir fyrirtækið selja aðgang að ýmsu efni á Netinu og efni af erótískum toga sé þar á meðal.

„Auðvitað er þetta ekki okkar efni heldur aðgangur að vefsíðum úti í heimi, á sama hátt og seldur hefur verið aðgangur að tónlist og öðru,“ segir hann. Vodafone á Íslandi gæti hins vegar að því eftir megni að börn komist ekki í óæskilegt efni. Í því skyni hafi verið komið upp aðgangsstýringu sem felist í að stuðst sé við kennitölu notenda. „En eins og allir vita þá kemstu á Netið í símanum þínum og þar er alls konar hluti að finna. Síminn er bara ein af mörgum leiðum á Netið,“ segir hann og kveður reyna á ábyrgð aðstandenda barna að halda þeim frá óæskilegu efni.

„En í þessu tilviki förum við þá leið að láta kerfið sannreyna það hvort skráður notandi númersins sé orðinn átján ára. Ef svo er ekki þá birtist ekki einu sinni þetta efni.“ Þá áréttar Hrannar að efninu sé á engan hátt haldið að fólki. „Það þarf að hafa fyrir því að finna þetta og veita samþykki sitt á mörgum stöðum í ferlinu til að komast í efnið. Ég held því að utan um þetta sé girt eins vel og hægt er.“

Hjá Símanum fengust þær upplýsingar að ekki sé seldur aðgangur að klámefni á vef fyrirtækisins. Sömu sögu er að segja hjá farsímafyrirtækinu Nova. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir þónokkra hafa haft samband við fyrirtækið og haft áhuga á samstarfi um að bjóða klámefni til sölu. „Og við höfum bara verið að skoða það án þess að endanleg ákvörðun hafi verið tekin. En eins og er þá bjóðum við ekki upp á þetta,“ segir hún.

Guðberg K. Jónsson, verkefnisstjóri SAFT, átaks um örugga netnotkun ungmenna, undrast að Vodafone bjóði klámefni. „Það væri algjörlega gegn stefnu Samtaka evrópskra netþjónustuaðila og viðleitni stóru fjarskiptafélaganna hér á Íslandi til að bregðast við óæskilegu efni,“ segir hann og kveður brýnt að aðstandendur barna haldi vöku sinni á sem flestum sviðum þegar kemur að óæskilegu efni á Netinu. Hann segir enga úttekt hafa verið á því gerða hvað velja þurfi marga hlekki til að komast frá vefjum fjarskiptafélaganna yfir á óæskilega vefi.

olikr@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KLÁM Í SÍMANETGÁTT Farsímar og sumar leikjatölvur eru þannig úr garði gerðar að hægt er að vafra um internetið. Framleiðendur klámefnis hafa leitað samninga við íslensk fjarskiptafélög um sölu á slíku efni í farsíma.

LIV BERGÞÓRSDÓTTIR

GUÐBERG K. JÓNSSON

HRANNAR PÉTURSSON

Ísland og Færeyjar hafa gengið frá fiskveiðisamningi fyrir árið 2010:

Samningurinn nær óbreyttur

SJÁVARÚTVEGUR Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Jacob Vestergaard, starfsbróðir hans í Færeyjum, hafa gengið frá fiskveiðisamningi Íslendinga og Færeyinga fyrir árið 2010. Samningurinn er nær óbreyttur milli ára.

Samkvæmt samningnum fá færeysk skip heimild til að veiða 30 þúsund lestir af loðnu við Ísland á loðnuvertíðinni 2010/2011 svo fremi að útgefinn kvóti verði hið minnsta 500 þúsund lestir. Sé gefinn út minni kvóti fá Færeyingar fimm prósent í sinn hlut. Samkomulag er um að þjóðirnar fái áfram að veiða kolmunna og norsk-íslenska síld innan lögsögu hvor annarrar. Hámarksfjöldi íslenskra skipa í færeysku lögsögunni hverju sinni við kolmunnaveiðar verður áfram tólf.

Botnfiskveiðiheimildir Færeyinga við Ísland verða óbreyttar á árinu 2010. Færeysk skip hafa því heimild til að veiða 5.600 lestir af botnfiski á árinu. Heildarafli þorsks verður þó aldrei meiri en 1.200 lestir og lúðuafli aldrei meiri en fjörutíu lestir. Íslensk skip hafa heimild til að veiða 2.000 lestir af Hjaltlandssíld við Færeyjar og 1.300 lestir af makríl.

Ákveðið var að fulltrúar landanna hittist á næstu misserum til að ræða sérstaklega eftirlit með veiðum í lögsögum Íslands og Færeyja, þar með talið skráningu á afla.

- shá

SAMNINGUR HANDSALAÐUR Jón Bjarnason og Jacob Vestergaard hafa endurnýjað fiskveiðisamning þjóðanna lítið breyttan. MYND/SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

BT

Brjáluð helgartilboð!

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA Í SKEIFUNNI

Leikir með reynslu á frábæru verði!

3 fyrir 2 á notuðum PS2 leikjum um helgina !

spilað & skilað

Taktu 3 borgðu fyrir 2

INNEIGNARNÓTUR BT GILDA EINNIG !

ORMSSON

Við tökum við PS2 – PS3 – Wii og DS leikjum

BENQ SKJÁR

24"

BenQ G2420HDB
TTJV24BG2420HDB
24'' FullHD LCD,
1920X1080
16:9, 40000:1 DCR,
2ms, 300 nits,
DVI/VGA HDCP, Senseye+Photoll
HD 1080P
VGA kapall fylgir

39.999
44.999

VERBATIM SJÓNVARPSFLAKKARI

Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG

29.999
500GB

LACIE LACINEMA

LaCinema Classic HD
1TB eftir Neil Poulton
Styður FAT32, Spilar MPEG-4,
XviD, DivX, MKV, MP3, WMA ofl,
10/100 nettengi, Composite,
HDMI 1.3, Optical og Stereo Hljóðtengi.

59.999

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI

ZTA140

Barkaþurrkari
Þvottamagn 6kg
Kerfi fyrir viðkvæman þvott

69.999

2 ára ábyrgð hjá ORMSSON

10.000kr afsláttur af parinu

139.999
149.999

ZWG3105

1000 snúninga þvottavél
Þvottamagn 6kg
Orkunýtni A/A/B

79.999

2 ára ábyrgð hjá ORMSSON

CASIO EXZ2

EXZ2

geggjað verð!

12.1 milljón punkta upplausn
3x aðdráttarlinsa (35,5-106,5mm)
2,7" LCD skjár
EXILIM Engine 2.0
23 myndstillingar - Bestshot
Face Detection function gefur betri andlitsmyndir
ISO 64-1600
Videoupptaka með hljóði,16:9
(Hámarksupplausn 848x480 - 30fps)
Styður SD og SDHC minniskort
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

24.999
29.999

ACER ASPIRE FARTÖLVA

5542-1462

AMD Athlon X2 Dual Core M300 2.0GHz örgjörvi
4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
320GB SATA 5400RPM harðdiskur
15.6" HD CineCrystal 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring með UVD2 HD hraðal
Innbyggt Gigabit 10/100/1000 netkort
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 a/g/n net
6-Cell LI-ion rafhlaða með allt að 3 tíma endingu
Innbyggð 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél og MIC
Innbyggður kortalesari
4xUSB2, VGA, HDMI HDCP, kortalesari o.fl.
Stýrikerfi - Windows 7 Home Premium 64-bit

119.999

frábært verð

HDMI

acer

HP DESKJET D1660

Rugl verð

Upplausn: 1200dpi í svörtu, 4800dpi í lit
Prenthraði: Allt að 20 bls í svörtu, 16 bls í lit.
Tengi: USB
Innbakki: 80bls
Jaðarlaus prentun

8.999
10.999

SAMSUNG 32"

B455

Samsung gæði

Stafrænn sjónvarpsmóttakari og Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: High Contrast
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite, S-video

139.999

Rosalegur bassi !

14.999

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

Lausnir Ísla fyrir einsta

Verðtryggð húsnæðislán – höfuðstólslækkun

Viðskiptavinum Íslandsbanka býðst að breyta verðtryggðum húsnæðislánum í óverðtryggð. Staða láns á umsóknardegi er þá uppreiknuð m.v. vísitölu í nóvember 2009 og lækkuð um 10% frá þeirri tölu (sjá mynd A).

Vextir og lánskjör

Hægt er að velja á milli 25 og 40 ára lánstíma og 6% breytilegra vaxta eða 7,6% fastra vaxta að teknu tilliti til vaxtaafsláttar. Sjá nánar í vaxtatöflu bankans og á www.islandsbanki.is.

Greiðslubyrði

Höfuðstólslækkun minnkar skuldsetningu lántaka og eykur eignamyndun. Greiðslubyrði getur ýmist hækkað eða lækkað eftir tegund láns.

Erlend húsnæðislán – höfuðstólslækkun

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta breytt erlendum húsnæðislánum í óverðtryggð lán í íslenskum krónum. Lækkun höfuðstólsins verður að meðaltali um 25% (sjá mynd B) en getur verið mismunandi eftir myntsamsetningu láns.

Vextir og lánskjör

Hægt er að velja á milli 25 og 40 ára lánstíma og 6% breytilegra vaxta eða 7,6% fastra vaxta að teknu tilliti til vaxtaafsláttar. Sjá nánar í vaxtatöflu bankans og á www.islandsbanki.is.

Greiðslubyrði

Höfuðstólslækkun minnkar skuldsetningu lántaka og eykur eignamyndun. Greiðslubyrði getur ýmist hækkað eða lækkað eftir tegund láns.

Greiðslujöfnun húsnæðislána

Greiðslujöfnun getur létt greiðslubyrðina tímabundið á meðan niðursveiflan gengur yfir íslenskt efnahagslíf. Með greiðslujöfnun geta viðskiptavinir með húsnæðislán greitt jafnari upphæðir og dregið úr óvissunni varðandi mánaðarlega greiðslubyrði.

Greiðslujöfnun

Greiðslujöfnun er hugsuð sérstaklega til að lækka greiðslubyrði. Greiðslubyrðin er tengd vísitölu sem ræðst af launaþróun og atvinnustigi í landinu. Greiðslujöfnun getur haft í för með sér aukinn vaxtakostnað og jafnvel hærri greiðslubyrði í framtíðinni ef laun og/eða atvinnustig lækka minna en spáð var.

A Höfuðstóll - verðtryggð lán



B Höfuðstóll - erlend lán



C Lækkun á greiðslubyrði

Dæmi um erlent húsnæðislán, hefðbundin myntkarfa. Eftirstöðvar 20 m.kr., þann 1. 1. 2009.

Afborgun fyrir greiðslujöfnun	98.000 kr.
Afborgun eftir greiðslujöfnun	84.000 kr.
Lækkun á greiðslubyrði	**14.000 kr.**

Ráðgjafi þinn getur reiknað út hvað afborganirnar þínar gætu lækkað mikið.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is

andsbanka aklinga

Íslandsbanki hefur tekið frumkvæði meðal íslenskra fjármála-fyrirtækja með breiðu úrvali lausna sem sniðnar eru að þörfum heimilanna. Markmið okkar er að létta byrðar viðskiptavina með sanngjörnum úrræðum og vandaðri þjónustu.

Höfuðstólslækkun bílalána og -samninga

Nú býðst einstaklingum með erlend og verðtryggð lán að lækka höfuðstól þeirra.* Við höfuðstóls-lækkun breytist lánið í íslenskar krónur með breytilegum óverðtryggðum vöxtum.

Lækkun erlendra lána er að meðaltali 23% en lækkunin er breytileg eftir myntum. Höfuðstóll verðtryggðra lána lækkar u.þ.b. um 5%.

Höfuðstólslækkun

Hér fyrir neðan er sýnt raunverulegt dæmi um bílasamning sem gerður var um mitt ár 2007 til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning var 50% JPY og 50% CHF. Eftir eru 61 mánaðarleg greiðsla sem yrðu 97 með hámarkslengingu lánstíma.

Dæmi um höfuðstólslækkun*

Höfuðstóll 05.02.2010:	5.600.000
Lækkaður höfuðstóll:	4.200.000

Vextir og lánskjör

Afsláttur sem nemur 2,6 prósentustigum er veittur af vöxtum fyrstu 12 mánuðina. Vextir eru því 9,5% fyrstu 12 mánuðina m.v. núgildandi gjaldskrá Íslandsbanka Fjármögnunar. Hægt er að velja um að halda lánstímanum óbreyttum eða lengja hann um ¾ af eftirstöðvatíma láns, þó að hámarki 36 mánuði.

Greiðslujöfnun

Þeim sem vilja lækka mánaðarlega greiðslubyrði er bent á að kynna sér greiðslujöfnun nánar á www.islandsbanki.is/fjármögnun

* Þegar talað er um lán er bæði átt við bílalán og bílasamninga. Þegar talað er um höfuðstól er bæði átt við höfuðstól bílalána og samningsviðmið bílasamninga.

Skuldaaðlögun

Skuldaaðlögun er úrræði fyrir þá viðskiptavini sem eru með skuldsetningu umfram greiðslugetu.

Lækkun niður í 110% af markaðsvirði

Skuldaaðlögun felur í sér að lántaki og Íslands-banki gera með sér samkomulag um að laga skuldir og eignir viðskiptavinar að greiðslugetu hans, að því gefnu að viðkomandi hafi ákveðna lágmarks greiðslugetu. Úrræðið getur falið í sér eftirgjöf skulda til samræmis við greiðslugetu. Skuldir vegna húsnæðis og bifreiða verða færðar niður í allt að 110% af markaðsvirði og eftir-stöðvar annarra skulda felldar niður í lok samningstíma, standi lántaki við samkomulagið.

Sérsniðnar lausnir

Lausnir eru mismunandi eftir aðstæðum viðskipta-vinar, þar sem skuldaaðlögun er lausn sem er sérsniðin að stöðu hvers og eins einstaklings.

Önnur sértæk úrræði

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast einnig fjölmörg úrræði vegna tímabundinna aðstæðna svo sem vegna atvinnumissis eða sölutregðu eigna. Varðandi frestun greiðslna á húsnæðis-lánum þá er annars vegar í boði tímabundin frestun á afborgun höfuðstóls og hins vegar frestun á bæði afborgunum höfuðstóls og vaxtagreiðslum í allt að 12 mánuði. Frestun á greiðslum getur komið til greina hvort sem um er að ræða íslensk eða erlend húsnæðislán.

Komdu í næsta útibú

Íslandsbanki hvetur þá sem telja sig búa við skuldir umfram greiðslugetu, til að koma í næsta útibú og ræða við ráðgjafa um möguleg úrræði.

Greiða niður yfirdráttinn

Yfirdráttarlán er dýrt lánsform sem ætti aðeins að nota tímabundið. Íslandsbanki býður viðskipta-vinum sínum að gera samkomulag um markvissa niðurgreiðslu á yfirdrætti á allt að tveimur árum og lækka vaxtakostnaðinn svo um munar, eða niður í 10,5% m.v. núverandi vaxtakjör.

Hagstæð sparnaðarleið

Að greiða niður yfirdráttarlán er meðal hagstæðustu sparnaðarleiða sem völ er á. Vextir á yfirdráttarláni eru hærri en vextir á sparnaðar-reikningum og því í flestum tilvikum skynsamlegt að setja niðurgreiðslu á yfirdráttarláni í forgang.

Íslandsbanki hvetur alla viðskiptavini til að koma í næsta útibú og ræða við ráðgjafa um þær lausnir sem bjóðast.

Engin ein lausn hentar öllum. Við hvetjum viðskiptavini okkar til að kynna sér málin vandlega og taka ákvörðun að vel athuguðu máli.

Nánari upplýsingar og ítarleg svör er að finna á www.islandsbanki.is og í næsta útibúi Íslandsbanka.

Íslandsbanki

Jöklar hopa og land rís:

Búist við meiri eldvirkni á Íslandi

VÍSINDI „Það er vitað að jöklar eru að minnka mjög mikið og það hefur þær afleiðingar að landið rís. Allt bendir til þess að þetta landris muni hafa aukna eldvirkni í för með sér," segir Freysteinn Sigmundsson hjá Norræna eldfjallasetrinu, sem á morgun heldur fyrirlestur um efnið í fyrirlestraröð Vísindavefjarins.

Freysteinn segir mælingar sýna að landris sé yfir 20 mm á ári þar sem það er mest sem sé mikið miðað við til að mynda flekahreyfingar undir Íslandi. Allar þessar hreyfingar skili sér í myndun meiri bergkviku, þó óvíst sé hvenær hún skili sér upp á yfirborðið, það geti tekið áratugi eða hundruð ára. En allt bendi til þess að tímabil fari í hönd þar sem búast megi við meiri eldvirkni undir jöklum en verið hefur. Þess má geta að níu staðfest gos voru undir Vatnajökli á síðustu öld.

Fyrirlesturinn hefst kl. 13 og mun fara fram í Öskju, sal 132.

- sbt

BYLTINGARAFMÆLI FAGNAÐ Lítið fór fyrir mótmælendum innan um mannfjöldann sem safnaðist saman í Teheran. NORDICPHOTOS/AFP

Hart tekið á mótmælum

Íranar söfnuðust saman í hundruð þúsundatali til að fagna byltingarafmæli landsins. Innan um reyndu hópar mótmælenda að vekja athygli á málstað stjórnarandstöðunnar, en fengu óblíðar móttökur.

ÍRAN, AP Lögregla tók hart á mótmælendum víða í Teheran, höfuðborg Írans, í gær. Táragasi var skotið á hópa mótmælenda til að dreifa þeim og málningarkúlum var einnig skotið á hópana til þess að merkja þá sem átti að handtaka.

Mótmælendurnir komu saman í tuga- og sums staðar í hundraðatali innan um hundruð þúsundir manna sem fögnuðu byltingarafmæli landsins. Þrjátíu og eitt ár er liðið frá því að íslamskir klerkar og námsmenn steyptu keisarastjórninni af stóli undir forystu Khomeinis æðstaklerks.

Mahmoud Ahmadinejad forseti notaði tilefnið til að lýsa því yfir í sjónvarpsávarpi til mannfjöldans að Íran væri nú kjarnorkuveldi. Hann hélt því fram að búið væri að framleiða fyrsta skammtinn af 20 prósenta auðguðu úrani, en til þess að framleiða kjarnorkuvopn þarf úran að vera 90 prósent auðgað.

Stjórnvöld höfðu mikinn viðbúnað til að halda í skefjum mótmælendahreyfingunni sem hefur reglulega minnt á sig allt frá hinum umdeildu forsetakosningum í júní á síðasta ári.

Ahmadinejad gagnrýndi Barack Obama Bandaríkjaforseta harðlega og sagði hann halda áfram á sömu braut og George W. Bush, forveri hans.

„Við bjuggumst við því að Obama myndi gera breytingar," sagði Ahmadinejad.

Á einum stað var ráðist með kylfum og piparúða á bílalest eins af leiðtogum stjórnarandstöðunnar, Mahdi Karroubi, og voru meðal annars brotnar rúður í bifreið hans. Hann neyddist til að snúa við og gat ekki tekið þátt í mótmælum.

Einn stjórnarandstæðingur, sem ekki er nafngreindur af ótta við viðbrögð stjórnvalda, sagðist hafa reynt að taka þátt í mótmælum en þurft frá að hverfa.

„Við vorum þrjú hundruð, eða í mesta lagi fimm hundruð, á móti tíu þúsund manns," sagði hún, en bætti því við að lítið hefði verið um átök.

„En þetta þýðir ekki að unninn hafi verið endanlegur sigur á okkur," bætti hún við.

Annar stjórnarandstæðingur segir mannfjöldann ekki hafa verið vandamálið, heldur hafi lögregla og her beitt það miklu ofbeldi að fólk hafi hörfað undan.

„Margir urðu hræddir," sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is



N1 og Tork.
Sterkt lið á pappírunum.

TORK

N1 er umboðsaðili Tork á Íslandi. Við bjóðum upp á mikið úrval af pappír og hreinlætisvörum frá Tork, en þær eru þekktar fyrir gæði, þægindi og hagstætt verð. Tork vörurnar eru umhverfisvænar og státa af vottun samkvæmt ISO 9001 og ISO 14000 stöðlunum. Hafðu samband við okkur og veldu þær vörur og lausnir frá Tork sem henta þér best.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
N1 verslanir: Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi, Ólafsvík, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum, Keflavík, Selfossi, Reyðarfirði og Höfn.
WWW.N1.IS
Sími 440 1000
Meira í leiðinni



Búdapest
11. - 15. mars 2010
Heimsborgin glæsilega

Express ferðir bjóða frábæra 5 daga ferð með **beinu flugi** til Búdapest. Um er að ræða langa helgi þar sem sögu og menningu borgarinnar verða gerð góð skil – og ekki spillir einstaklega **hagstætt verðlag** í Ungverjalandi.

*Fararstjórarnir **Lilja Hilmarsdóttir** og **Þórarinn Sigurbergsson** eru þaulreynd í faginu og gjörþekkja borgina.*

Verð á mann í tvíbýli
88.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með morgunverði á Hotel Mercure Korona í hjarta borgarinnar í fjórar nætur og íslensk fararstjórn. Skoðunarferðir ekki innfaldar.

Frábært verð!
Bjóðum einnig stök flugsæti til og frá Búdapest á einstöku tilboðsverði.
57.900 kr.
Flug með sköttum og öðrum greiðslum.

Fíton/SÍA FI030817

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Fyrirspurnir og nánari upplýsingar:
www.expressferdir.is
info@expressferdir.is
Sími 590 0100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Þrennt ákært fyrir ólögmæta sauðfjárslátrun:

Slátruðu nítján lömbum í sendibíl

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi hefur ákært tvo menn og eina konu fyrir ólögmæta sauðfjárslátrun.

Fólkinu er gefið að sök að hafa í sameiningu slátrað nítján lömbum í sendibíl og gámi aftan við hús í Stykkishólmi. Slátrunin fór fram í september á síðasta ári. Þrettán af lömbunum nítján voru í eigu annars mannsins en sex í eigu konunnar.

Samkvæmt gildandi löggjöf má eigandi lögbýlis slátra eigin búfé á lögbýlinu til eigin neyslu. Sala og dreifing á matvælum sem unnin eru á heimili eða í tengslum við heimili er bönnuð. **- jss**

SLÁTRUN Fólkið er ákært fyrir ólögmæta sauðfjárslátrun. Mynd úr safni.

HÉLT LÍFI Í FÖÐUR SÍNUM Magnea sýndi snarræði þegar faðir hennar fékk hjartaáfall í sumarbústað. Hér er hún með Tómasti föður sínum og Ernu Lilju, systurdóttur sinni, sem var viðstödd þegar atvikið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Skyndihjálparmaður ársins valinn í níunda skipti:

Bjargaði lífi föður síns með hjartahnoði

VERÐLAUN Rauði kross Íslands valdi Magneu Tómasdóttur sem Skyndihjálparmann ársins 2009, fyrir snarræði á neyðarstundu. Magnea tók við viðurkenningu Rauða krossins í Samhæfingarstöðinni í gær á hátíðardagskrá Neyðarlínunnar á 112-daginn.

Magnea bjargaði lífi föður síns, Tómasar Grétars Ólasonar, þegar hann fór í hjartastopp í sumarhúsi fjölskyldunnar á Hvalsnesi á Suðurnesjum. Magnea var þar ein ásamt honum, 18 mánaða gömlum syni sínum og 8 ára systurdóttur. Tómas var að hvíla sig eftir kvöldmatinn í stofunni þegar hann missti meðvitund. Magnea hringdi umsvifalaust í Neyðarlínuna og byrjaði strax hjartahnoð og blástur með símann á öxlinni og hélt því áfram allt þar til aðstoð barst frá Keflavík um sextán mínútum síðar. Sjúkraflutningamennirnir gáfu Tómasi tvö rafstuð og hjartað fór að slá aftur.

Þetta er í níunda sinn sem Rauði krossinn velur Skyndihjálparmann ársins. Viðurkenninguna hlýtur sá sem hefur á árinu veitt skyndihjálp á eftirtektarverðan hátt. Sérstök dómnefnd er kölluð til að skera úr um hver hlýtur viðurkenninguna en hana skipa fulltrúar frá Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Neyðarlínunni, Landspítala - háskólasjúkrahúsi, lögreglunni, og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. **- bs**

Þing Evrópusambandsins:

Felldi bankasamning við Bandaríkin

BRUSSEL, AP Evrópuþingið hafnaði með 378 atkvæðum gegn 196 samkomulagi við Bandaríkin, sem hefði veitt bandarískum stjórnvöldum heimild til þess að fá upplýsingar um færslur á reikningum í evrópskum bönkum.

Tilgangur samkomulagsins átti að vera sá, að Bandaríkin ættu auðveldara með að rannsaka starfsemi hryðjuverkamanna.

Jerzy Buzek, forseti Evrópuþingsins í Strassborg, segir þingið vilja betri tryggingar fyrir því að ekki verði brotið á réttindum borgaranna. Mannréttindi hafi of oft þurft að lúta í lægra haldi í nafni öryggismála. **- gb**

EVRÓPUÞINGIÐ Í STRASSBORG Neitar Bandaríkjamönnum um bankaupplýsingar. NORDICPHOTOS/AFP

Ali

BOLLUR á bolludaginn

Það er góð hugmynd að hafa kjötbollur á sjálfan bolludaginn.
Lausfrystu kjötbollurnar frá Ali eru eldaðar,
þarf aðeins að hita (í potti eða ofni) u.þ.b 15 mín og maturinn er til.
Einnig í boði frá Ali:
Lausfryst kjúklingasnitsel og **grísasnitsel með osti og reyktum skinkubitum**

Ali

Síld og fiskur ehf - Sími 555 4488

Kíktu í frystinn í næstu matvörubúð

TAKTIK / 3384

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

198
KR.PK

BÓNUS BOLLU-GLASSÚR 280G

98
KR.PK

EUROSHOPPER FROSIN HINDBER 500G
VARA HÆTTIR

198
KR.STK

E.S ÞEYTIRJÓMI 250ML
198 KR

1398
KR.KG

ÍSLANDSLAMB LAMBLÆRI
M.FERSKUM KRYDDJURTUM
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. *30% AFSLÁTTUR*

298
KR.PK

GÓÐKAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300G

259
KR.DS

BÓNUS RJÓMI 400 ML
12 ÞÚSUND. DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

159
KR.2LTR

EGILS KRISTALL MEXIKAN
LIME 2 LTR.

298
KR.PK

FERSKAR TILBÚNAR BÓNUS RJÓMABOLLUR 2 STK.

398
KR.PK

BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR 14 STK

259
KR.STK

KJARNASULTA ISLENSK 400G
BLÖNDUÐ, JARÐARBERJA OG BLÁBERJASULTA

198
KR.4STK

BÓNUS LANGLOKUR 4 STK

259
KR.4STK

BÓNUS KJALLARABOLLUR 4 STK M.OSTI

198
KR.STK

BÓNUS BRAUÐ 1 KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

Lambasaltkjötið frá Kjarnafæði

Frábært verð - *25% afsláttur af öllum tegundum*

KF SALTKJÖT BLANDAÐ
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

KF SALTKJÖT VALIÐ
MERKT VERÐ 1798 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

KF SALTKJÖT ÓDÝRT
MERKT VERÐ 498 KR.KG. ***25% AFSLÁTTUR***

K.A SALTKJÖT ÓDÝRT/LÖKUSTU BITARNIR
MERKT VERÐ 398 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR

KJARNAFÆÐI: BEIKONBITAR
MERKT VERÐ 998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR

N.F STEIKTAR FISKIBOLLUR

K.F NÝTT KJÖTFARS

GRÍSAVEISLU BEIKON Í SNEIÐUM

N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
598 KR PAKKINN

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

KJÖTBANKINN FERSKT NAUTAGÚLLAS
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

KJÖTBANKINN FERSK NAUTAPIPARSTEIK
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

KJÖTBANKINN FERSKT NAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR

N.V FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hrunið kallar á grundvallarbreytingar.

Nýtt fjármálakerfi

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Frumvarp um fjármálafyrirtæki er til afgreiðslu á Alþingi. Frumvarpið markar mikilvæg skref í átt að nýju fjármálakerfi sem nauðsyn er að byggja upp í stað þess sem hrundi.

Frumvarpið kveður á um skarpar reglur sem tryggja eiga góða stjórnun og vandaða viðskiptaháttu á fjármálamarkaði. Heimildir Fjármálaeftirlitsins verða auknar verulega. Reynt er að hindra að menn beri við bankaleynd gegn upplýsingaóskum eftirlitsstofnana. Ákvæði eru hert og skýrð um fjöldamörg atriði sem máli skipta. Meðal þess sem frumvarpið fjallar um eru lán til eigin stjórnarmanna, ótryggð lán eða lán með veikum veðum, áhættustig sem tengist einum og sama viðskiptamanni, mat á eignaraðilum og tilkynningafrestir. Sett verða nýstárleg ákvæði til að knýja fram upplýsingar um innbyrðis tengsl eigenda. Ábyrgð stjórnarmanna verður aukin verulega, og ákvæði eru um tilhögun endurskoðunar og innri endurskoðun.

Víða er nú rætt um þær grundvallarbreytingar sem óhjákvæmilegar verða í fjármálafyrirtækjum og á fjármálamörkuðum eftir atburði nýliðinna missera. Jafnvel Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri í Bandaríkjunum, hefur viðurkennt opinberlega að það sjálfræði sem einkenndi fjármálastarfsemi á síðustu árum getur ekki gengið og að fjármálamarkaðir rétta sig ekki alltaf sjálfir af án ytri aðstoðar. Í þessu felst að fjármálakerfinu er ekki treyst til að verja almenning og samfélögin gegn skelfilegum afleiðingum mistaka eða misferlis þeirra sem starfa á fjármálamörkuðum.

Fjöldamörg atriði koma til skoðunar í þessum umræðum. Erlendis er talað um að taka aftur upp verkaskiptingu banka svipaða því sem lengi tíðkaðist vestan hafs. Þá er bönkum skipt í mismunandi undirflokka og hverjum um sig bannað að stunda ólíkar greinar bankastarfsemi. Settur er vörður um innstæður almennings, meðal annars með því að bönkum sem varðveita þær er bannað að starfa jafnframt sem fjárfestingarbankar eða að taka verulega eigin viðskiptaáhættu.

Einnig er rætt um auknar heimildir eftirlitsstofnana og miklu nákvæmara og tímanlegra eftirlit heldur en verið hefur. Þótt reglur um bankaleynd kunni að haldast lítt breyttar út á við er ráð gert fyrir því að eftirlitsstofnanir verði betur undanþegnar þeim en verið hefur. Sérstök athygli beinist líka um þessar mundir að starfsháttum endurskoðenda, bæði að innri endurskoðun innan veggja fjármálafyrirtækjanna og ekki síður að sjálfstætt starfandi endurskoðendum.

Kröfur um eigið fé, lausafé og um samræmi í dreifingu skuldbindinga og inngreiðslna verða líklega auknar verulega. Sama á við um dreifingu áhættu, bæði á milli viðskiptamanna, einstakra innlána og útlána, svo og milli áhættuflokka og tímasetninga. Þessu til viðbótar eru víða kröfur uppi um bann við mjög flóknum og ógegnsæjum skjalaformum og viðskiptaformum en þess háttar viðskipti voru einmitt í tísku á undanförnum árum – með hörmulegum afleiðingum. Síðast en ekki síst er að nefna að rætt er um stóraukna beina og persónulega ábyrgð stjórnarmanna og stjórnenda fjármálafyrirtækjanna.

Fjölmiðlar eiga að fylgjast með þróun löggjafar á þessu sviði. Enginn efast lengur um að reglur fjármálakerfisins eru hagsmunamál almennings.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald
RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Suðað í Sóloni

Þær eru allrar athygli verðar, frásagnir Sólons Sigurðssonar, fyrrverandi bankastjóra Búnaðarbankans, af þeim óeðlilega þrýstingi sem hann segir Halldór Kristjánsson hafa beitt sig til að lána Björgólfsfeðgum fé til að kaupa Landsbankann. Sólon kveðst hafa neitað þessari umleitan í fyrstu en að lokum látið undan þrýstingnum. Og í hverju birtist þessi þrýstingur? Sólon tekur fram að Halldór hafi ekki nefnt nein nöfn úr pólitíkinni sem væri áfram um að bankinn lánaði Björgólfunum, eða neitt í þá áttina. Halldór hringdi bara í hann nokkra daga í röð og suðaði. Er nema von að Sólon hafi bognað.

Furðulegt útspil

Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur finnst grein Indriða H. Þorlákssonar í Fréttablaðinu á miðvikudag vera „furðulegt útspil“ og áttar sig ekki á hvers vegna hann dregur fram „þýðingarlaus plögg“. Því er til að svara að grein Indriða er svar við grein Kristrúnar Heimisdóttur, fyrrverandi aðstoðarmanns Ingibjargar, sem sakaði Indriða um að hafa klúðrað Icesave-samningunum. Ingibjörg hefur ekki sagt hvað henni fannst um það útspil, en átti hún ekki von á því að Indriði svaraði fyrir sig?

Um sköpun

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hélt ræðu á læsisráðstefnu Samtaka móðurmálskennara á dögunum. „Meginmarkmið læsis,“ sagði ráðherra, „er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“ Í stuttu máli: nemendur umskapi heiminn með því að skapa eigin merkingu á skapandi hátt. Þessa setningu mætti bæði umskapa og umskrifa.

bergsteinn@frettabladid.is

Litli-Steinn

PAWEL BARTOSZEK
Í DAG | Evrópumál

Frá tímum styrjaldanna hefur örríkið Liechtenstein grundvallað tilveru sína á afar góðu samstarfi við nágrannaríkið Sviss. Samstarf er kannski ekki rétta orðið. Frekar má segja að Sviss sé eins og stóri bróðir sem fer í ríkið fyrir litlu systur sína sem enn er í menntaskóla. Liechtensteinbúar nota þannig svissneska frankann, Sviss sér um landamæragæslu fyrir örríkið, gætir hagsmuna þess á alþjóðavettvangi og aðstoðar ríkisborgara þess erlendis. Allt þetta er gert á grundvelli tvíhliða samninga milli ríkjanna tveggja.

Tvíhliða er einhliða

Orðið „tvíhliða“ hefur þennan fallega jákvæða blæ sem auðvelt er að falla fyrir. Það að eitthvað, til dæmis samningur, sé tvíhliða hljómar nefnilega afskaplega vegið, sanngjarnt og jafnt. Tvíhliða samningur þýðir hins vegar ekkert annað en það að samningsaðilar séu tveir, en ekki endilega að framlögum og skyldum sé jafndreift á þeirra herðar, eða að þeir hljóti af samningunum svipaðan ávinning. Í austantjaldsríkjunum voru stundum sagðir brandarar um tvíhliða viðskiptasamninga við Sovétríkin. Þeir voru tvíhliða því leppríkin gáfu Sovétríkjunum hrávörur en Sovétríkin tóku við þeim.

Í alþjóðasamskiptum þýðir „tvíhliða“ nefnilega gjarnan bara „einhliða“. Liechtensteinbúar nota svissneska frankann og Svisslendingar leyfa þeim það. Sviss sér um landamæraeftirlit fyrir Liechtenstein og Liechtenstein lætur Sviss sjá um landamæraeftirlit fyrir sig. Sviss rekur utanríkisstefnu fyrir Liechtenstein og því síðarnefnda finnst það fínt. Svona eru nú hliðarnar tvær á þeim málum.

Utanríkisstefna sem hvarf

Um nokkurra áratuga skeið byggði íslensk utanríkisstefna einmitt á svokölluðum tvíhliða tengslum við Bandaríkin auk virkrar þátttöku í norrænu samstarfi. Nú er áhugi Bandaríkjanna á Íslandi horfinn og hin meintu tvíhliða tengsl þar með. Norðurlandaráð er síðan auðvitað ekki lengur sá vettvangur sem það eitt sinn var enda hefur það í raun fyrir löngu komið því til leiðar sem það ætlaði sér. Þungi pólitískrar orðræðu hefur færst annað.

Þegar þessir tveir máttarstólpar íslenskrar utanríkisstefnu hafa í raun horfið er ekki undarlegt að máttur hennar sé sá sem hann er. Það að stofnríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fái ekki afgreidd lán í kjölfar fordæmislauss hruns heils bankakerfis er, verður að segjast, algjör niðurlæging. Sama má segja um kosninguna til öryggisráðsins. Svo ekki sé nú minnst á algera einangrun Íslands í Icesave-deilunni. Staða Íslands á alþjóðavettvangi er veik.

Farþegar á norsku skipi?

Margir andstæðingar Evrópusambandsaðildar hafa látið sem stuðningsmenn aðildar vilji „loka sig inni í ESB“ í stað þess að líta víðar yfir völlinn og mynda bandalög yfir heiminn þveran og endilangan. Eins aðlaðandi og þannig hugmyndir kunna að hljóma þá er það til efs að þess háttar utanríkisstefna, sem í raun gengur út á að vera vinsælasti gaurinn í partíinu, sé raunsæ eða líkleg til árangurs fyrir smáríki á borð við Ísland. Leita verður raunhæfari og hnitmiðaðri lausna.

Valkostirnir í utanríkismálunum virðast helst vera tveir. Sá fyrri er að ganga í ríkjabandalag eins og Evrópusambandið. Sá síðari er að hengja sig á fá erlend ríki, þá helst Noreg og ef til vill Danmörku, og láta þau að mestu sjá um hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd. Þessu fylgdi að loka mætti flestum sendiráðum fyrir utan þessi lönd og hugsanlega Bandaríkin. Síðan væri hægt að taka upp norska krónu og útvíkka enn frekar það svokallaða samstarf sem þegar er hafið milli Landhelgisgæslunnar og norsku strandgæslunnar, og felur í raun í sér að Norðmenn aðstoða okkur við eftirlit með okkar eigin landhelgi.

Sömuleiðis mætti fylgjast grannt með norskri lagasetningu og sjá þannig til að á Íslandi og í Noregi giltu í raun sömu lög, með einstaka sérúrræðum fyrir Ísland þar sem þeirra væri þörf.

Slík lausn þarf að sjálfsögðu ekki að þýða hörmungar fyrir íslenska þjóð. Lífsskilyrði í Liechtenstein og Mónakó eru með þeim bestu í heiminum. Kjósi Ísland að gerast örríki í stað smáríkis getur það því engu síður viðhaldið háum lífsgæðum. En er fullveldið í slíku handriti eitthvað annað en tálsýn, eða í besta falli formlegheit? Þarf ekki fremur undarlega heimssýn til að komast að þeirri niðurstöðu að Mónakó sé fullvalda en ekki Frakkland, vegna þess að síðara ríkið er í Evrópusambandinu?

Trú á tækifæri í stað ágjafar

UMRÆÐAN
Andri Heiðar Kristinsson skrifar um íslenskt viðskiptalíf

ANDRI HEIÐAR KRISTINSSON

Íslenskt viðskiptalíf stendur á tímamótum og er öllum ljóst að mikil uppbygging og endurnýjun er fram undan næstu árin. Þetta á jafnt við í stórum sem smáum fyrirtækjum, nýjum sem gömlum. Undanfarin ár hefur að mínu mati myndast ójafnvægi á milli stærri fyrirtækja og þeirra sem minni eru þrátt fyrir að um 90% fyrirtækja á Íslandi séu skilgreind í hópi þeirra síðarnefndu samkvæmt nýlegri úttekt Viðskiptaráðs. Jafnframt hefur myndast ákveðið ójafnvægi á milli atvinnugeira og fjölbreytni hefur verið ábótavant. Á þessu þarf að taka í þeirri uppbyggingu sem fram undan er – en þó er afar mikilvægt að það verði gert án þess að hygla sérstaklega ákveðnum tegundum fyrirtækja eða atvinnugreinum með of flóknu regluverki og sértækum úrræðum.

Ég tel að í þessu samhengi þurfi að hlúa að nýsköpun í litlum sem stórum fyrirtækjum, en það verði best gert á viðskiptalegum forsendum. Þetta er sérlega mikilvægt að hafa hugfast einmitt núna enda kennir sagan okkur að á tímum efnahagsþrenginga skapast jafnan ný tækifæri og hafa mörg af þekktustu fyrirtækjum heims verið stofnuð á slíkum tímum. Hér þarf því að skapa umgjörð og fyrirtækjamenningu sem byggir á viðskiptalegum forsendum, öflugu fólki og trú þess á að skapa og nýta eigin tækifæri. Hér vaxi ekki úr grasi fyrirtæki sem treysta um of á ágjöf og íhlutun hins opinbera. Vissulega hefur hið opinbera þó mikilvægu hlutverki að gegna í því að setja skýrar, gegnsæjar og réttlátar leikreglur. Stuðningur við nýsköpun þarf hins vegar að byggja á jöfnu samkeppnisumhverfi og grundvallast af einföldu og hvetjandi lagaumhverfi sem og lítilli yfirbyggingu hins opinbera stuðningsumhverfis en ekki sérsniðnum aðgerðum fyrir lítinn hóp nýsköpunarfyrirtækja.

Það er mín framtíðarsýn að á Íslandi sé nauðsynlegt að halda ákveðnum grunngildum viðskiptalífsins á lofti sem grundvallast áfram af heilbrigðri samkeppni, frjálsum en ábyrgum markaði og takmörkuðum afskiptum hins opinbera. Þessu má ekki gleyma í því umróti sem nú á sér stað. Á sama tíma er það afar mikilvægt að hugsa ákveðna þætti á nýjan hátt, skoða hver hin raunverulegu grunngildi viðskiptalífsins eru og horfa á fyrirtæki landsins sem mikilvægan hlekk og fyrirmynd í því að skapa ábyrgt og sjálfbært samfélag.

Höfundur er framkvæmdastjóri Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

KÆRLEIKSVIKA verður í Mosfellsbæ í næstu viku. Hún hefst á Valentínusardag á sunnudag og lýkur á konudeginum 21. febrúar. Markmið vikunnar er að hver bæjarbúi finni fyrir kærleika í sinn garð og gefi af sér kærleik. Þetta gæti falist í hrósi, faðmlagi eða brosi.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Allt í steik

9. janúar - 28. febrúar

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURSBLEIKJA
2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRÉTTA

FISKUR DAGSINS (4.990 kr.)
3 BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI (5.590 kr.)
RIB EYE (6.590 kr.)
NAUTALUND (7.590 kr.)

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ

Food & Fun 24. - 28. febrúar

Til Perlunnar kemur ástralinn **Glen Ballis** sem hefur unnið á *Banyan Tree* og *Shangri-la* hótelunum á Tælandi ásamt því að vinna í Shanghai, Malasíu og Indónesíu. Hann hefur einnig stjórnað veitingahúsum Harrods í London. Í dag er Glenn matreiðslumeistari rússneska veitingahússins *Nedal'nij Vostok*. Matseðlinum lýsir hann sem ferskum, léttum, með nýrri upplifun í lykt, bragði og áferð.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ebba Guðný segir réttinn hrikalega góðan og vonast til að sem flestir prófi hann.

Fljótlegt bolognese sem allir á heimilinu elska

Ebba Guðný Guðmundsdóttir, höfundur matreiðslubókarinnar Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða, eldar fljótlegt og gott spagettí bolognese einu sinni í viku að jafnaði.

„Þetta er upphaflega pönnunautahakksréttur frá mömmu minni og tengdamóður, sem áttu sömu uppskriftina, sem var þá með nautahakki og rjómaosti. Ég borða núorðið sjaldan kjöt og nota mjólkurvörur sparlega þar sem þær eru þungar í minn maga og breytti honum því á þessa leið. Þessi réttur er í matinn um það bil einu sinni í viku á mínu heimili," segir Ebba Guðný Guðmundsdóttir, höfundur matreiðslubókarinnar Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?, en þessi uppskrift að spagettí bolognese er einmitt úr þeirri bók.

Ebba segir réttinn sérlega fljótlegan og allt annað en flókinn eða erfiðan. „Hann er hrikalega góður og ég vona að sem flestir prófi hann. Baunir eru þurrmatur sem maður getur átt inni á skáp til að vippa fram og nota þegar manni hentar. Þær eru enn fremur ódýrar og afar próteinríkar og koma því í staðinn fyrir kjöt í mat. Bragðið af brúnu linsunum líkist eilítið kjöti. Það er líka hægt að nota þær í kjötsúpu og minnka kjötmagnið," segir Ebba.

kjartan@frettabladid.is

BOLOGNESE SEM ALLIR ELSKA, ALVEG SATT!

með spagettíi og salati **FYRIR 4**

2 msk. kaldpressuð kókosolía/ólívuolía
1 stór laukur, skorinn fremur smátt eða 2 meðalstórir. Má nota einn gulan og einn rauðan.
3 hvítlauksrif, pressuð eða skorin smátt.
2 lárviðarlauf
2 tsk. oregano
2 tsk. basil
1 tsk. sjávarsalt
1 lítil sæt kartafla eða 3 gulrætur
100 g litlar brúnar linsur (þessar litlu sem þarf aðeins að sjóða í 20 mínútur)
1 dós tómatar eða 1 glerkrukka (ca. 500 g) maukaðir tómatar
1 dós kókosmjólk
3 msk. tómatpuré
1 msg- og gerlaus grænmetisteningur

Meðlæti
Speltspaghettí
Salat

Laukur, hvítlaukur, lárviðarlauf, oregano, basil, sjávarsalt og hvítur pipar steikt í olíunni við lágan hita í 5-10 mínútur. Á meðan er sæta kartaflan þvegin, afhýdd og skorin í bita. Henni skellt á pönnuna og látin malla í um 1 mínútu. Linsurnar vigtaðar, skolaðar í sigti og settar út í. Þá er tómötunum, kókosmjólkinni, tómatmaukinu og teningnum skellt út í. Allt látið sjóða í um 30 mínútur.

Þegar aðeins 10 mínútur eru þangað til rétturinn er tilbúinn er spaghettíið soðið eftir leiðbeiningum í vatni með smá olíu. Borið fram með salati.

;ALLT HEILSA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

RÓMANTÍK

VALENTÍNUSARDAGURINN er á sunnudaginn. Þó ekki sé hefð fyrir því á Íslandi að halda mikið upp á þann dag er ekki úr vegi að pör geri sér glaðan dag, eldi góðan mat og skáli fyrir lífinu.

Lengi er hægt að ylja sér við góðar minningar.

Skerpt á ástinni

RÓMANTÍK GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA.

Valentínusardaginn má nýta til að skerpa á rómantíkinni þótt best af öllu sé að reyna að viðhalda henni allt árið. Hér eru nokkrar tillögur um hvernig megi vekja sofandi sjarmör eða draumadís til lífs á ný:

1. Segið ástin mín eða elskan mín eins oft og þið komið því við og hættið að kalla hvort annað mömmu eða pabba. Notið skírnarnöfn.
2. Segið frá því hvað þið elskið í fari hins. Talið um hvað það var sem heillaði ykkur í tilhugalífinu en síður um hversu duglegur elskhuginn sé að fara út með ruslið eða að kaupa inn.
3. Staldrið við í amstri dagsins og horfist í augu.
4. Gefið ykkur tíma til að gera hluti fyrir hvort annað. Leggið lykkju á leið ykkar til að kaupa eitthvað sem makann langar í eða finnst sérstaklega gott og komið honum á óvart.
5. Kaupið táknrænar gjafir sem merkja eitthvað fyrir ykkur bæði.
6. Farið á stefnumót og leggið alveg jafn mikið upp úr útlitinu og þið voruð vön að gera í tilhugalífinu. *- ve*

Hótel Saga er allan ársins hring með tilboðið „Rómantísk saga“.

Hótel Borg er eitt þeirra hótela sem býður upp á rómantískt þema.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hótelrómantík í bænum

Mörg hótel hér í bæ bjóða upp á rómantískan gistipakka þessa helgi í tilefni Valentínusardagsins á sunnudag. Rauð rós, lifandi tónlist og aðgangur að heilsulindum fylgja sumum pökkunum.

Grand Hótel er eitt þeirra hótela sem býður upp á sérstök rómantísk tilboð í mat og gistingu í febrúar en tilboðið er í gangi til 21. febrúar, á föstudags- og laugardagskvöldum. Fyrir pör verður í boði gisting í „executive“ glæsiherbergi í turni hótelsins og í boði er þriggja rétta máltíð þar sem Reynir Sigurðsson sér um lifandi tónlist. Þá bíður óvæntur glaðningur á herberginu og morgunverður er innifalinn.

Á Hilton Reykjavík Nordica er Valentínusartilboð í gangi sem gildir aðeins þessa helgi en í pakkanum er meðal annars innifalinn þriggja rétta kvöldverður á VOX Bistro, morgunverður inn á herbergið og freyðivín og súkkulaði við komu á hótelið. Auk þess er frír aðgangur í Nordica Spa.

CenterHotel Arnarhvoli er á rómantísku nótunum allan ársins hring og hægt er að panta þar sérstakan rómantískan pakka. Tekið er á móti gestum með rós og handunnu súkkulaði og boðið er upp á aðgang að heilsulindinni; tyrknesu baði, potti og gufu. Um kvöldið fá gestir þriggja rétta óvæntan kvöldverð.

Á Hótel Borg og Hótel Sögu er líka hægt að fá rómantíska gistipakka með mat en Borgin býður meðal annars upp á freyðivín við komu, ávaxtakörfu á herbergið og máltíð á veitingastaðnum Silfri. Hótel Saga er þá með þemað „Rómantísk saga“ en í pakkanum er þriggja rétta máltíð á Grillinu innifalin, morgunverður á herbergi og rómantísk gjöf.

Súkkulaði og freyðvín bíður gesta við komu á Hilton Reykjavík Nordica þessa helgi.

juliam@frettabladid.is

Valentínusartilboð
á dömu og herra nærfatnaði
20% afsláttur frá föstudegi–sunnudags

JOE BOXER®
KRINGLAN – SMÁRALIND
S. 533 2009 S. 544 2006

Feðgarnir Eiríkur Ingi Friðgeirsson hótelstjóri og Friðgeir Ingi Eiríksson yfirkokkur endurvekja stemninguna frá árdögum Hótels Holts.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Réttirnir rifjaðir upp

Hótel Holt hefur starfað í 45 ár á þessu ári. Af því tilefni verður boðið upp á afmælismatseðil með vinsælustu réttum veitingastaðarins frá upphafi og andrúmsloft liðinna ára endurvakið.

Hótel Holt á afmæli í dag en það var opnað 12. febrúar árið 1965. Í tilefni tímamótanna gefst sælkerum tækifæri til að bragða á vinsælustu réttum Hótels Holts frá upphafi.

„Við settum saman matseðil með þeim réttum sem hafa notið mestrar virðingar og vinsælda gegnum árin bæði af matreiðslumönnunum og gestum," útskýrir Eiríkur Ingi Friðgeirsson hótelstjóri en á matseðlinum er meðal annars að finna graflax með hunangs- og sinnepsósu sem hefur verið söluhæsti forrétturinn frá upphafi.

„Ristaður humar í skel hefur líka verið nánast frá opnun hjá okkur. Lambahryggurinn kemur seinna inn en hann var til dæmis vinsælasti rétturinn í kringum árið 1986. Þótt við séum að breyta seðlinum alltaf öðru hvoru eru þarna réttir sem við hróflum ekki við. Það yrði of mikill söknuður að þeim."

Einungis tíu yfirkokkar hafa stjórnað eldhúsinu á Hótel Holti frá opnun þess. Eiríkur var sjálfur einn þeirra áður en hann tók við stjórn hótelsins en samtals hefur hann unnið á Hótel Holti í 23 ár. Nú hefur sonur hans, Friðgeir Ingi Eiríksson, tekið við stjórninni í eldhúsinu.

„Við feðgarnir rekum hótelið með sömu áherslum og þeir feðgar, Þorvaldur Guðmundsson, sem byggði Hótel Holt, og Skúli Þorvaldsson, sonur hans, en af honum lærði ég allt um hótelstjórn. Hótel Holt hefur í 45 ár verið flaggskip bæði í hótel- og veitingarekstri hér í borginni og við höldum uppi þeim merkjum. Við notum innlent hráefni í matreiðsluna en Friðgeir lagði strax þá línu þegar hann tók við árið 2007. Hann matreiðir svo með sínu sniði en hann er einn virkasti yfirkokkurinn í Reykjavík í dag sem stundar franska matargerð," segir Eiríkur.

Veitingasalur Hótels Holts er opinn alla daga vikunnar milli klukkan 12 og 14.30 og kukkan 18 til 22.30. Afmælismatseðillinn hljóðar upp á humarsúpu eða graflax með hunangs-sinnepssósu, ristaða humarhala í skel, lambahrygg, steiktan í hvítlaukssafa með sveppaturni og crépes suzette eða vanuilluís með ferskum ávöxtum og súkkulaðisósu. Herlegheitin kosta 5.900 krónur sunnudaga til fimmtudaga og 7.500 krónur föstudaga og laugardaga.

heida@frettabladid.is

Rauðar rósir þýða ást, fegurð, virðing og hugrekki. Bleikar rósir þýða hamingja, þokki og blíða. Dökkbleikar rósir þýða þakklæti. Ljósbleikar rósir þýða aðdáun eða samúð. Gular rósir þýða vinátta, gleði, afbrýðisemi, tilhlökkun. Hvítar rósir þýða sakleysi og hreinleiki. Stök rós þýðir einfaldleiki eða ástartákn. Marglita rósavöndur segir „þú ert mér allt". Rós án þyrna þýðir svo ást við fyrstu sýn.

heimild:www.byflugan.is

Kjólar og korselett frá 4.993,- til 9.993.-kr

www.adamogeva.is
Kleppsvegur 150 - Sími 517-1773
Hverfisgata 82/Vitast. - Sími 511-6966
Selfoss : Austurvegur 3 - Sími 517-1133
Akureyri : Sunnuhlíð 12 - Sími 461-3031

:ALLT HEILSA
Þriðjudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HOTEL HVOLSVOLLUR OG BRUEN "TRAVEL IN LIFE"

Höldum hátíðlega uppá **Valentínus**

Laugardaginn 13. febrúar

Þú býður makanum og við bjóðum þér
Glæsileg og rómantísk helgi
Gisting, 3 rétta kvöldverður,
Dinnertónlist, dans og morgunverður.
Kr. 14.700.- fyrir ykkur bæði.

B.T.M.

Breytingar, Tækifæri og Markmið fyrir einhleypa!

Námskeið og löng helgi fyrir einhleypa menn og konur á Hótel Hvolsvelli dagana 26.-28. febrúar 2010.

Tilvalið tækifæri fyrir þig sem vilt skoða stöðu þína í lífinu, kynnast nýju fólki og ert tilbúin/n að upplifa nýjar hliðar lífsins, og upplifa öðruvísi og spennandi helgi. Námskeið í NLP- samskiptatækni og markþjálfun í eigin lífi, ásamt nýju markmiðsplani fyrir framtíðina með heim...

Verð: 42.000 kr. á mann.
Innifalið: Gisting, fullt fæði, ball, óvæntar uppákomur, námskeið og námskeiðsgögn. Fræðslan verður sniðin fyrir einhleypa og er ætlunin m.a. að skoða hvernig óvæntar breytingar geta haft áhrif á líf okkar og hvernig við og umhverfið bregðumst við.

Námsefnið byggir á grundvallarkenningum NLP-samskiptafræðinnar og coaching og kennir okkur hvernig hægt er á einfaldan hátt að setja sér raunhæf markmið og breyta lífsstefnunni í þá átt sem við óskum. Við munum skoða og vinna með: **"verðgildi, lífshjólið og markplan"**.

Einnig verður í vín-smökkun og kennsla **"mannasiðum"** með meiru...

Leiðbeinandi verður Hrefna Birgitta Bjarnadóttir, NLP- kennari, coach/markþjálfi og meðhöndlari. Hún hefur yfir 25 ára reynslu í sínu fagi og hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi og í Noregi. Síðastliðið ár hefur hún verið ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun og haft umsjón með BTM/ námskeiðum og vinnuklúbbi.

„Það er ekki hvað þú upplifir, heldur hvernig þú upplifir það."

Hrefna Birgitta Bjarnadóttir, NLP-kennari / coach.

ATH: Hægt er að sækja um styrk fyrir námskeiðið hjá Stéttarfélagi þínu.

HEIMAMARKAÐUR verður að venju í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði á morgun frá klukkan 13 til 16. Þar eru til sölu matvörur úr Ríki Vatnajökuls. www.visitvatnajokull.is

Vadim mun flytja musett- og djasstónlist í Listasafni ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Franskir tónar fluttir á Listasafni ASÍ

Á SAFNANÓTT MUN TRÍÓ VADIMS FYODOROV LEIKA FRANSKA MUSETT- OG DJASSTÓNLIST Í HEFÐBUNDINNI FRANSKRI HLJÓMSVEIT

„Í Rússlandi er mikil tónlistarhefð og þar er til dæmis skylda að læra á píanó," segir harmonikkuleikarinn Vadim Fyodorov sem flutti hingað til lands fyrir um áratug og hefur verið mikill fengur fyrir íslenskt tónlistarlíf. „Ég byrjaði að læra á harmonikku í Pétursborg sex ára en ég er fæddur árið 1969 í Pétursborg. Ég stundaði síðan framhaldsnám í Rússlandi og Þýskalandi."

Vadim segir Íslendinga hrifna af harmonikunni. „Ég hef síðustu ár bæði verið að leika alþýðutónlist auk frönsku musett- og djasstónlistarinnar og eins argentískan tangó eftir Astor Piazzolla en landinn er líka mjög hrifinn af þeim dansi."

Á safnanótt mun Tríó Vadims Fyodorov leika franska musett- og djasstónlist í hefðbundinni franskri hljómsveit en þá spila meðlimir á harmónikku, kontrabassa og gítar. Auk Vadims skipa hljómsveitina Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Tríó Vadims heldur tvenna tónleika í kvöld í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 21, klukkan 20.30 og 22. *- uhj*

VAR AÐ SMELLA INN TIL OKKAR



teg. Cesaria - glæsilegur push up BH í BCD skálum á **kr. 6.885,-**

teg Cesaria - ekki minni glæsilegur fyrir stærri barminn í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 6.885,-**

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Safnanæturstrætó gengur á milli safna í kvöld og auðveldar gestum safnanætur að heimsækja þau fjölmörgu söfn sem standa opin. Ferðirnar eru ókeypis og er boðið upp á fjórar mismunandi leiðir. Tveir strætisvagnar fara ólíka hringi í Reykjavík, einn fer að Gljúfrasteini og einn í Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

www.safnanott.is

Þórður Guðmundsson er heiðursbliki og byrjaði að æfa frjálsíþróttir með Breiðablik árið 1962. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breiðablik var snemma samnefnari í bænum

Íþróttafélagið Breiðablik er sextíu ára í dag og heldur upp á afmælið með ýmsu móti um helgina. Þórður Guðmundsson hefur verið viðloðandi félagið hátt í fimmtíu ár og segir margt hafa breyst á þeim tíma.

„Þegar ég byrjaði að æfa frjálsar íþróttir með Breiðabliki höfðum við ekki merkilega aðstöðu til að æfa. Við nýttum göturnar en þeir sem voru áhugasamastir tóku strætó út á Melavöll," segir Þórður St. Guðmundsson heiðursbliki sem byrjaði að æfa með félaginu árið 1962. Innanhússaðstaðan í Kópavogi var döpur framan af að sögn hans. „Við nýttum lítið íþróttahús við Kópavogsskóla til þrekæfinga yfir veturinn og svo fengum við að æfa í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi," segir hann. Þrátt fyrir lélega aðstöðu var þó mikill samhugur meðal félagsmanna. „Breiðablik var snemma mikill samnefnari í bænum og finnst mér það vera enn," segir Þórður sem sigraði tvisvar í 1500 metra hlaupi á landsmóti UMFÍ, fyrst 1965 og síðar 1968.

Þórður segir miklar breytingar hafa orðið á æfingaaðstöðu í Kópavogi með tilkomu Kópavogshallarinnar um miðjan áttunda áratuginn. „Síðan bættist við íþróttahúsið í Digranesi og svo var auðvitað stórkostleg framför að fá fjölnotaíþróttahúsin í Fífunni og Kórnum sem gera það að verkum að hægt er að æfa allan ársins hring," segir hann.

Þórður hefur verið viðloðandi félagið alla tíð, setið í stjórnum og ráðum. „Það hefur aldrei rofnað strengurinn," segir hann glaðlega enda mun hann ekki láta sig vanta á afmælisfagnað félagsins um helgina.

Hátíðin verður sett í Smáralind í dag klukkan 18 en þá verður opnuð sögusýning þar sem kynntir verða helstu afreksmenn félagsins og sýndir verðlaunagripir og myndir. Ungum iðkendum Breiðabliks verður gert hátt undir höfði. Í kvöld verða haldnir unglingadansleikir í Smáranum þar sem unga fólkinu er boðið á diskótek og skemmtun.

Á morgun verður hátíð fyrir alla fjölskylduna í Smáralind. Formleg dagskrá hefst klukkan 12.30 en þá mætir íþróttaálfurinn og skemmtir unga fólkinu. Ingó Veðurguð stígur á svið og síðan munu allar deildir sem starfa innan Breiðabliks, allt frá frjálsíþróttadeild til karatedeildar, kynna starf sitt. Ýmsar skemmtilegar uppákomur verða í boði, til að mynda verður reynt við nýtt Íslandsmet í kraftlyftingum. Annað kvöld verður síðan haldin mikil afmælishátíð í Smáranum.

Afmælisfögnuðurinn heldur áfram fram eftir ári og ýmsar uppákomur eru fyrirhugaðar í tengslum við íþróttaviðburði á vegum Breiðabliks í sumar. Þá stendur til að halda mikla íþróttahátíð við Smárann með þátttöku allra deilda félagsins.

solveig@frettabladid.is

Sinfónían flytur Carminu

Þrjú vel þekkt verk verða flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói í kvöld. Þetta eru Carmina Burana, Boléro og Dansar Polovetsíu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur í kvöld í Háskólabíói hið klassíska og sívinsæla verk Carmina Burana eftir Carl Orff.

Fá verk frá tuttugustu öld hafa notið jafn mikilla vinsælda og Carmina Burana. Nafnið kemur úr handriti sem hefur að geyma trúar-, ástar- og drykkjusöngva frá 12. og 13. öld. Orff samdi verkið árið 1936 og það hefur haldið nafni hans á lofti æ síðan.

Í upphafskaflanum, O Fortuna, er sungið um gæfuhjólið sem snýst í sífellu og breytir stöðu manna á örskotsstundu. Tónlistin er vel þekkt, jafnvel meðal þeirra sem lítið leggja upp úr klassískri tónlist, enda hefur hún hljómað í kvikmyndum, auglýsingum og tölvuleikjum svo fátt eitt sé nefnt.

Einnig verða á dagskrá verkin Bolero eftir Maurice Ravel og

Rumon Gamba stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum í kvöld. Þeir hefjast klukkan 19.30 í Háskólabíói.

Dansar frá Polovetsíu eftir Alexander Borodin.

Dansar Borodins eru dæmi um verk sem allir þekkja þótt þeir geti ekki nefnt verkið eða höfundinn. Bolero eftir Ravel er einnig sívinsælt hljómsveitarverk sem er dæmi um hvernig hægt er að nota öll hljóðfæri hljómsveitarinnar á sérlega hugvitssamlegan hátt.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30. Stjórnandi sinfóníunnar í kvöld er Rumon Gamba. Einsöngvarar eru Hallveig Rúnarsdóttir, Mark Tucker og Jón Svavar Jósefsson. Óperukórinn undir stjórn Garðars Cortes syngur.

Verðhrun
60-80% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 12. febrúar 2010

VIÐ ERUM GOTT PAR

ÞORBJÖRG MARÍNÓSDÓTTIR OG RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR STJÓRNA DJÚPU LAUGINNI Í KVÖLD

+ EMMANUELLE SEIGNER GEFUR ÚT PLÖTU + FULLKOMINN FÖSTUDAGUR HREFNU SÆTRAN + ALEXANDERS MCQUEEN MINNST

núna

nýtt og spennandi

VIKTORÍA HERMANNSDÓTTIR NEMI

Ég vakna með gleði í hjarta á föstudegi og skelli mér í vinnuna í Gyllta kettinum þar sem allt er fullt af nýjum fallegum vörum. Á laugardeginum er afmælispartí hjá bestu ömmu í heimi.

McQueen minnst

Harpa Einarsdóttir

Íslenskir fatahönnuðir og tískuhönnuðir virðast jafn felmtri slegnir yfir sviplegu fráfalli Alexanders McQueen og aðrir tískuspekúlantar enda um mikinn missi að ræða. McQueen var talinn einn helsti driffkraftur og hugsuður tískuheimsins í dag og var frægur fyrir stórfenglega og djarfa sköpun á ári hverju. Meðal þeirra sem lýstu yfir sorg á Facebook yfir dauða hans eru Harpa Einarsdóttir, Arndís Ey, Ásta Kristjánsdóttir, Ragnheiður Axel, Ása Ottesen, Eygló Margrét Lárusdóttir og Elísabet Alma Svendsen.

Ást í GK

Verslunin GK á Laugavegi er í rómantísku skapi vegna Valentínusardags um helgina. Eintök af rómantískustu bókum landsins, nánar tiltekið frá Rauðu seríunni, fylgja öllum kaupum þá dagana en ný heimasíða bókanna var einmitt að fara í loftið, www.raudaserian.is.

Kærleikar í borginni

Og meira um kærleik og ást. Hátíðin KÆRLEIKAR er haldin í kvöld og hefst kl. 18 á Austurvelli. Hátíðin er með Bergljótu Arnalds í forsvari og er haldin til að skapa samkennd og veita hvatningu og styrk. Í ár mun Páll Óskar taka lagið „Söngur um lífið“ og björgunarsveitarmenn sem voru á Haítí halda tölu.

Bergljót Arnalds

Hönnuðir, myndlistarmenn og aðrar smekkkonur halda markað um helgina:

FLÓAMARKAÐUR FYRIR FAGURKERA

Hópur hönnuða, listamanna, leikara og annarra smekklegra kvenna tekur sig saman og verður með flóamarkað á laugardaginn. „Við erum tíu saman og ætlum að selja gömlu fötin okkar, gull úr geymslunum frá ömmum okkar og ýmsar aðrar gersemar,“ segir Adda Rúna Valdimarsdóttir, ein skipuleggjenda markaðarins.

Sami hópur efndi til flóamarkaðar á sama stað síðastliðið haust og þar gerðu margir góð kaup. Í þetta sinn verður eftir enn þá meiru að falast, því nú verður meðal annars búslóð til sölu eins og hún leggur sig, heilu ömmugeymslurnar hafa verið hreinsaðar og kjólar sem hafa hangið of lengi óhreyfðir inni í skáp miskunnarlaust látnir fjúka með.

Bútasaumsveggteppi, austurlenskt glingur, bækur, gömul föt og ný, barnaföt og -dót, töskur og fleira er meðal þess sem hægt verður að næla sér í.

Þá ætla nokkrir hönnuðanna að selja sína eigin hönnun. Þeirra á meðal eru Ríkey Kristjánsdóttir búningahönnuður sem verður með hálsskart til sölu, bæði strokka og hálsmen, sem hún hannar sjálf. Sólbjörg Hlöðversdóttir þrykkjari verður með þrykk og skartgripi eftir sig og Adda Rúna Valdimarsdóttir verður meðal annars með sínar fallegu krummamyndir.

Meðal annarra sem leggja til gersemar og skran eru leikkonurnar Ester Talía Casey og Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

Þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með öðrum gera góð kaup eða vilja slappa af á milli þess sem þeir dýfa sér í dótið geta svo keypt sér kaffi og með því, en kaffiaðstöðu verður komið fyrir í miðju húsnæðisins. Flóamarkaðurinn opnar klukkan 11 á laugardaginn og lokar klukkan 17. Hann er að finna í Bygggörðum 5, gömlu iðnaðarhúsnæði nærri Gróttuvita.

- hhs

Markaðskonur Þær Sólbjörg, Ríkey og Adda Rúna eru á meðal tíu kvenna sem bjóða falt allt milli himins og jarðar á morgun.

ÚTSALA ÚTSALA

Frábært verð á öllum mótorsportvörum

ÚTIVIST & SPORT
GARÐABÆ
mán.-lau. kl. 10-20, sun. 12-20

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Eiginkona Polanskis gefur út plötu

Þokkadísin Emmanuelle Seigner er þekkt leikkona og skvísa í tískukreðsum Parísarborgar. Henni skaut fyrst upp á stjörnuhiminninn þegar hún lék á móti Harrison Ford í kvikmyndinni Frantic sem eiginmaður hennar, Roman Polanski, leikstýrði. Hún átti líka minnisstæðan leik í „Bitter Moon“ þar sem hún lék á móti Hugh Grant og hefur meðal annars leikið hlutverk í myndinni Détéctive eftir Jean-Luc Godard. Emmanuelle, sem hóf feril sinn sem fyrirsæta, er nú að gefa út sína fyrstu plötu, Dingue. Það er söngkonan Keren Ann sem semur meirihluta laganna en hún er Íslendingum að góðu kunn vegna samstarfs síns við Barða Jóhannsson undir nafninu Lady and Bird. Platan, sem kom út í fyrradag, er hugljúf og heillandi á afskaplega franskan máta og Emmanuelle syngur með látlausri og sjarmerandi röddu að hætti Jane Birkin. Þess má geta að í einu laganna, „La dérniere pluie“, syngur hún dúó með rokkgoðinu Iggy Pop. Fólk verður svo að meta það sjálft hvort Iggy á frönsku er hræðilegur eða yndislegur. - amb

Skutla og söngfugl Emmanuelle Seigner gefur út plötuna „Dingue“ sem þýðir galin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

augnablikið

YNDISFRÍÐ Fyrirsætan Natalia Vodianova var gestur á sýningu Givenchy á tískuvikunni í París nýverið. Hún er gift og nýorðin mamma og sést því minna á sýningarpöllunum fyrir vikið.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Hilludagar

20% af fyrstu hillu*
40% af næstu hillu**

Komdu og raðaðu saman hillum eftir þínum þörfum

Afsláttur reiknast á kassa
* Dýrari hillan
** Ódýrari hillan

12.990,-

19.900,-

29.900,-

29.900,-

7.990,-

19.900,-

8.990,-

Tvær hillur saman
8.990,-

14.900-

24.900,-

3.490,-

3.490,-

Púðar

Glæsilegt úrval af litríkum púðum

2.990,-

1.990,-

3.490,-

3.490,-

6.990,-

the PIER

kemur stöðugt á óvart ...

FOR YOUR HOME

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / simi: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavik / simi: 522 7870

VIÐ SAMAN ERUM GOTT PAR

Það eru tíu ár og ólík reynsla á milli *Ragnhildar Magnúsdóttur og Þorbjargar Magnúsdóttur* sem eru nýjar þáttastýrur Djúpu laugarinnar á Skjá einum sem hefur göngu sína í kvöld í beinni útsendingu.

Viðtal: **Anna Margrét Björnsson**
Ljósmyndir: **Valgarður Gíslason**

Þegar Skjár einn hélt upp á tíu ára afmæli sitt var fólk spurt hvaða þáttur hefði verið vinsælastur á skjánum í sögu hans. Útkoman úr þessari könnun var að Djúpa laugin varð hlutskörpust," útskýrir Ragnhildur Magnúsdóttir, dagskrárgerðar- og kvikmyndagerðarmaður sem var ráðin nýr þáttastjórnandi Djúpu laugarinnar ásamt blaðamanninum Þorbjörgu Magnúsdóttur sem einnig er vinsæll bloggari á Dv.is. „Við vorum prufaðar í þáttinn ásamt fullt af öðru fólki og vorum ráðnar inn hvor í sínu lagi. Það kom okkur því skemmtilega á óvart þegar við fórum á fyrsta fundinn og hittumst því ég kannaðist við Tobbu og hafði fengið hana í útvarpsviðtal til mín. Ég varð pínu skotin í henni af því hún er svo hressandi og skemmtileg." Tobba tekur undir þetta. „Ég æpti bara þegar ég sá hana, nei, ert þetta þú!" segir hún og hlær. En hefur ekki og mun ekki alltaf verða erfitt að vera með svona stefnumótaþátt á Íslandi þar sem allir þekkja alla? „Þetta er vissulega ákveðin áskorun," útskýrir Ragga sem bætir við að það verði að sjálfsögðu að passa að fyrrverandi kærasti eða frænka komi ekki saman í þætti. Mikil aðsókn hefur verið í þáttinn og greinilegt að feimni landans við að koma fram í raunveruleikasjónvarpi er lítil.

„Ég myndi skrá mig í Djúpu laugina ef ég hefði haft tækifæri til," segir Tobba. „Hverju hefur maður að tapa? Mér finnst sorglegra að fólk hangi blindfullt niðri í bæ í leit að ástinni. Ég er búin að vera í átaki sjálf síðan í janúar og er ekkert búin að fara á djammið. Þetta hefur þýtt að ég hef ekki kysst ókunnugan karlmann í meira en mánuð! Það gerist nefnilega oftast ekki neitt hér á landi nema þú farir út að djamma, fólk er svo lokað og kannski ekki endilega að kynnast nýju fólki í gegnum vinahópinn eða vinnuna. Þess vegna er Djúpa laugin kjörin til þess að kynnast nýju og spennandi fólki."

BÍÓ ER SLÆMT FYRSTA „DEIT"

„Við viljum taka þáttinn af barnum og búa til alvöru stefnumótamenningu. Sú menning hefur nefnilega breyst hér á landi og er að ná fótfestu. Fólk er farið að mæta á „paradeit" og blint stefnumót og Ísland er aðeins farið að líkjast útlöndum í þessum efnum. Í þættinum verðum við líka með ýmislegt sniðugt sem tengist þessari stefnumótamenningu; reynslusögur, hugmyndir og fleira," útskýrir Ragnhildur.

„En hluti af aðsókninni í þáttinn hugsa ég að sé vegna þess að fólk er orðið opnara fyrir þessu en áður. Annars vegar er það vegna þess að það er kreppa og ástin er jú ókeypis. Hins vegar er það vegna þess að raunveruleikasjónvarp hefur breyst mjög mikið síðan Djúpa laugin hóf göngu sína í íslensku sjónvarpi. Fólk er miklu opnara fyrir þessu konsepti og óhræddara við að taka eitthvað persónulegt í sjónvarpið. Þetta endurspeglast bara í netsamfélaginu núna til dæmis þegar líf fólks er fyrir opnum tjöldum á Facebook."

Tobbu finnst fólk þurfa að fá innblástur við fyrirkomulag stefnumóta hérlendis. „Sjálf lendi ég til dæmis oft í því að vera boðið á stefnumót í bíó. Það er eins og karlmenn skilji ekki að bíó á kannski að vera þriðja eða fjórða deit. Hvernig á maður að kynnast einhverjum og tala saman í bíó? Þú kynnist engum í tíu mínútna hléinu. Ég vil endilega að fólk fari og geri eitthvað skemmtilegt á deiti, fari til dæmis í badminton eða í fjallgöngu og verði það sjálft í staðinn fyrir að hittast á Kaffibarnum eða eitthvað." Hún bætir við að mörgum finnist mjög erfitt og vandræðalegt að fara á stefnumót.

„ Ég tala nú ekki um þegar fólk er kannski á miðjum fertugsaldri og er nýkomið úr fimmtán ára sambúð. Það veit ekki lengur hvernig það á að hegða sér á stefnumóti. Ég hef farið til dæmis á skauta eða í skvass með gaurum á stefnumót og það geta komið upp svo vandræðaleg móment að það eina sem er kannski eftir er að prumpa hvort á annað," segir hún og skellihlær. „En þá er sá vandræðagangur búinn og hægt að snúa sér að öðru!" Ragnhildur fer ekki á stefnumót enda haminngjusamlega í sambúð með rithöfundinum Mikael Torfasyni. „Ég kynntist nú manninum mínum úti á götu um hábjartan dag en það er nú önnur saga," segir Ragnhildur. „Ég eyddi átján árum af uppvexti mínum í Ameríku þar sem deitmenningin ríkir og hef því næga reynslu að baki þar."

VANDRÆÐAGANGUR Í ÍSLENSKUM KARLMÖNNUM

Nú á sunnudaginn er Valentínusardagurinn en hann er markaðssettur fullgróflega vestanhafs að mati margra. „Já, já, þetta er auðvitað markaðssett þannig að karlmenn verði að kaupa kort og blóm og konfektkassa og fara með kærusturnar út að borða. Að sjálfsögðu er þetta yfirdrifið en mér finnst þó ekkert að því að gera eitthvað sætt fyrir hvort annað á þessum degi ástarinnar. Ég hef gaman af því að halda upp á alls konar hluti!" segir Ragga. „Ég bjó í Bretlandi í þrjú ár og Bretar eru stefnumótaóðir," bætir Tobba við. „Ég fór á ótal mörg stefnumót þarna úti, meðal annars á blint stefnumót við vitlausan mann. Hann átti að vera viðskiptamaður um þrítugt en var í staðinn skoskur uppfinningamaður um fertugt!" segir hún og skellir upp úr. En hvernig eru þá íslenskir karlmenn? Eru þeir frábrugðnir þeim erlendu sem þær hafa kynnst? „Þeir eru skemmtilega sjarmerandi í öllum vandræðaganginum," segir Tobba. „ Oft hafa vinir mínir sagt mér frá samböndum sínum þannig að allt gangi vel og sé yndislegt en allt í einu séu þeir í vandræðum og viti ekki út af hverju. Þeir eiga svo erfitt með að eiga samskipti við konur." Ragga er sammála um að þeir geti verið dálítið lokaðir. „En um leið verða þeir dularfullir og það getur verið sjarmerandi. " Tobba bætir við að Íslendingar séu hræddir við rómantík. „Ég held að íslenskir karlmenn séu hræddir um að vera „sökkerar"," segir hún. "Þeir eru hræddir um að ef þeir gera rómantíska hluti eins og að elda fyrir stelpur, bjóða þeim á hótel eða í spa að þá verði þeir eitthvað hallærislegir. " Sjálf segist hún kalla sig stefnumótahetju vegna þeirrar þrautseigju sem hún hefur sýnt. „Ég gefst ekki upp og trúi því innst inni að það gangi eitthvað upp á endanum. Ég hef verið virkilega ástfangin og þó að það hafi ekki endað eins og ég vildi þá hysja ég samt upp um mig brækurnar og reyni upp á nýtt."

STRÁKASTELPA OG STELPUSTELPA

Ragga segir það skemmtilegt hversu ólíkar þær Tobba eru.

„Ég er tíu árum eldri en hún og í föstu sambandi. Svo er ég gaur og hún er gella. Hún er í öllu þessu stelpustússi og kann alla þessa hluti svona eins og að mála sig og vera með fínar neglur. Ég hef alltaf verið strákastelpa og hún stelpustelpa. Ég kveiki ekki á Sex and the City og lék mér ekki með dúkkur. Við erum með mismunandi reynslu og mismunandi bakgrunn og ég myndi segja að við værum gott par." Ragga sér um

SNYRTI-AKADEMÍAN
SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI
www.snyrtiakademian.is • Hjallabrekka 1 • sími 553-7900



Naglaskólinn

- Getur hafið nám hvenær sem er.
- Kennt 1 x viku frá kl. 18-22.
- Gæðavörur frá Professionails notaðar við kennslu.
- Kennarar með kennararéttindi frá skóla Professionails í Belgíu.
- Glæsilegur nemendapakki ásamt vandaðri naglaslípivél og naglalampa.

Snyrtiskólinn

- Snyrtiskólinn er einkaskóli með CIDESCO réttindi.
- Nám í snyrtifræði er hagnýtt og skemmtilegt nám
- Snyrtiskólinn er viðurkenndur af Menntamálaráðuneytinu
- Námið er lánshæft hjá LÍN
- Næsta önn hefst í mars

Fjölbreytt nám og glæsileg aðstaða
Tekið er við umsóknum í alla skólana núna.
Hægt er að skrá sig á www.snyrtiakademian.is og í síma 553-7900

safnanótt

FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 2010

Veglegri dagskrá í ár

Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur taka þátt í safnanótt í fyrsta sinn. SÍÐA 4

Kærleikarnir hefjast við Austurvöll í kvöld klukkan 18 undir stjórn Bergljótar Arnalds. Lúðrasveitin Svanur spilar undir kyndlagöngu kringum Tjörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kærleikur, hlýja og samkennd

Áður en safnanótt verður sett í kvöld fara fram Kærleikar undir stjórn Bergljótar Arnalds. Kærleikarnir hefjast klukkan 18 á Austurvelli.

„Markmið Kærleikanna er að efla samkennd og veita hvatningu og hlýju á þessum tímum," útskýrir Bergljót. „Við þurfum á hvert öðru að halda en það vill oft gleymast í umræðunni."

Hátíðin hefst á því að stytta Jóns Sigurðssonar verður krýnd blómsveigi en við það nýtur Bergljót aðstoðar hjálparsveitanna. Þá flytur Páll Óskar Hjálmtýsson Sönginn um lífið og fleiri gestir koma fram.

„Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði og séra Helga Soffía Konráðsdóttir koma fram og svo fáum við Sigfús Sigurðsson, handboltakappa til að flytja okkur hvatningu auk Óskars Bjarna Óskarssonar aðstoðarlandsliðsþjálfara. Gísli Ólafsson frá alþjóðabjörgunarsveitunum deilir með okkur reynslunni frá Haítí og eftir mínútu þögn þar sem við sendum jákvæða strauma út í samfélagið, leggjum við af stað í kyndlagöngu kringum Tjörnina. Lúðrasveitin Svanur mun leika létt dixíland-lög undir göngunni og það væri gaman ef fólk kæmi með rauðar húfur eða trefla en litur Kærleikanna er rauður."

Meðan á göngunni stendur munu félagar úr Sönglist, undir stjórn Ólafar Sverrisdóttur, taka á móti fólki með óvæntum uppákomum og meðal annars verður kærleikshjörtum dreift til fólks. „Annars vegar verður dreift hjörtum sem Akureyrarbær gefur okkur og hins vegar hjörtum sem krakkar hafa útbúið og skrifað á skilaboð eins og; Kærleikur er hvert bros sem þú gefur! Þeir sem mæta snemma á Austurvöll geta svo fylgst með þegar hjörtu verða skorin út úr ís sem Akureyrarbær gefur okkur líka."

Kærleikunum lýkur svo við styttu Einars Jónssonar en þar munu nokkrir kórar koma saman og taka lagið undir stjórn Björns Thorarensen. Bergljót stóð einnig fyrir Kærleikum á síðasta ári og þá sóttu hátíðina 3.000 manns. *- rat*

● DAGSKRÁIN Í FARSÍMANN Gestir safnanætur geta hlaðið dagskránni í gsm-símann sinn með hugbúnaðarforritinu Reykjavík Mobile Guide. Hrafn Sigvaldason, hjá Ymir Mobile, veit allt um það. „Hægt er að skoða alla viðburði á safnanótt og staðsetningu þeirra á korti af höfuðborgarsvæðinu, ef GPS er í símanum. Einnig er hægt að senda inn „live" skilaboð, sem kallast safnarnæturpúlsinn og birtast jafnóðum í forritinu, svipað og til dæmis á twitter." Að sögn Hrafns er hægt að sækja hugbúnaðinn á www.getmoibileguide.is. „Hann er einfaldur í notkun og hentar í velflestar gerðir farsíma."

● SPENNANDI LEIKUR Á SAFNANÓTT Skemmtilegur leikur verður í gangi á safnanótt sem snýst um að safna stimplum á öllum söfnum sem heimsótt eru og svara léttum spurningum. Þeir sem safna fjórum eða fleiri stimplum og svara þremur spurningum í það minnsta geta skilað þátttökumiða til Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2, fyrir 26. febrúar. Fyrstu vinningur er flug fyrir tvo á safnanóttina í Berlín í ágúst í sumar og fá vinningshafar einnig safnanæturpassa. MP banki gefur vinningshafanum einnig 100.000 krónur í gjaldeyri. Í vinning er einnig málsverður fyrir tvo á veitingastaðnum Dilli og gjöf frá safnverslun Landnámssýningarinnar í Aðalstræti.

Sýningin ÍSLAND :: KVIKMYNDIR framlengd til hausts!
100 íslenskar kvikmyndir frá 1904-2009 í fullri lengd auk myndbrota úr völdum myndum á skjám, sjá thjodmenning.is

SAFNANÓTT – 12. FEBRÚAR KL. 19-24

ÓÞEKKTUR HÖFUNDUR.
Gestir geta endurraðað íslenskri hugsun liðinna alda að eigin skapi með orðum úr hundruðum lausavísna óþekktra höfunda. Dagskrárgerð: Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur. Bókasalur kl. 19-24

ÍSLENDINGAR sýning Sigurgeirs Sigurjónssonar og Unnar Jökulsdóttur á ljósmyndum úr samnefndri bók. Unnur skrafar við gesti á sýningunni milli kl. 21 og 22 og leikur með vinkonum á harmónikku.

ÍSLAND :: KVIKMYNDIR 1904-2009 - 11. skjárinn. Frumsýning.
100 kvikmyndir í fullri lengd og nýr skjár með myndbrotum úr The Good Heart, Sólskinsdreng, Sveitabrúðkaupi og Brúðgumanum. VÍNBAR og von er á gestum úr kvikmyndageiranum. Í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands. Kl. 19-24.

ÓLÖF ARNALDS – sólótónleikar - í Bókasal kl. 22:30-23:15.

Ókeypis á Safnanótt – Allir velkomnir! – Safnanæturleikur – Veitingasala

ALDARAFMÆLI 2009 · ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Sýningar · leiðsögn · verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Aðrar sýningar:
Póstkortaár, Flora Islandica, Handritin.
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.
Veitingar á virkum dögum.

SAFNANÓTT

Föstudaginn 12. febrúar 2010

Kærleikar leiða okkur inn í Safnanóttina

18:00
Hátíðin Kærleikar hefst á Austurvelli. Við sameinumst um að fagna kærleikanum og senda jákvæða strauma út í samfélagið. Á meðal góðra gesta er Páll Óskar sem mun flytja *Sönginn um lífið*. Haldið verður í kyndlagöngu meðfram tjörninni ásamt lúðrasveitinni Svaninum. Gangan endar á samsöng kóra á túninu við tjarnarbrúna. Hugmyndasmiður og skipuleggjandi Kærleika er Bergljót Arnalds.

Austurvöllur og Reykjavíkurtjörn

Opnun Safnanætur: Öndvegissúlur - ljósaljóð

19:00
Borgarstjórinn í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir, setur Safnanóttina að Kærleikum loknum. Opnunaratriði Safnanætur að þessu sinni er ljósagjörningur bandaríska listamannsins Bill Fitzgibbons. Hann mun lýsa upp öndvegissúlur Ráðhússins og tónlistamaðurinn Sverrir Guðjónsson skapar tónmynd við verkið.

Ráðhús Reykjavíkur, túnið við tjarnarbrúna

Kjarvalsstaðir

18:00 - 24:00
Opnun sýningarinnar Blæbrigði vatnsins.
Yfirlit yfir sögu vatnslitamiðilsins frá upphafi íslenskrar myndlistarsögu til okkar daga.

18:00 - 24:00
Vatn og litur, smiðja fyrir alla fjölskylduna.
Gestum gefst kostur á að kynna sér og gera tilraunir með vatnslitamiðilinn.

18:00 - 24:00
Vatnslitagjörningur, Blæbrigði vatnsins.
Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður vinnur vatnslitamálverk beint á glugga í forsal safnsins.

19:30 - 20:00
Leiðsögn um Kjarval- Innsýn; skjaldmeyjar og hugarfley.

20:30 - 21:15
Leiðsögn um sögu og byggingarlist Kjarvalsstaða með Guju Dögg Hauksdóttur, deildarstjóra byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

21:30 - 22:00
Sönghópurinn Blikandi stjörnur syngur sig inn í hjörtu gesta.

22:00 - 24:00
Argentínskur tangó fyrir alla.

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, Flókagötu 5

Listasafn ASÍ

19:00 - 24:00
Að muna sinn fífil fegurri. Sýning Guðrúnar Gunnarsdóttur. Horft er á fíflana frá ýmsum sjónarhornum og unnið með ýmiss konar tækni.

19:00 - 24:00
Heimild um horfinn tíma. Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari sýnir myndir úr syrpu af rýmum sem hann hefur ljósmyndað frá árinu 1993.

19:30 & 21:00 & 23:00
Listamannaspjall. Guðrún Gunnarsdóttir og Guðmundur Ingólfsson fjalla um sýningar sínar.

20:30 & 22:00
Tríó Vadim Fyodorov. Franskir draumar fyrir harmónikku, gítar og kontrabassa.
Tríóið er nefnt eftir upphafsmanni þess, rússneska harmónikkusnillingnum Vadim Fyodorov. Auk Vadims skipa hljómsveitina Gunnar Hilmarsson á gítar og Leifur Gunnarsson á kontrabassa.

Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

Listasafn Einars Jónssonar

20:00 & 22:00
Leiðsögn um safnið í fylgd Júlíönu Gottskálksdóttur, forstöðumanns safnsins.

Listasafn Einars Jónssonar, inngangur frá Eiríksgötu.

Listasafn Íslands

20:00 & 22:30
Carnegie Art Award 2010, leiðsögn. Halldór Björn Runólfsson leiðir gesti um sýninguna.

21:00 - 21:30
Íslandslestin/tískusýning. Frumsýndir verða 10 einkennisbúningar Icelandtrain fyrir konur og karla. Tískusýningin er í tengslum við sýningu Etienne de France *Icelandtrain* í Alliance Française.

Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7

Þjóðminjasafn Íslands

19:00 & 20:30
Kvikmyndasýning: Palli var einn í heiminum.
Leikin íslensk barnamynd eftir Ásthildi Kjartansdóttur byggð á samnefndri barnabók eftir Jens Sigsgaard.

19:30 & 21:00
Draumkenndur dans - Klassíski Listdansskólinn.
Nemendur frá Klassíska listdansskólanum leiða áhorfendur í gegnum safnið í skemmtilegum dansi.

20:00 – 20:30
Karlakórinn Þrestir flytur gestum og gangandi fagra tóna á Þjóðminjasafni Íslands.

22:00 – 23:00
Draumur um draum - Kvikmyndasýning.
Leikin íslensk mynd byggð á ævi og ritverkum Ragnheiðar Jónsdóttur.

22:15 - 24:00
Vasaljósaganga. Styrktarfélagið Göngum saman leiðir göngu frá Þjóðminjasafni að Vesturbæjarlaug sem verður opin til miðnættis. Boðið upp á heitt súkkulaði.

21:30 – 22:00
Íslenskur alþýðusöngur í 1000 ár. Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson syngja íslensk þjóðlög og sönglög frá miðöldum og til okkar daga.

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41

Norræna húsið

19:00 – 24:00
Sýningin 52 húfur. Edda Lilja Guðmundsdóttir heklaði eða prjónaði eina húfu á viku allt árið 2009. Skilyrði var að engar tvær húfur væru eins og að þær væru allar gerðar úr garni sem hún átti þegar til í fórum sínum.

19:00 - 24:00
Meistari Alvar Aalto. Sérstök sýning á bókum um arkitekt hússins, hinn finnska Alvar Aalto.

19:00 - 24:00
Mótmælandi Íslands. Sýning á veggspjöldum Helga heitins Hóseasonar. Helgi var þekktur fyrir mótmæli sín allt frá árinu 1962.

20:00 - 24:00
Norrænn jazz með þátttöku jazzleikara frá Íslandi, Finnlandi og Noregi.

Norræna húsið, Sturlugötu 5

Lyfjafræðisafnið

19:00 - 24:00
Lyfjafræðisafnið, leiðsögn. Lyfjafræðingar bjóða uppá leiðsögn. Auk þess verður sýnt myndband kl. 20 og 22 um gamla framleiðsluhætti í apótekum.

Lyfjafræðisafnið, Nesströð Seltjarnarnesi

Nesstofa

19:30 – 20:15
Söngvastund í Nesstofu. Félagar í Selkórnum syngja nokkur lög.

20:30 – 21:30
Leiðsögn um Nesstofu. Gengið með gestum um Nesstofu og sagt frá sögu Ness, Nesstofu og uppbyggingu safnasvæðisins.

Nesstofa, Seltjarnarnesi

Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík

19:30 - 21:00
Sæskrímsli, draumur eða veruleiki? Svabbi sjóari úr Stundinni okkar fræðir börn um skrímslin.

20:00 - 20:30
Hafið í leikritum. Gunnar Eyjólfsson leikari stendur á þilfari gamla Gullfoss og flytur leikþátt úr „Hart í bak."

20:00 – 22:00
Ratleikur um borð í Varðskipinu Óðni.
Skemmtilegur ratleikur fyrir alla fjölskylduna.

20:30 – 22:00
Spákonur spá í spilin. Fyrrum borgarfulltrúar Guðrún Ögmundsdóttir og Sigrún Magnúsdóttir gerast spákonur á draumkenndri Safnanótt.

22:00 - 23:30
Bryggjuball á Sjóminjasafninu. Harmonikkufélag Reykjavíkur leikur fyrir dansi.

Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarði 8

Hugmyndahús Háskólanna

20:00 - 24:00
Myndlistarsýning Félags frístundamálara.
Samsýning 45 frístundamálara. Einnig opið laugardag og sunnudag.

Hugmyndahús Háskólanna, Grandagarði 2

Alliance Française

19:00 - 24:00
Íslandslestin – Draumur eða raunveruleiki?
Kynnist fyrsta íslenska járnbrautarfélaginu, Icelandtrain. Verk eftir franska listamanninn Etienne de France.

Alliance Francaise,Tryggvagötu 8

Borgarbókasafn Reykjavíkur

20:00 & 22:00
Himinninn yfir Berlín. Kvikmynd Wim Wenders frá 1987 verður sýnd í Kamesinu.

20:30 – 24:00
Ljóðaslamm. Ungt fólk etur kappi í orðlist. Ljóð verða flutt á nýstárlegan hátt og ljóðagjörningar framdir. Þema kvöldsins er VÆMNI.

Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19:00 – 21:00
Fjörug Klezmertónlist. Varsjárbandalagið kemur til skjalanna og leikur fjöruga Klezmertónlist.

19:00 - 21:00
Barnahorn. Teiknað, litað og gluggað í bækur og blöð. Börnin fá blöðru og blýant með sér heim.

19:00 - 23:59
Minningar úr lífi hjóna. Sýnd skjöl úr safni hjóna, bæði ástarbréf og annað. Venjuleg hjón í Reykjavík, nú látin, en saga þeirra lifir.

19:00 - 23:59
Skjalasafnið þitt. Hlutverk og starf skjalasafna verður kynnt.

19:00- 21:00
Láttu drauminn rætast! Sigrún Gunnarsdóttir, reikimeistari verður með draumaráðningar fyrir einstaklinga. Hver draumaráðning kostar kr. 500.

19:00 -23:59
Freyðandi kaffi. Dansverk unnið af nemum Klassíska listdansskólans undir leiðsögn River Carmalt. Sýnt á skjá öðru hvoru allt kvöldið.

22:00 & 22:30
This is not entertainment. Nútímadansverk sérstaklega skapað og aðlagað að umhverfinu á Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

23:00 – 23:45
Draumar mínir. Lesnir verða nokkrir valdir draumar fólks áður en horfið er heim á leið. Ljúf stund saman.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, Grófarhús

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

19:00 - 24:00
Kafað í safnkost. Þekkirðu umhverfið eða manneskjuna á myndinni?

20:00 - 24:00
Sviðsett ljósmyndun – Ikae & Da Boyz. Oddvar segir frá vinnuferlinu, hvernig hann vinnur sínar litríku og gáskafullu ljósmyndir.

20:00 - 24:00
Sígildar ljósmyndunaraðferðir. Jóna Þorvaldsdóttir gefur gestum innsýn í töfraheim sígildra ljósmyndunaraðferða.

20:45 - 21:15
Andstæður. Nemar frá Klassíska Listdansskólanum sýna verk innblásið af sýningunum *Skynjanir* og *Gengið að verki.*

Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15

Hafnarhús

19:00 - 19:45
Leiðsögn um sögu og byggingarlist Hafnarhússins með Guju Dögg Hauksdóttur, deildarstjóra byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

19:30 - 22:30
Tunglið og geimferðir – fjölskyldusmiðja
tengd sýningu Erró, *Geimfarar*. Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnanes býður gestum að taka þátt í smiðju um tunglið og geimferðir.

20:30 - 21:00
Leiðsögn Erró – Mannlýsingar. Á sýningunni er lögð áhersla á frásagnar portrett sem Erró hefur þróað í gegnum tíðina.

21:00 - 21:30
Gjörningur – Ljóslitlífun. Sigtryggur Berg Sigmarsson einn listamannanna á sýningunni *Ljóslitlífun* flytur gjörning.

zetor

21:30 - 22:30
Ljóslitlífun – sýningarstjóraspjall. Hafþór Yngvason safnstjóri Listasafns Reykjavíkur ræðir við gesti um sýninguna.

22:30 – 23:30
Stilluppsteypa – tónleikar. Hljómsveitina skipa Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson sem báðir eiga verk á sýningunni *Ljóslitlífun.*

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagötu 17

Grafíksafn Íslands

19:00 - 24:00
Íslensk grafík. Soffía Sæmundsdóttir og Kristín Gunnlaugsdóttir eru listamenn ársins hjá grafíkvinum í félaginu Íslensk grafík. Kristín opnar sýningu í sal félagsins og Soffía vinnur á verkstæðinu.

Grafíksafn Íslands, Tryggvagötu 17, hafnarmegin

SÍM

19:00 - 24:00
Sigríður Rut - Listamaður mánaðarins hjá SÍM sýnir olíumálverk sem unnin eru á árunum 2001-2008. Sigríður verður á staðnum og tekur á móti gestum.

SÍM, Hafnarstræti 16

Landnámssýningin

20:00 - 21:00
Draumar í Sturlungu og draumarnir okkar. Fyrirlestur Guðrúnar Nordal forstöðumanns stofnunar Árna Magnússonar.

21:00 & 22:00 & 23:00
Leiðsögn um Landnámssýninguna. Hvernig var lífið á Landnámsöld?

Landnámssýningin, Aðalstræti 16

Þjóðmenningarhúsið

19:00 - 24:00
Óþekktur höfundur - orðagjörningur. Orð úr hundruðum lausavísna óþekktra höfunda bíða gesta til notkunar. Dagskrárgerð: Þorvaldur Þorsteinsson myndlistarmaður og rithöfundur.

21:00 - 22:00
Íslendingar. Nýopnuð sýning þeirra Sigurgeirs Sigurjónssonar og Unnar Jökulsdóttur á ljósmyndum úr samnefndri bók. Unnur spjallar við gesti og spilar á nikkuna með harmónikutríóinu Dragspilsdrottningarnar.

19:00 - 24:00
Ísland::kvikmyndir. 11. skjárinn. Frumsýning. Vínbar og gestakomur í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands.

22:30
Ólöf arnalds. Sólótónleikar.

Þjóðmenningarhús, Hverfisgötu 15

Þjóðskjalasafn Íslands

19:00 – 23:30
Einkaskjalasöfn. Áttu merkileg skjöl? Komdu og láttu sérfræðinga Þjóðskjalasafns kanna gildi þeirra.

19:00 – 23:30
Gömul skrift. Reyndu að skrifa og lesa gamla skrift. Verðlaunagetraun.

19:00 – 23:30
Kynning á manntalsvef og dómabókagrunni.

19:00 – 23:30
Kynning á ættfræðirannsóknum. Finndu forfeður í kirkjubókum. Fáðu leiðsögn hjá sérfræðingum safnsins.

19:00 – 23:30
Sýning á frumritum manntala frá árunum 1703 og 1762. Elstu manntöl á Norðurlöndum.

20:00 – 20:30
„...þegar aldurinn á færist og vitið eykst“ Gunnar Örn Hannesson fjallar um aðlögunarvanda Hallgríms „litla“ Þorlákssonar að skólastarfinu í Skálholti á 17. öld.

20:00 - 22:00
Forvarsla gamalla skjala. Starfsmenn Þjóðskjalasafns sýna hreinsun gamalla skjala.

21:00 – 21:30
Fyrsti íslenski raðmorðinginn? Ólafur Ásgeirsson fjallar um hinn þekkta morðingja Axlar-Björn.

Lestrarsalur Þjóðskjalasafns Íslands, Laugarvegi 162. Gengið inn frá Laugavegi.

Héraðsskjalasafn Kópavogs

19:00 - 23:59
Pólitískir draumar og martraðir. Sýning um kosningar í Kópavogi. Myndir frá framboðsfundum, kosningaauglýsingar og áróður fyrir augu og eyru.

Héraðskjalasafn Kópavogs, Hamraborg 1

Náttúrufræðistofa Kópavogs

19:00 – 24:00
Þorirðu að kíkja? Óræður skapnaður leynist á bak við tjöldin. Er hann lífs eða liðinn? Manngerður eða náttúrulegur? Komdu og kíktu ef þú þorir!

21:00 – 22:30
Eru fuglarnir guðir? Þorvaldur Friðriksson skrímslafræðingur leiðir næturgesti um skuggalega sýningarsali og fræðir fólk um táknræna merkingu íslenskra fugla og fleiri dýra í trúarbrögðum og draumförum manna.

Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg 6a

Bókasafn Kópavogs

19:30 - 20:00
Draumagrípari. Halla Frímannsdóttir fjallar um tákn drauma meðal ólíkra þjóða.

20:00 – 20:30
Blikandi stjörnur. Sönghópurinn Blikandi stjörnur, stjórnandi Ingveldur Ýr.

20:30 – 21:00
Draumar og ráðingar þeirra. Þóra Elfa Björnsson fjallar um drauma og draumráðningar.

22:00 – 23:00
Draumráðningar. Kristján Frímanns ræður drauma.

23:00 – 23:30
Varsjárbandalagið leikur tónlist frá Balkanlöndum.

Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a

Gerðarsafn

19:00 - 24:00
Gerðarlegt í Gerðarsafni. Hugmyndir og hönnun listamanna sem byggja á verkum Gerðar Helgadóttur.

19:00 – 24:00
Til þess er leikurinn Gerður. Sýning á verkum sem nemendur í barnadeildum Myndlistarskóla Kópavogs hafa unnið að undanförnu út frá verkum Gerðar Helgadóttur.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Hamraborg 4

Molinn

19:00 - 24:00
Urban myndlist & underground Café. Götulist eftir Guðmund Óla aka. ELLT, lifandi tónlist.

Molinn – menningarhús ungs fólks, Hábraut 2

Tónlistarsafn Íslands

20:00 & 22:00
Draumurinn um tónlistarsafn. Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands, leitast við að svara spurningunni: “Hvers vegna tónlistarsafn?”.

Tónlistarsafn Íslands, Hábraut 2

Bókasafn Garðabæjar

20:00 - 20:30
Landnámsmenn í Garðabæ. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur flytur stuttan fyrirlestur um landnámsmenn í Garðabæ.

21:30 - 22:00
Ragnheiður Gröndal - íslensk vögguljóð.

Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi

Hofsstaðir, minjagarður

20:45 – 21:15
Hofsstaðir - leiðsögn um minjagarðinn. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur verður með leiðsögn. Reisulegur skáli stóð á Hofsstöðum frá landnámsöld fram á 12. öld.

Hofsstaðir, Garðatorgi

Byggðasafn Hafnarfjarðar

20:00 - 20:30
Fornleifar í landi Óttarsstaða. Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur, heldur fyrirlestur um fornleifar í landi Óttarsstaða sunnan Hafnarfjarðar.

21:00 - 21:30
Klassíski listdansskólinn. Nemendur í Klassíska listdansskólanum sýna nútímaverk.

22:00 - 22:40
Leiðsögn um sýningu Byggðasafnsins. Safnverðir leiða gesti í gegnum sögu Hafnarfjarðar og nágrennis með leiðsögn um sýninguna „Þannig var...“

Byggðasafn Hafnarfjarðar, Vesturgötu 8

Hafnarborg

19:00 – 19:30
Leiðsögn um Endalokin. Sagt frá sýningu Ragnars Kjartanssonar sem var framlag Íslands til Feneyja tvíæringsins 2009.

19:00 - 24:00
Opin listsmiðja fyrir alla fjölskylduna. Aðstaða fyrir gesti til að teikna og spá í módelteikningu.

19:30 - 20:30
Styttuganga um miðbæinn. Gengið verður um miðbæ Hafnarfjarðar og útilistaverkin á svæðinu skoðuð með leiðsögn. Safnast saman við Bókasafn Hafnarfjarðar, Standgötu 1.

20:00 – 20:30
Leiðsögn um Ljósbrot. Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir segir frá innsetningu sinni í Sverrissal.

20:30 - 21:30
Tríó dúó. Djass og ljúf tónlist, latin og gömul íslensk dægurlög í flutningi ungra tónlistarkvenna.

21:00 – 22:00
Á bak við tjöldin. Gestir fá tækifæri til að skyggnast á bakvið tjöldin í Hafnarborg og skoða geymslur safnsins. Hámark 10 gestir í einu.

21:30 – 22:30
Hvað segir módelið? Páll Haukur Björnsson sem sat fyrir hjá Ragnari Kjartanssyni í Feneyjum segir frá sýningunni og upplifuninni af því að vera hluti af listaverki í sex mánuði.

Hafnarborg, Strandgata 34

Bókasafn Hafnarfjarðar

19:00 - 24:00
Drekar af ýmsum gerðum. Sýning á drekum. Hver öðrum ógurlegri.

19:00 - 24:00
Drekar og forynjur. Vakin athygli á úrvali bóka um dreka, risaeðlur og fleiri forynjur. Skemmtileg spil af ýmsum gerðum liggja frammi fyrir börnin.

19:00 – 24:00
Hafnfirsk tónlist hljómar á tónlistardeild.

19:00 – 20:00
Þóra Elfa Björnsson – draumar og ráðningar þeirra. Þóra Elfa ræðir um drauma við gesti. Draumráðningabækur verða einnig til afnota.

19:00 – 24:00
Þýsk kvikmyndasýning í fjölnotasal.

19:00 – 24:00
Ljóðaveisla. Gestir geta tyllt sér og gluggað í ljóðabækur eftir þekkta og óþekkta höfunda.

21:00 – 24:00
Sigurlín Bjarney Gísladóttir rithöfundur les örsögur.

21:00 - 24:00
Ása Marín Hafsteinsdóttir ljóðskáld les úr ljóðabók sinni *Að jörðu.*

23:00 – 24:00
Tónlistin ómar - Gítar og söngur. Jói og Einar spila og syngja fyrir gesti.

Bókasafn Hafnarfjarðar, Strandgötu 1

Kvikmyndasafn Íslands

21:00, 22:00 og 23:00
Íslandsmynd Kafteins Dam er ein fegursta Íslandsmynd sem gerð hefur verið, tekin á Íslandi 1938 og 1939 af A. M. Dam.

Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Sögusafnið

19:00 - 24:00
Sögusýningin Perlunni. Merkilegustu augnablikin úr sögu þjóðarinnar færð í myndrænan búning. Víkingar og handverksfólk sýna gestum vopn og handverk.

Sögusafnið Perlunni

Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur

19:00 - 24:00
Bíló í Elliðaárdal. Félagar í Smábílaklúbbi Íslands bjóða gestum og gangandi að spreyta sig á að stýra fjarstýrðum rafdrifnum smábílum.

Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur, Rafstöðvarvegi 9

Árbæjarsafn

20:00 & 21:00
Hvað dreymdi þig? Símon Jón Jóhannsson heldur erindi um draumráðningar og býður gestum að ráða drauma þeirra.

22:00 & 23:00
Rökkurleiðsögn um Árbæjarsafn. Gengið um safnsvæðið með fjósalukt.

Árbæjarsafn, Kistuhyl

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

19:00 - 24:00
Hver er maðurinn? Sýning á portrettum af þjóðkunnum íslendingum og getraunaleikur.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70

Ásmundarsafn

19:00 – 19:45
Leiðsögn um sýninguna Rím. Á sýningunni er horft til listamanna sem glíma við sömu hluti og Ásmundur, en í nútímanum og í samhengi við okkar tíma.

20:00 -21:00
Rím - fjölskylduleiðsögn í tali og tónum. Hin ástsæla leikkona Guðrún Ásmundsdóttir bregður á leik í Ásmundarsafni ásamt hinni fjölhæfu tónlistarkonu Kristínu Önnu Valtýsdóttur.

21:00 & 21:30 & 23:00 & 23:30
Tónlist fyrir draumavél. Draumavéla-innsetning með tónlist eftir raftónlistarmanninn Rúnar Magnússon. Takmarkaður fjöldi kemst að í hvert sinn.

22:00 – 22:45
Leiðsögn um sögu og byggingarlist Ásmundarsafns með Guju Dögg Hauksdóttur, deildarstjóra byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn, Sigtúni

Gljúfrasteinn - hús skáldsins

21:00 - 21:40
KK í stofunni á Gljúfrasteini. KK leikur á gítar og syngur eigin lög í stofunni á Gljúfrasteini.

Gljúfrasteinn – hús skáldsins, Mosfellsdal

Ókeypis er á alla viðburði Safnanætur

Reykjavíkurborg · Orkuveita Reykjavíkur · Garðabær · Mosfellsbær · Hafnarfjörður

Spennandi viðburður sem allir hafa gaman af

Nágrannasveitarfélögin taka í fyrsta sinn þátt í safnanótt. Linda Udengard, deildarstjóri menningarmála í Kópavogi, útilokar ekki áframhaldandi samstarf milli Reykjavíkur og nærliggjandi sveitarfélaga.

Linda Udengard, deildarstjóri menningarmála í Kópavogi, segir söfnin í Kópavogi ekki óvön því að bjóða upp á sameiginlega dagskrá sambærilega þeirri á safnanótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Safnanótt teygir sig út til nágrannasveitarfélaganna nú í ár og munu Kópavogur, Seltjarnanes, Garðabær, Hafnarfjörður og Mosfellsbær taka þátt í fyrsta sinn. Þema safnanætur að þessu sinni er draumar og tengjast sýningar safnanna því efni.

Linda Udengard, deildarstjóri menningarmála í Kópavogi, segir öll söfnin í Kópavogsbæ ætla að sameinast um að taka á móti gestum um kvöldið. „Safnanóttin hefur hingað til verið viðburður tengdur vetrarhátíð Reykjavíkurborgar, en í ár ákvað borgin að bjóða nágrannasveitarfélögunum að vera með, sem er frábært. Söfnin í Kópavogi hafa í mörg ár haldið menningarhátíð Kópavogs hátíðlega og eru því ekki óvön að bjóða upp á sameiginlega dagskrá sem þessa.“

Meðal þeirra safna í Kópavogi sem taka þátt í viðburðinum má nefna Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofu og Héraðsskjalasafn Kópavogs, en þar er sýning sem ber yfirskriftina Pólitískir draumar og martraðir og fjallar um kosningasögu í Kópavogi. Safnanæturstrætó gengur á milli allra safnanna á safnanótt og stoppar meðal annars við Hamraborg í Kópavogi þaðan sem stuttur gangur er á söfnin.

Linda segir safnanótt eiga að efla áhuga manna á söfnum og safnaheimsóknum, auk þess sem þetta sé spennandi viðburður sem allir geti haft gaman af. „Safnanótt á að efla áhuga almennings á söfnum og safnaheimsóknum. Ég held að það séu ekki margir sem hafi hugmynd um þá gríðarlegu flóru af söfnum sem á höfuðborgarsvæðinu eru. Þótt menn komist ekki yfir það að skoða öll söfnin á safnanótt þá veit það aftur á móti af þeim og getur heimsótt þau síðar. Það gæti orðið skemmtilegt verkefni fyrir fjölskylduna næstu vikurnar á eftir að klára að heimsækja öll söfnin,“ segir Linda og hlær. - sm

Alræmdur morðingi

Ólafur heldur erindi um Axlar-Björn á Þjóðskjalasafni Íslands í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sagt er að hann hafi verið svo vondur að hann hafi sjálfur sagt að hann sæi ekki sólina,“ segir Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður um viðfangsefni sitt á safnanótt. Ólafur ætlar að halda erindi um Axlar-Björn og samtíma hans á Þjóðskjalasafni Íslands í kvöld klukkan 21. „Axlar-Björn var uppi á 16. öld á Snæfellsnesi og bjó á bænum Öxl. Hann sýslaði við fleira en búskap og var það sem við köllum nú ferðaþjónustubóndi. Á þessum tíma féllu undarlega margir gestir hans frá. Að lokum beindust spjótin að sjálfum bóndanum á Öxl sem valið hafði fórnarlömb sín vandlega. Það eru nokkrar deilur um hvort hann hafi drepið átta manns eða nítján en að minnsta kosti sönnuðust á hann átta morð. Hann er því þekktasti raðmorðingi landsins. Axlar-Björn var dæmdur til dauða en aftökuaðferðin er eiginlega einsdæmi á Íslandi,“ segir Ólafur og bætir við að við sögu komi einnig skelkaður sýslumaður ættaður frá Þýskalandi, en á óvart komi hvernig þessi mál blandast inn í íslenskt réttarkerfi. - uhj

● **SAFNANÓTT FYRIR BÖRNIN** „Þetta er kjörin stund fyrir alla fjölskylduna til að sitja saman og eiga notalega stund. Safnanótt á nefnilega að höfða til allra,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur. Meðal þess sem í boði er fyrir yngstu kynslóðina á safnanótt eru fjölskyldusmiðjur á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu. Fjölskyldusmiðjan í norðursal Kjarvalsstaða heitir Vatn og litur og stendur yfir frá klukkan 18 til miðnættis. Hún er sett upp í tengslum við sýninguna Blæbrigði vatnsins. „Þar kynnast börnin vatnslitum, geta málað beint á vegginn í salnum og látið þannig listamannsdrauma rætast,“ segir Soffía.

Dágóð alþýðuskemmtun

„Kunnum við eitthvað fyrir okkur í þessu?“ endurtekur Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi og þingkona, spurningu blaðamanns. „Auðvitað kunnum við að spá í spil. Þetta er bara í blóðinu. Formæður okkar gerðu þetta og auk þess er þetta dágóð alþýðuskemmtun,“ segir hún hlæjandi en ákveðin. Þær Sigrún Magnúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, ætla að spá í spil fyrir gesti og gangandi í Víkinni, Sjóminjasafni í kvöld frá klukkan 21.

„Þegar við Sigrún vorum borgarfulltrúar höfðum við það að venju, þegar verið var að ræða fjárhagsáætlun borgarinnar og fundir stóðu fram á nótt, að slá í stjörnu eins og við kölluðum það. Við vorum mjög vinsælar og mættum stundum á svæðið til þess að spá eftir að við hættum í borgarstjórn.“

Heldurðu að þið hafið haft einhver áhrif á fjárhagsáætlunina með spádómunum? „Alveg örugglega, það er alltaf eitthvað sem rætist,“ segir Guðrún sposk. - uhj

Sigrún Magnúsdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir spá í spilin á Safnanótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● **SKRÍMSLI Í FUGLALÍKI** Rödd hans heyrist daglega á öldum ljósvakans á RÚV en í kvöld klukkan 21 ætlar Þorvaldur Friðriksson fréttamaður að bregða sér í búning skrímslasérfræðings. „Ég ætla að leiða kvöldgesti um skuggalega sýningarsali Náttúrufræðistofu Kópavogs og fræða þá um táknræna merkingu íslenskra fugla og fleiri dýra í trúarbrögðum og draumförum manna.“ Ef einhver vill vita hvernig flug músarindils getur spáð fyrir um veður getur sá sami spurt Þorvald. „Fuglar eru merkilegir í menningarsögu heimsins. Áður var algengt hjá mörgum þjóðum að spá fyrir um veður út frá flugi fugla eins og hrafna og álfta. Þá eru fuglar nátengdir þjóðtrú margra þjóða, líkt og við þekkjum í heiðninni og þá sérstaklega sköpunarsögum,“ segir Þorvaldur.

Ritstjóri: Guðríður Inga Ingólfsdóttir, verkefnastjóri viðburða á Höfuðborgarstofu
Ábyrgðarmaður: Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu
Útgefandi: Höfuðborgarstofa **Heimilifang:** Aðalstræti 2 **Sími:** 590 1500
Vefsíða: www.safnanott.is **Netfang:** gurry@visitreykjavik.is

MÁLVERK

Fyrir fjársterka aðila leitum við að verkum eftir LOUISU MATTHÍASDÓTTUR, STÓRVAL, GUNNLAUG BLÖNDAL, NÍNU TRYGGVA og KJARVAL.

Ef þú villt selja málverk, þá er tvennt sem skiptir öllu máli: að þurfa ekki að greiða 20 % eða meira í sölulaun og að fá verkið uppgert um leið og sala fer fram.

ÖRUGG ÞJÓNUSTA – *LÆGRI SÖLULAUN*

GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35
SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is

Þorbjörg Marinósdóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir „Íslenskir karlmenn gera ekki rómantíska hluti af hræðslu við að vera „sökkerar“.“

meirihluta dagskrárgerðarinnar á bak við þáttinn en Tobba er auk Djúpu laugarinnar í fullri vinnu hjá Séð og heyrt og er að skrifa bók um stefnumótamenninguna á Íslandi. Spurð um hvernig hún hafi tíma til þess svarar hún: „Ég á ekki mann!“ og skellihlær.

„Það er alls konar frábært fólk sem er að koma í Djúpu laugina,“ segir Ragga en þær stöllur hafa tekið viðtöl við hundruð manna sem vilja koma í þáttinn. „Þetta er yndislegt, einlægt og klárt fólk og það hafa verið hrein forréttindi að kynnast því. Við hittum hvern einasta einstakling og leggjum mikið upp úr því að taka viðtöl við hvern og einn og para fólk vandlega saman í þættina. Við erum með alls konar fólk, ungt, gamalt, samkynhneigt, gagnkynhneigt, úr höfuðborginni eða af landsbyggðinni. Við finnum út úr þeirra áhugamálum og plottum deitin út frá því. Enginn þáttur er eins.“ Spurðar um hvernig það sé að þurfa að mæta á sjónvarpsskjá landsmanna í beinni segir Tobba það auðvitað vera dálítið vandræðalegt. „Pabbi minn er þó verri, í hvert skipti sem það kemur auglýsing um þáttinn þarf hann að skreppa út á bensínstöð. Magnað!“ Ragga segist hafa vanist þessu í gegnum tíðina. „Ég hef verið í útvarpi og sjónvarpi og ég er komin með harðan skráp. Við erum bara dagskrárgerðarmenn. Þátturinn fjallar ekki um okkur, heldur erum við bara þarna til að beina sjónum almennings að þátttakendum sem eru aðalstjörnurnar.“

* bak við tjöldin

Ragga

Platan sem þú ert að hlusta á núna:
Jay-Z, The Blueprint 3.

Bókin á náttborðinu:
A New Earth.

Hvernig væri draumastefnumótið þitt í einni setningu:
Kvöldverður á góðu bistrói með bíó eða göngutúr í eftirrétt.

Uppáhaldsveitingastaður í Reykjavík:
Hamborgarabúllan eða Við Tjörnina.

Draumaborgin:
New York og LA eru báðar frábærar á sinn hátt.

Hvert ferðu út að skemmta þér í Reykjavík:
Heima í stofu.

Tobba

Platan sem þú ert að hlusta á núna:
Það er eiginlega bara eitt lag. Medina - Kun for mig.

Bókin á náttborðinu:
Dale Carnegie-bókin og gömul perla sem heitir Íslenskir elskhugar og er safn af viðtölum við íslenska karlmenn frá 1985. Einstaklega opinská og falleg bók sem Kristrún hjá JPV lánaði mér til að hvetja mig áfram. Alger snilld.

Hvernig væri draumastefnumótið þitt í einni setningu:
Fyndið, spennandi og óvenjulegt!

Uppáhaldsveitingastaður í Reykjavík:
Sushiverksmiðjan, Vegamót og La Primavera.

Draumaborgin:
Reykjavík, en er að fara til New York í maí í fyrsta skipti en efast um að hún toppi elsku bestu RVK!

Hvert ferðu út að skemmta þér í Reykjavík:
Þangað sem kvöldið ber mig! Ég reyni að vera ekki of fyrirsjáanleg. Það gengur misjafnlega vel.

tíðin

* hönnun og fegurð

HLÝTT OG FALLEGT ÞETTA „öxl“ sjal frá farmers market er bæði gamaldags og nýtískulegt í senn og bæði hægt að hnýta það um hálsinn eða hafa á herðunum eins og indjánasjal. Töff við þröngar gallabuxur og kúrekastígvél.

TOPP 10

SNYRTIBORÐ sem var alltaf í kjallaranum hjá ömmu minni á Tjarnargötunni, þar sem ég ólst upp.

MYND AF LITLA PRINSINUM, sem hefur verið uppáhaldsbókin mín frá því ég var lítil.

ÞENNAN KJÓL gaf frænka mín mér í jólagjöf. Hann hitti fullkomlega í mark. Ég endaði með því að gifta mig í honum.

ÞENNAN HRING úr beini og skel keypti maðurinn minn á Kúbu, þar sem hann millilenti á leiðinni heim til Bahama-eyja, eftir sína fyrstu heimsókn til Íslands.

ÁLFHEIÐUR ANNA PÉTURSDÓTTIR

Danskennari og nemi



MYNDIR SEM PABBI MINN GERÐI

ÆGISHJÁLMUR sem ég keypti mér sjálf sem verndargrip árið 2006. Seinna gaf ég manninum mínum alveg eins hálsmen.



MIKILVÆGASTA VINNUTÆKIÐ, ipod-inn minn, og hátalarair sem maðurinn minn gaf mér.

PERLUSKREYTTUR SARÍ sem ég keypti á Waterloo-markaðnum í Amsterdam. Ég sá einu sinni fyrir mér að geta notað hann sjálf en hann endaði sem gardína.

SVARTHVÍT MYND AF MÉR OG MÖMMU MINNI

Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI

HÓLMFRÍÐUR

Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í fótbolta er á leið í atvinnumennsku í sterkustu deild heims í Bandaríkjunum.

Hólmfríður býr sig nú undir atvinnumennsku í Bandaríkjunum. Hún velur hollan, ferskan og framandi mat á SAFFRAN til að halda sér í toppformi.
Við erum stolt af að styrkja eina af okkar fremstu íþróttakonum.

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Einföld tæki Frísklegar kinnar, varir og augu er allt sem þarf til að líta betur út.

Andlitslyfting á fimm mínútum!

Nú hefur snyrtivörugúrúinn Bobbi Brown framleitt nýja og stórsniðuga línu sem hún kallar „ 5 Minute Facelift“ en um er að ræða nokkur einföld atriði sem geta gert kraftaverk fyrir hverja konu. Undirstaða „andlitslyftingarinnar“ eru góð krem og mælir Bobbi með New Extra Repair Cream sem dregur úr baugum og þrota og friskar upp augun. Á andlitið er sniðugt að nota Tinted Moisturizing Balm, litað og nærandi dagkrem sem veitir húðinni ljóma. Undir augun er svo notaður nýr penni „Tinted Eye Brightener“ sem felur bauga og er til í átta mismunandi litatónum. Yfir augnlokið er fallegt að setja mattan ljósan augnskugga í „Navajo“ og svo fína línu af dökkum „Caviar“ upp við augnhárin og enda svo með maskara. Nýju kinnalitirnir heita Pot Rouge og eru kremaðir og koma í fjórum yndisfögrum litum. Þeir friska svo sannarlega upp á andlitið og gefa sérstaklega heilbrigt útlit. Það er líka hægt að nota þá á varirnar, nú eða þá nýtt gloss í tveimur litum sem kallast Brightening Lip Gloss og lætur varirnar líta út fyrir að vera þrýstnari. Einstaklega einföld förðun sem lætur þig líta út fyrir að vera afar lítið máluð, en þú munt líta mun betur út. Nýja Make Up Facelift-línan frá Bobbi Brown fæst í Lyfju, Kringlunni og í Hagkaup, Smáralind.

- amb

TITLEIST PERFORMANCE INSTITUTE - TPI

GUNNAR MÁR - TPI KENNARI

4 VIKNA

»GOLF FITNESS NÁMSKEIÐ NORDICASPA

GOLFFITNESS ÆFINGAR
2 tímar á viku
Gunnar Már
TPI kennari

TPI LÍKAMSGREINING
sérhæfð líkamsrækt
fyrir kylfinga

HEITIR POTTAR OG HERÐANUDD
eftir hvern tíma

GOLFFITNESS
FYRIR KONUR OG KARLA

ÞRI - FIM 8:30 - 11:00 - 16:30

MÁN - MIÐ - FÖS Frjáls mæting í tækjasal
Æft eftir TPI greiningu með þjálfara

HEITIR POTTAR OG HERÐANUDD

kr. **39.900,-**

BÆTTU VIÐ GOLFKENNSLU

VIDEOSVEIFLUGREINING
með golfkennara Pro Golf

GOLFKENNSLA
Vikulegir hóptímar í Básum
með golfkennara Pro Golf

kr. **49.900,-** (Golffitness + Golfkennsla)

Markmið TPI prógrammsins er að finna veika hlekki í hreyfanleika eða styrk gegnum líkamsgreiningu. Golfsveiflan er blanda af þessu tvennu og ef hreyfigeta eða styrkur er takmarkaður eða hreinlega ekki til staðar verður þú alltaf takmarkaður af þessum veikleikum og ert stórlega að auka hættuna á meiðslum.

Tpi Golf Fitness prógrammið bætir þessa veikleika með sérhannaðri áætlun svo líkaminn öðlist fullan styrk, hreyfanleika og kraft til að ná hámarksafköstum út úr hverri sveiflu hjá þér.

"Ef þú ferð ekki í gegnum líkamlegt mat ertu að giska á hvað þú þarft að gera til þess að bæta þig sem golfari"

Dr.Greg Rose, stofnandi Titleist Performance Institute

Golffitness námskeiðin hefjast 16. febrúar - Fundur laugardaginn 13. febrúar kl. 11:00

Upplýsingar hjá NordicaSpa
í síma 444 5090
www.nordicaspa.is

NORDICASPA PROGOLF TPI CERTIFIED GOLF FITNESS INSTRUCTOR

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Hrefna Rósa Sætran, kokkur

Ég mundi vilja vakna við símtal þar sem mér væri tilkynnt að ég hefði unnið fúlgu í lottói og fá mér svo lýsi.

Beint eftir það myndi ég vilja fara í vinnuna á Fiskmarkaðinn og hnoða sushi með mínum frábæru samstarfsfélögum í frábæru föstudagsandrúmslofti.

Strax eftir hádegi mundi ég vilja kaupa mér hús í Skerjafirðinum með stórum garði, heitum potti og fataherbergi.

Á meðan kaupsamningurinn væri að renna í gegn mundi ég hanga með kisunum mínum, sjóða fyrir þær túnfisk og kúra með þeim.

Svo um kvöldið byði ég öllum vinum mínum í nýja húsið í risagrill, rokkband og pottapartí sem myndi standa fram á rauða nótt.

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn

Fleetwood Cheyenne árg 2004. Fortjald, sólarsella, ísskápur, heitt og kalt vatn. Verð 1.490.þús kr. Raðnúmer 100125 Bílamarkaðurinn Smiðjuvegur 46E-200 Kópavogur s. 567-1800 www.bbv.is

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

BÍLALIND.is

LAND ROVER RANGE ROVER HSE. Árgerð 1997 innfluttur nýr! ekinn aðeins 118 þ.km, sjálfskiptur, leður ofl. ofl. Tilboðsverð 650.000 stgr. #280973 Bíllinn er á staðnum og bíður eftir útrásarvíkingi! Opið laugardag kl. 11:30-15:00

DODGE RAM 1500 - 5,7 HEMI. Árgerð 2006, ekinn 73 þ.km, 35“ dekk, pall-lok og fleira skraut! Verð 2.980.000. #280777 Bíllinn er á staðnum og það er kominn fiðringur í hann! Opið laug-ardag kl. 11:30-15:00

SUZUKI GRAND VITARA DIESEL 35“ BREYTTUR. 08/2005, ekinn 49 þ.km, Rosalega vel breyttur jeppi í topp-ástandi! Verð 2.690.000. #281140 Forystusauðurinn er á staðnum og bíður þess að fara með þér í fjallaferðir! Opið laugardag kl. 11:30-15:00

HYMER ERIBA NOVA S 680. 06/2007, Rosalega flott hjólhýsi nú loksins til sölu, aðeins bein sala! Verð 4.840.000. #280666 Er á staðnum og bíður eftir þér! Erum farin að taka við skráning-um á ferðavögnum, vaxandi eftirspurn! Opið laugardag kl. 11:30-15:00

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
http://www.bilalind.is

bíll.is

BMW X5 3.0 sjálsk. 2007árg ek 40 Bíllinn er Hlaðinn búnaði Verð 7.990.000.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

HEIMS BÍLAR

Toyota Landcruiser 7/2008, ek. 17þ 7 manna, einn með öllu, s.s. leður, lúga, dvd spilari, loftpúðafjöðrun, fjar-lægðarskynjarar,dráttarb., Xenon ljós, 35“breyttur frá Arctic Trucks, skoðar ýmis skipti uppl í síma 567-4000

Toyota Landcr. VX árg 11/2005, ásett v. 5.990þ, listaverð frá Toyota er 6.430þ, þessi Landc. lítur mjög vel út, einn með öllu, s.s. krókur, leður, loftpúðafjöðrun, loftkæling, sjón er sögu ríkari uppl. í síma 567-4000

Honda CRV árg. 2005, ek 47, ssk ásett verð 2.590þ, hægt að yfirtaka lán uppá ca. 2.350þ, vel útbúið ökutæki. uppl í síma 567-4000

ford Escape XLS árg 2004, ek. 102þ ssk, krókur, ásett verð 1.790þ, mjög góður staðgr.afsláttur. uppl í síma 567-4000

VW polo 1.4 árg 06/2008, ek 34þ, lítur út eins og nýr, sparneytin bíll, eyðir aðeins 6l á hundraði, ásett verð 1.930þ, uppl. í síma 567-4000

Toyota Corolla 05/2006, ek 60þ, spar-neytin fjölskyldubíll, tilboð 1.590þ, uppl. í síma 567-4000

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

Bíla og vagnasalan.is 527 24 24

CHEVROLET AVALANCHE 1500. Árgerð 2003, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.890.000. Bíllinn er á staðnum. Gott eintak.

Bíla og vagnasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 5272424
http://www.bilaogvagnasalan.is

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

FORD E150 ECONOLINE 44“ breyttur. Árgerð 1992, ekinn 230 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.290þ Skoðar skipti Rnr.129447.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

SUBARU LEGACY WAGON LUX. Árgerð 2009 NÝR ekinn 0 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.leður ofl. Verð 5.650þ Skoðar öll skipti líka á dýrari Rnr.128729.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35“. Árg 5/2006, ekinn 99 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur.8 manna Verð 5.980þ skoð-ar skipti Rnr.151115.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

FORD E250 ECONOLINE HÚSBÍLL. Árg 2000, ekinn 60 þ.km, innfluttur af umboði BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.780þ Topp eintak - skoðar skipti Rnr.151194.

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

TOYOTA HIACE. Árgerð 2003, ek 69 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 1.980þ skoðar skipti Rnr.129777.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

HÖFÐAHÖLLIN
NORÐURHELLA 8 • 221 HAFNARFJÖRÐUR
fluttir í fjörðinn!

MAZDA 323 S/D GLX Árgerð 1998. Ekinn 175 þ.km Verð kr. 450.000.

TOYOTA COROLLA WAGON TERRA Árgerð 1998. Ekinn 216 þ.km Verð kr. 420.000.

Höfðahöllin
Norðurhella 8, 221
Hafnafjörður
Sími: 567 4840
Vantar bíla á skrá og á stað-inn.
www.hofdahollin.is

100bilar.is bílasala



Cadillac Escalade AWD, árg. 6/2007, ek. 59þús.km, 404hö, sjálfskiptur, DVD & playstation,sumar & vetrar dekk, Fluttur inn nýr og með öllum aukahlutum!! Ásett verð 7900þús.kr! er á staðnum

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf 821-6292

Ford Transit Minibus diesel, 15 manna, árg.2002, ekinn 210þús.km., sk.'11, bíll í topplagi, verð kr. 1.950.000,- 821-6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílasala

Ertu að selja bílinn þinn?

Skráðu hann hjá Toyota Kletthálsi

Tökum allar tegundir
bíla í umboðssölu

Afgreiðslutími:
Virka daga: 09.00 - 18.00
laugardaga: 12.00 -16.00

Sími: 570 5220

Toyota Kletthálsi
Kletthálsi 2 - 110 Reykjavík
www.bnb.is

TOYOTA
Today
Tomorrow
Toyota

Bílar til sölu

Til sölu Hyundai Sonada tdi 2007 e.70þkm og Ford Fiesta 2007 e.52Þkm Uppl. í s. 894 0068.

Til sölu Mitsubishi Pajero árg.1997 Ekinn 205 km.í góðu ástandi, 35“dekk. Verð 500.000 kr.staðgreitt

Tilboðsverð 2.750þ !
VW Golf GTI - EDITION 30, árg 2007, ek:72þ.km, ssk, 230hö, leður, topp-lúga, 19“ felgur ofl. Ásett Verð: 3.690þ. Tilboðsverð! 2.750. Skoða skipti á ódýr-ari. Upplýsingar í síma 699 5880

Tilboðsverð 3.470þ !
BMW 530Dísel, árg. 2004, ek:145þ. km, leður, ssk, lúga, 18“ felgur, comfort sæti, head up display, hlaðinn auka-búnaði. Ásett Verð:4.490þ. Tilboðsverð: 3.470þ.! Upplýsingar í síma 699 5880.

Til sölu Nissan Almera árg. 12/'02 ek. 82 þús. km. 1.800 sjsk. Vel með farinn bíll í toppstandi. V. 950 þús. S. 894 0856.

250-499 þús.

Tilboð 390 þús.
Toyota Corolla Árg. '98 ek. 179 þús ./90þús. á vél. Nýskoðaður. Verð 390 þús. Uppl. s. 659 3459.

Tilboð 350 þús
Nissan Almera árg. '99 ek. 113þús, sk'11. Verð 350 þús. Uppl. s. 659 3459.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Skoðaðu úrvalið af notuðum bílum á www.bernhard.is/notadir

VOLKSWAGEN
GOLF TRENDLINE 1.6i
Nýskráður 3/2004, ekinn 99 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.390.000
Tilboð dagsins kr. 850.000

PEUGEOT
PARTNER 1400
Nýskráður 2/2010, **Nýr bíll**, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.890.000

HONDA
JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 7/2006, ekinn 59 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.850.000



HONDA
ACCORD COMFORT 2.0i
Nýskráður 9/2004, ekinn 97 þ.km, bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.590.000
Tilboðsverð kr. 1.380.000

MITSUBISHI
OUTLANDER
Árgerð 2003, ekinn 98 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.290.000

CADILLAC
ESCALADE 4 DR 4WD
Árgerð 2002, ekinn 142 þ.km, bensín, sjálfskiptur. **Áhvílandi 2.260.000**
Verð kr. 3.390.000
Tilboðsverð kr. 2.590.000

HONDA
ACCORD TYPE-S 2.4
Nýskráður 11/2005, ekinn 88 þ.km, bensín, 6 gírar.
Verð kr. 2.290.000

TOYOTA
COROLLA VVTI 1.6i
Nýskráður 6/2003, ekinn 97 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.390.000

Opið laugardaga
milli kl. 11:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11
Sími 551 7171 • www.bernhard.is

Tilboð 350 þús

Alfa Romeo 156 árg. '98 ek. 107 þús. ný tímareim, topplúga. sk. '11 Verð 350 þús. Uppl. s. 659 3459.

Toyota Corolla árg. '98 ek 164 þús. Mikið nýtt + skoðaður. V. 350. S. 698 4123.

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 230 þús.S. 661 3654.

Bílar óskast

Óska eftir bíl

Óska eftir bíl fyrir allt að 250.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

Óska e.að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl.í s:866-0471

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Mótorhjól

Óska eftir gömlu mótorhjóli árg 1970-85, skoða allt. uppl. síma 840-2170

Motor sport

Útsala á vespum í stuttan tíma!

50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

Eigum einn Rauðan Hippa 250cc, aðeins keyrðan 698km.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Skellinaðra. Peugeot XPS TL 50 CC Árg 2006 Verð 220.þús Sími 893-6321

Bátar

Handfærarúllur

BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

Aukahlutir í bíla

Óska eftir pallhúsi (skel) á Ford 150 eldri en 04. Eða skiptum á 150 bíl m. húsi fyrir 150 bíl m. loki á palli. uppl 6981667

Hjólbarðar

FELGUR Á X5. Óska efitir 20" felgum á dekkjum fyrir BMW X5 2007 og yngri. Helst Y-Spoke. Get látið 19" felgur í staðinn + milligjöf. Fer eftir ástandi á felgum og dekkjum. S. 840 3940.

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu.

PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Varahlutir

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

VW, Skoda, Audi.
S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Musso varahlutir.

Erum að rífa Musso 96-04.Hyundai H 1 99.Nissan Double Cap 97.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Korando 98.Kia Sportage 97.Suzuki Swift 91.Hyundai Accent 95.Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hf.. S.864 0984

partabílar.is 770-6400

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95 & '97. Impreza '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99. Golf '95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

A-Ö Þrif & Hreinlæti
Sími 662 0 662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

ALLT FYRIR GARÐINN!
- HELLULAGNIR
- SNJÓBRÆÐSLUR
- MALBIKSVIÐGERÐIR
- DRENLAGNIR
- SKÓLPLAGNIR

HRINGID Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK

Garðyrkjufræðingurinn Trjáklippingar-Trjáfellingar.Gerum verðtilboð Jóhann Sigurðsson-Mímir Ingvarsson garðyrkjufr S 8691600

Trjáklippingar

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, framtöl, stofnun fél, ársreikn. VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977, framtal@visir.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sannngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

REGIS

Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaöflun vegna greiðsluaðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, www.regis.is

ATOZ

Gjaldþrotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluaðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Vöruflutningar

Búslóðir & alhliða sendib.þjónusta. Sanngjarnt verð! S. 892 6363 & á www.vefsida.is/skutlari.

Húsaviðhald

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, upppsetningar, þakviðgerðir, viðgerðar á bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Caelum verktakar Reykjavík og nágrenni

Allt sem tengist húsaviðhaldi s.s endurnýjun þak og þakrennu, lekaviðgerðir, sprunguviðgerðir málun og fl. Hellulagnir, þökulagnir, klóaklagnir, drenlagnir, múrviðgerðir, flísalagnir og allt því tengt. Sólpallasmíði og trjáfellingar. Fagleg og góð þjónusta. Tökum að okkur stór og smá verk. Tilboð að kostnaðarlausu. Uppl. í síma 820 8888.

VISA - MASTER - EURO

Fagþjónusta - Allt á einum stað

Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, málingu, pípulögn, glerísetningum og fleira. Fljót og góð vinnubrögð. Strúktor ehf. Uppl. í síma 824 0150 og 824 0160.

VIÐHALDSTAK !
Sími: 534- 3117 GSM: 697- 4650
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
www.vidhaldstak.is
tak@vidhaldstak.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Parketslípun & lökkun
Áratuga reynsla
Tilboð að kostnaðarlausu
Parketstöðin ehf
s. 848 0891 og 894 0891
VISA
Kortalán

Glerjun og gluggaviðgerðir

Lása og hurðaviðgerðir ásamt öðrum smíðaverkefnum. Glugga og hurðaþjónustan, S. 895 5511 smidi.is

ÞAKDÚKUR, VIÐGERÐIR Á ÞÖKUM. Legg dúk á fleti. 10 ára reynsla. Uppl. í s: 660-3571. Lárus

Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

Pípulagningameistari - Öll almenn pípuraþjónusta. TILBOÐ/Tímavinna. S. 824 7788.

Tölvur

tölvuhjálp!
Eitt ódýrasta tölvuverkstæði bæjarins
Sími 588 9590/860 9970
www.tolvuhjalp.is
Vesturvör 32 a Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Ný lemevo IDAPad U350-2GB svört. Kostar ný 110þ. Verð c.80þ. Uppl. í S.587 9505.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Nudd

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5015.

Sælunudd 844-0253.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 844 0329

Whole body massage. S. 849 5247

Spádómar

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Önnur þjónusta

Yfir 100 tegundir af ótrúlega flottum öskudagsbúningum fyir krakka á öllum aldri, frá kr. 1,950. Opið 10-22 alla daga til öskudags. Partýbuðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

Þjónusta

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562
Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

Námskeið

LÍFVARÐANÁMSKEIÐ

Öryggisvarðaskólinn heldur Lífvarðanámskeið í mars nsk. Skráning hafinn Starfsmöguleikar á heimsvísu í samvinnu við TERR SECURITY.

www.ovskoli.is Andri S. 698 1666

Öryggisvarðaskólinn

SJÁLFSVARNARNÁMSKEIÐ

Viltu vera öruggari við störf ?
Öflugt sjálfsvarnarnámskeið fyrir dyraverði, barþjóna, öryggisverði ofl. Og alla þá sem vilja læra eitthvað gagnlegt

www.ovskoli.is Andri S: 698 1666

Öryggisvarðaskólinn

KEYPT & SELT

Til sölu

Motor sport

Er leiðinlegt að ryksuga ? Auto Cleaner elskar það og þú slakar bara á!

Auto Cleaner sér um heimilisþrifin á meðan þú nýtir tíman í annað! Fer sjálfkrafa í hleðslustöð. Þú stillir tímann á þann tíma sem þú vilt að hún byrji að þrífa. Verð 27.800.- algengt verð hjá samkeppnisaðila 49.000.- Þú sparar 21.200.- !

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Verslunin Marilyn Monroe

Opnunartími 14.00-17.30
Þri - Föst

Opið á fimmtudögum
14.00 -17.30

Lokað á mánudögum

Notaður fatnaður, skór, töskur o.m.fl. í bland með nýju. Fínir prinsessukjólar í úrvali, fínir fyrir öskudaginn verð aðeins 1.500-2.000kr. Skór, stelpu gull & silfur 500kr. Allar gallab., nýjar/notaðar 500kr. Allar blússur nýjar/notaðar 500kr. Pils, ný eða notuð 800kr. Ofl. Ofl. Sjáumst Hress
Sjáumst hress. Starrmýri 2, gengið inn frá Álftamýri.
Sími 662 2513.

Marilyn Monroe verslun með notaðan og nýjan fatnað. Opið þrið-föst frá 14-17:30 og fim til 20. Starrmýri 2, gengið inn frá Álftamýri. Sími 662 2513.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Staðgreiðum gull og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumalltgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

---

FRÍMERKI
Kaupi frímerki og frímerkjasöfn, sanngjarnt verð. Hafið samband við Guðmund í s. 857 4001 eða gudmund.jensson@gmail.com

Hljóðfæri

Eighty eighty NORD STAGE Revision 8 lítið notað, 1 árs gamallt píano til sölu. Verð 260þ. S. 897 0584.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur næst með Herbalife
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Fullkomið nudd. Uppl. í s. 662 0841.

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

J. B. HEILSULIND
Tilboð 2 fyrir 1
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

Námskeið

Næringarráðgjöf, sem vinnur með jafnvægi milli sálar og líkama. Fæðuóþolspróf og sveppaóþolspróf sem byggist á mótefnamælingu. Pantið tíma sem fyrst. Elísabet næringarþerapisti 892-3808

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Harmonikukennsla hafin. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavík. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.
For more info call 692 0649

---

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

---

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 25þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu 3 herb., 107 fm íbúð í Álfkonuhvarfi 45. Póstnúmer 203. Leiga 130 þús. Uppl. í S 699 5552

Herb. til leigu með eldhúsi og baði á Seljabraut 109 R. Allt innifalið. Laus strax. S. 698 2263.

Fullb herb 108R/Privat inng/Wc 25þ. Fyrirsp: renatapeskova@yahoo.com. Ljósm./uppl.sendar strax

Húsnæði óskast

ALLAR GERÐIR FISKIBÁTA ÓSKAST
Ókeypis skráning
SKIPANAUST
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf.
SKIPASALA
530-7200

Óska eftir 3-4herb í Rvk frá 1.3 Langtíma leiga, tryggvíxill, skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið greiðsla til 150þús á mánuði, er með hund S.7722980

Mæðgur óska eftir 2ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslug. 70 - 75 þ. Skilvísum gr. heitið. Hef mikið af góðum meðmælum. s: 8696460

Reyklaus reglusamur 26 ára maður ó.e. 3herb. íbúð. 100-120þ. Skoða allt. Mail: 3hibud@gmail.com

Atvinnuhúsnæði 600-800fm óskast
600-800fm, ráðstefnu/fundarhúsnæði til langtímaleigu. Uppl. s. 692 7999 Sigurjón og 698 2298 Eiður.

Óska eftir 4 herb. íbúð í nágrenni Álftamýrarskóla uppl.s 6592565 oddnystef@simnet.is

Aðili sem er að flytja til Rvk. óskar eftir 3 herb. eða stærri íbúð á Reykjavíkursvæðinu sem fyrst. Er með hund. Uppl. í S 451 0059 eða 895 7601.

Ungt par, óskar eftir par/raðhúsi eða einbýli, á höfuðborgarsvæðinu,hverageði eða selfossi.Til langtímaleigu. Með 2 smáhunda. Greiðslugeta 150-180 þús kr. Hægt að hafa samband í gegnum : ibud2010@visir.is

Sumarbústaðir

Tilboð á 46fm
Sumarhúsum einnig viðbyggingar,sólpallar,mikil reynsla, erum á Suðurlandi. Uppl í S.893 0422 & 894 0048

Atvinnuhúsnæði

120 m² atvinnuhús áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl.. 300 m² sólp.. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s: 8976302

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ WC 3MHURÐ GOTT AÐGENGI V85ÞÚS S 8927858

Laugavegur 40 Rvk. Til leigu glæsilegt verslunarhúsnæði 105fm götuhæð +55fm lager í kjallara (lyfta). Laust 1 mars. S. 898 0217.

Skemmtanir

Cafe Catalina

HEILSUGÆSLAN – hápólitískur gamanleikur
Sýnt í Catalínu 12. febrúar.
Miðasala hafin í Catalínu, Hamraborg 11. S: 554-2166.

Hljómsveitin Kos spilar eftir sýningu!
Boltinn í beinni!

Þjónusta

◆ STEYPUSÖGUN ◆ KJARNABORUN
◆ MÚRBROT ◆ PÍPULAGNIR
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði, 320 fm, til leigu við Smiðjuveg. Uppl. í 896 0551.

Til leigu atvinnuhúsnæði 188fm. Upplýsingar í síma 892 1186.

Til leigu góð og björt efri hæð í iðnaðarhúsnæði við Bíldshöfða. sími 699-5112.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Bílskúr

25 fm bílskúr til leigu í hverfi 108. V. 25 þús. S. 698 2298.

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

ATVINNA

Atvinna í boði

Laekjarbrekka
Alltaf sigild - Alltaf ljúf

Lækjarbrekka
Erum að leita að öflugum matreiðslumanni. Hæfniskröfur: Mjög góð mannleg samskipti, sveinspróf.
Upplýsingar veitir Kristófer 551-4430 eftir kl. 13:00.

Aukavinna á kvöldin
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Kauptrygging og bónusar. Uppl. í S. 868 4551. Félagaþjónustan.

Atvinna óskast

ísl kk, múrari með sveinspróf leitar að vinnu, skoða allt! uppl: finnbogikarl@gmail.com eða s:849 8056.

Viðskiptatækifæri

Netverslun sem selur og sendir heim hjávarfang, til sölu. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. Einar, s. 899 4629.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

kettlingur okkar er týndur, grá og hvít, týndist á svæði 107. Hafið samband í 8496706.

Tilkynningar

Strákar spjallið við dömuna
S. 908 1010 alla daga.

Guðspekifélagið
Í kvöld, föstudaginn 12. febrúar kl. 20:30 heldur Dagmar Hjöleifsdóttir erindi sem hún nefnir: Kynning á hugleiðslu, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 13. febrúar kl. 14:00 er hugleiðing, kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30:** heldur Þorlákur Morthens erindi sem hann nefnir: Kærleikurinn og Búddha.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

Einkamál

Símadömur 908 1616
Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!
Halla er ný.
Opið þegar þér hentar 908 1616.

Tilkynningar

HAFNARFJÖRÐUR
www.hafnarfjordur.is
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Auglýsing sveitarstjórnar um niðurstöðu, sbr. 3. mgr. 18. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005–2025 Sléttuhlíð.

Tillagan var auglýst og lá fram til kynningar í Ráðhúsi Hafnarfjarðar 26. ágúst 2009–25. september 2009.

Athugasemdarfrestur rann úr þann 9. október 2009 og bárust 3 athugasemdir.

Bæjarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umverfisráðherra um lokaafgreiðslu tillögunnar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu bæjarstjórnar geta snúið sér til Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Norðlingabraut 5
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðar Orkuveitu Reykjavíkur að Norðlingabraut 5. Í breytingunni felst að lóð er stækkuð og gerðir tveir nýjir byggingareitir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 12. febrúar 2010 til og með 26. mars 2010**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 26. mars 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 12. febrúar 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Fasteignir

husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali

Sölu og leigusýning sunnudag milli kl 15:00 og 16:00.

Nýtt parhús
Dalsbrún 3 Hveragerði.
Um er að ræða vel heppnaða og fullbúna eign á góðum stað í Hveragerði samtals 161 m2 og telur hún; forstofu, stofu, eldhús, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús ásamt rúmgóðum bílskúr. Eignin er ný innréttið og tilbúin til afhendingar.
Ásett verð er 25,7 millj. FERMETRAVERÐ AÐEINS 159 þús,
lán frá ILS getur fylgt. Eignin getur einnig fengist til útleigu.

Nánari upplýsingar gefur Atli sölufulltrúi s: 899-1178 eða atli@husasala.is

Fasteignir

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

TIL LEIGU

Óskað er eftir leigutilboði í neðangreind húsnæði.

Stangarhylur 7, Reykjavík

Um það bil 435fm húsnæði á annarri hæð. Móttaka, búningsklefar og sturtur á fyrstu hæð. Stór æfingarsalur, minni æfinga svæði, salerni og kaffi aðstaða á annarri hæð. Einnig mjög gott 464fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með innkeyrsludyrum. Góð lofthæð (ca 3.70m) Næg bílastæði og gott aðgengi.

Bæjarlind 14-16, Kópavogi

Skrifstofuhúsnæði á 3ju hæð (efstu). Húsnæðið er með glugga á 4 vegu, glæsilegt útsýni. Í sama húsnæði á annarri hæð eru til leigu ca 10 fm og ca 50 fm skrifstofuherbergi. Sameiginleg kaffiaðstaða og snyrting.

Skeiðarás 3, Garðabær

Lager eða verkstæðishúsnæði , 504 fm sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útisvæði er við húsið.

Lyngás 12, Garðabær

Mjög gott 125 fm atvinnuhúsnæði, tvennar innkeyrsludyr, 2,70 m á breidd, 2,80 m á hæðina, lofthæð 3,80 m, 4,40 m undir mæni.

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Til sölu

TIL SÖLU

A. KARLSSON BESTA

Til sölu eru rekstur og eignir þrotabús A. Karlssonar ehf.

A Karlsson ehf. var leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki á heilbrigðis-, fyrirtækja og einstaklingssviði. Fyrirtækinu var skipt upp í eftirtalin svið:

Heilbrigðissvið er með vörur fyrir allar deildir heilbrigðis- og sjúkrastofnana. Einnig með tæki, efnavörur og innréttingar fyrir rannsóknarstofur og vöruval fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili, sjúkraþjálfun og vörur á sviði hjálpartækja. Helstu umboð eru GE Healthcare, Lohman&Rauscher o.fl.

Veitinga- og húsgagnasvið er með tæki, búnað og húsgögn fyrir veitingastaði, kaffihús og stóreldhús stofnana og fyrirtækja Einnig með húsgögn fyrir skrifstofur og fundarherbergi. Hreingerningaráhöld, tæki og efni fyrir verktaka, heilbrigðisstofnanir og vinnustaði. Helstu umboð eru Ilsa, Satelliet, Hounö, Bravilor o.fl.

Verslanir í Ármúla í Reykjavík og í Njarðvík. Verslanirnar eru sérhæfðar á hreinlætisvörumarkaði og eru með mikið úrval af hágæða tækjum, áhöldum og efnum til hreingerninga. Helstu umboð eru Spartan, Vikan o.fl.

A Karlsson ehf. rak verkstæði og sinnti viðhaldi tækja og sölu varahluta.

Óskað er eftir tilboðum í eignir og rekstur þrotabúsins, í heild sinni eða í einstakar deildir þess, m.a. í verslanir BESTA. Upplýsingar veitir undirritaður skiptastjóri þrotabúsins (thorsteinn@forum.is) og fulltrúi hans, Halldór Reynir Halldórsson, lögfr. (hrh@forum.is) Tilboðum skal skilað til undirritaðs fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 16. febrúar 2010. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Þorsteinn Einarsson, hrl.
forum lögmenn
Aðalstræti 6, Reykjavík
sími 562 3939
fax 562 2150

Markmið fyrningarleiðar

UMRÆÐAN
Guðjón Ingólfsson skrifar um fyrningu aflaheimilda

GUÐJÓN INGÓLFSSON

Ístjórnarsáttmála ríkisstjórnar er kveðið á um að innkalla skuli allar aflaheimildir og endurráðstafa á 20 árum. Innköllun og endurráðstöfun skal hefjast 1. september 2010. Sjávarútvegsráðherra hefur yfirumsjón með þessu verki.

Þetta þýðir að allar núgildandi úthlutunarheðir gjafakvóta skulu vera fyrndar 1. september 2030. Allar aflaheimildir skulu þannig vera komnar í hendur réttra eigenda sinna, þ.e. til þjóðarinnar, fyrir þann tíma. Í hennar umboði skal auðlindasjóður síðan sjá um endurúthlutun/-leigu á þeim, með nýjum formerkjum. Þess verður gætt að jafnræði og sanngirni verða látin taka við af hagsmunagæslu í þágu fárra útvaldra.

Frá fulltrúum stórútgerðarinnar bergmálar hræðsluáróðurinn úr öllum áttum. Þeir berjast við að koma í veg fyrir að það verndaða, lokaða og spillta umhverfi, sem þeir hafa allt of lengi starfað í, líði undir lok. Nú veltur allt á því að stjórnvöld sýni þann styrk, áræði og kjark sem til þarf til að standa óhögguð gagnvart þessum öflum og gefa hvergi eftir með umbætur sínar.

Eftir fyrningu aflaheimilda skal, að mati greinarhöfundar, hafa að leiðarljósi eftirfarandi markmið við endurúthlutun þeirra eða leigu:

1. Að veiðarnar verði eingöngu stundaðar með veiðiaðferðum sem útheimta lágmarks orkunotkun og um leið lágmarks kolefnislosun. Þannig verða neikvæðar afleiðingar veiðanna fyrir andrúmsloftið lágmarkaðar og gjaldeyriskostnaður þjóðarbúsins vegna olíukaupa til þeirra einnig lágmarkaður.

2. Veiðarnar verði stundaðar með veiðarfærum sem ekki valda umhverfislegri eða vistfræðilegri eyðileggingu. Fjölbreytt staðbundið líf þrífst á hafsbotni og í honum er mikilvæg undirstaða viðkomu alls annars lífs í hafinu.

3. Að innkallaðar og endurúthlutaðar/-útleigðar aflaheimildir dreifist um landið allt. Þannig verði sem best, um ókomna framtíð, tryggð búseta og blómlegt mannlíf í jaðarbyggðum sem og öðrum byggðum þessa lands sem til þessa hafa byggt afkomu sína og tilveru á sjávarútvegi.

Til að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru undir liðum nr. 1 og 2 hér að ofan, verður að taka upp vistvænni veiðiaðferðir. Skaðlegasta veiðarfærið er botnvarpan. Ekkert veiðarfæri útheimtir jafn mikla orku og losar því jafn mikið af gróðurhúsaloftegundum í rekstri og botnvarpan.

Botnvörpuveiðar valda miklum skaða á hafsbotni. Þær brjóta, eyða, og jafna út búsvæðum alls staðbundins lífs. Þær eyða hraunkörgum, kóralsvæðum og loka glufum og gjótum. Skaði sem hlýst af botnvörpuveiðum veldur því að fæðuframboð í hafinu minnkar og minni fiskar og seiði missa lífsnauðsynlegt skjól. Að mati greinarhöfundar koma togveiðar á þennan hátt í veg fyrir eðlilega viðkomu fjölda fiskistofna hér við land. Greinarhöfundur telur t.a.m. að skýringuna á stöðugri minnkun þorskstofnsins, sem er okkar mikilvægasti veiðistofn, sé að finna í því sem hér kemur fram.

Árið 1950, var þorskstofninn hér við land u.þ.b. 2,5 millj. tonna. Frá þeim tíma og þar til nú hefur hann stöðugt verð að minnka, þrátt fyrir stöðugt aukna friðun. Núna er þorskstofninn kominn niður í u.þ.b. 700. þús. tonn, þrátt fyrir að veiðiálag hafi aldrei verið minna.

Ekkert veiðarfæri útheimtir jafn mikinn rekstarkostnað við veiðar á bolfiski í hlutfalli við atvinnusköpum eins og veiðar með botnvörpu.

Það útgerðarmynstur og þau veiðarfæri við bolfiskveiðar sem falla best að þeim markmiðum sem hér hafa verið tilgreind er smábátaútgerð sem notar handfæri, línu eða net við veiðar sínar. Þetta útgerðarmynstur fellur best að markmiðinu um litla orkunotkun og litla losun gróðurhúsalofttegunda. Það fellur best að markmiðunum hvað varðar ósnortið fjölskrúðugt lífríki og umhverfi í og á hafsbotni. Þetta útgerðarmynstur fellur einnig best að markmiðinu hvað varðar byggðasjónarmið og atvinnusköpun.

Höfundur er verkfræðingur og fyrrverandi vélstjóri til sjós.

Ósann-indabrigsl

UMRÆÐAN
Ólína Þorvarðardóttir svarar Hirti Gíslasyni

Hjörtur Gíslason, stjórnarformaður Ögurvíkur hf., fékk birta athugasemd í Fréttablaðinu í gær, þar sem hann sakar mig um „rakin ósannindi“ um skuldastöðu og fjárfestingar fyrirtækisins Ögurvíkur. Af þessu tilefni skal tekið fram að ég hef hvergi fjallað sérstaklega um skuldir eða fjárfestingarstefnu Ögurvíkur. Nafn fyrirtækisins kom fyrir í grein sem ég skrifaði í Fréttablaðið 21. janúar sl. þar sem talin voru upp fjölmörg útgerðarfyrirtæki sem hafa starfað lengi í sjávarútvegi. Ummælin voru þessi: „Eigendur þessara fyrirtækja hafa nýtt þær veiðiheimildir sem útdeilt var á fyrstu árum kvótakerfisins til þess að fjárfesta og skapa ný verðmæti. Gallinn er bara sá að þau verðmæti hafa mestmegnis runnið út úr greininni með áhættufjárfestingum og erlendum skuldum.“ Þarna er almennt verið að fjalla um skuldastöðu og fjárfestingarstefnu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, sem stjórnarformaður Ögurvíkur kýs að taka til sín og vill bera af sér. Það er honum heimilt. En að sverta nafngreint fólk með fullyrðingum um „rakin ósannindi“ er ofmælt af þessu tilefni.

Höfundur er alþingismaður.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

CHARLES DARWIN (1809-1882) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Api, sem yrði drukkinn af því að drekka koníak, myndi aldrei snerta við því aftur, og er því mun vitrari en flestir menn.“

Charles Darwin var breskur náttúrufræðingur sem þekktastur er fyrir kenningu sína um þróun lífvera vegna náttúruvals.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. FEBRÚAR 1940

Bannað að fara í Eldey

Á þessum degi fyrir sextíu árum var Eldey friðuð með lögum.

Eldey er 77 metra hár klettadrangur um 15 kílómetra suðvestan við Reykjanes. Þar er ein af stærri súlubyggðum heims með um 14 þúsund til 18 þúsund súlupör sem verpa þar á hverju ári. Algengur misskilningur er að súluvarpið sé það stærsta í heimi en rétt er að stærsta súlubyggðin er á St. Kilda við Skotland.

Síðustu geirfuglar heims voru drepnir við Eldey árið 1844. Talið er að eyjan hafi fyrst verið klifin árið 1894 þegar þrír Vestmannaeyingar fóru upp klettana. Í þeim hópi var meðal annars Hjalti Jónsson, öðru nafni Eldeyjar-Hjalti.

Eftir að eyjan var friðuð er bannað að ganga á eyjuna án leyfis ríkisstjórnarinnar og bannað að granda þar fugli.

Hinn 20. janúar 2008 var leiðangur farinn til Eldeyjar og myndavélarbúnaði komið fyrir sem sendir myndefni frá eyjunni allan sólarhringinn.

ELDEY Súlubyggðin er ein sú stærsta í heiminum.

MERKISATBURÐIR

1879 Fyrsta manngerða skautasvellið opnað í Madison Square Garden í New York-borg.

1912 Kínverska keisaraekkjan Longyu segir af sér fyrir hönd síðasta keisarans Puyi sem markar endalok Kingveldisins.

1919 Skjaldarmerki Íslands er staðfest með konungsúrskurði. Merkinu var síðan breytt 17. júní 1944.

1950 Samband evrópskra sjónvarpsstöðva er stofnað.

1989 Í illviðri sest selta á einangrara í spennistöð á Geithálsi við Reykjavík sem veldur rafmagnsleysi á öllu Íslandi.

2004 Mattel-fyrirtækið tilkynnir að Barbie og Ken séu hætt saman eftir að hafa verið par í 43 ár.

AFMÆLI

CHRISTINA RICCI leikkona er þrítug.

JOSH BROLIN leikari er 42 ára.

TÍSKA Etienne á ásamt fleirum heiðurinn að hönnun einkennisbúninganna sem verða sýndir í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tískusýning í Listasafni Íslands

Fyrsta lestafélag Íslands, Icelandtrain eða Íslandslest, var stofnað á síðasta ári með það að markmiði að láta leggja lestarteina frá BSÍ til Keflavíkur. Fyrirtækið hefur nú fengið fatahönnuðinn Elmu Backman og listamennina Rebekku B. Björnsdóttur og Etienne de France til að hanna einkennisbúninga á starfsmenn lestarinnar.

„Við ætlum að sýna þá á tískusýningu á Listasafni Íslands, við Fríkirkjuveg 7, í kvöld klukkan 21 í tengslum við safnanótt,“ segir Etienne, sem hefur verið búsettur hérlendis um nokkurt skeið. Hann bætir við að hugmyndin á bak við Íslandslestina verði kynnt nánar hjá Alliance Française í Tryggvagötu 8 í kvöld, frá 19 til 24. Þess má jafnframt geta að á tískusýningunni frumflytur Magnús B. Skarphéðinsson eigin tónlist.

- rve

INGJALDUR HANNIBALSSON: FLYTUR RÆÐU Í TILEFNI ÁRS TÍGURSINS

Viðskiptaförin með Steingrími 1986 vakti áhugann á Kína

Kínverska nýárið, ár tígursins, gengur í garð 14. febrúar, á sunnudaginn. Ingjaldur Hannibalsson prófessor hefur fylgst náið með framvindu efnahagsþróunar Kína sem hefur verið æði hröð.

„Ég fór fyrst til Kína árið 1986 með viðskiptasendinefnd með Steingrím Hermannsson í fararbroddi,“ segir Ingjaldur sem á þeim tíma var forstjóri Álafoss. Hans markmið þá var að finna samstarfsaðila til að framleiða handprjónaðar lopapeysur á ódýran máta. Ferðin tókst ágætlega og voru í kjölfarið nokkur þúsund handprjónaðar peysur seldar í Bandaríkjunum.

Ingjaldur segir Kína í dag allt annað en landið sem hann kynntist fyrst fyrir 24 árum. „Þó að ákveðnir hlutir séu eins, líkt og miðborgin í Peking, þá er borg eins og Sjanghaí nánast óþekkjanleg. Þegar ég kom þar fyrst var hæsta byggingin 17 hæðir en í dag eru 5.000 byggingar í Sjanghaí með meira en 25 hæðir,“ segir Ingjaldur. Hann tekur einnig dæmi af 50.000 manna þorpi sem hann kom í rétt norðan við Hong Kong. Það þorp sé í dag orðið að 12 milljóna manna borg. „Hún byggðist að verulegu leyti upp vegna erlendrar fjárfestingar. Borgin dró síðan til sín fólk úr sveitunum,“ segir hann og tekur fram að þetta sé aðeins ein borg af mörgum sem byggst hafi upp á þessu tímabili.

Ingjaldur hefur fylgst vel með málefnum Kína og má segja að fyrsta Kínaförin hafi kveikt áhugann. „Tveimur árum síðar fór ég þangað í sumarfrí í tæpan mánuð. Síðan hef ég farið þangað nokkrum sinnum. Fór til dæmis til Tíbet og árið 2004 fékk ég tækifæri til að vera við Peninghásk0lann í hálfan mánuð þegar ég var að kynna mér skipulag og rekstur háskóla víða í heiminum,“ segir Ingjaldur sem situr meðal annars í stjórn Konfúsíusarstofnunarinnar hér á landi. Hann fór einnig með nemendur í MBA-námi við HÍ í námsferðir til Kína árin 2006, 2007 og 2008 og er á leiðinni í slíka ferð eftir mánuð.

Viðskipti Íslands og Kína voru á frumstigi árið 1986 þegar Ingjaldur kom þangað fyrst. „Þróunin var hæg til að byrja með,“ útskýrir hann og les upp úr línuriti fyrir blaðamann: „Árið 1988 var útflutningur til Kína nokkurn veginn í núlli og var það allt til ársins 2000. Árið 2007 var hann kominn í þrjá milljarða íslenskra króna. Innflutningur frá Kína til Íslands óx hraðar. Árið 2001 var hann í 5 milljörðum, 10 milljörðum árið 2004 og um 25 milljarðar árið 2007.“

ÁHUGASAMUR UM KÍNA Ingjaldur Hannibalsson heldur í kvöld ræðu á uppákomu sem Íslensk-Kínverska viðskiptaráðið stendur fyrir á veitingastaðnum Asíu í kvöld klukkan 19. Tilefið er ár tígursins sem gengur nú í garð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Ingjaldur er inntur eftir því hvort kreppan hafi einhverju breytt. „Ég hef ekki fengið tölur um það en hef á tilfinningunni að útflutningur okkar til Kína hafi lítið dregist saman og að innflutningur frá Kína hafi dregist örlítið saman,“ svarar hann. Hann telur hins vegar að búast megi við að innflutningur frá Kína verði mikill til frambúðar þar sem framleiðslukostnaður sé þar mjög lágur.

Hvernig sér hann fyrir sér að viðskiptaumhverfið í Kína muni þróast? „Kínverjarnir eru farnir að átta sig á því að til að fá gott verð fyrir vörur sínar þurfa þeir að byggja upp eigin vörumerki með ímynd um gæði sem fólk á Vesturlöndum er tilbúið til að borga fyrir. Árið 1970 hefði fólk átt erfitt með að nefna japönsk vörumerki en í dag þekkjum við merki á borð við Toyota, Mitsubishi, Honda, Sony og Toshiba. Ég hef trú á því að ef við lítum fimm ár fram í tímann verði þekking Íslendinga á kínverskum vörumerkjum mun meiri,“ svarar hann og bendir sérstaklega á að kínverskir bílar muni verða meira áberandi á næstu árum.

En hvað með útflutning Íslendinga til Kína? „Mér finnst líklegt að útflutningur okkar til Kína verði meiri í þekkingu en vörum í framtíðinni,“ svarar Ingjaldur sem flytur í kvöld ræðu á uppákomu sem Íslensk-kínverska viðskiptaráðið heldur á veitingastaðnum Asíu í tilefni af kínverska nýárinu.

solveig@frettabladid.is

60 ára afmæli

Grétar Vilmundarson

Á morgun 13. febrúar verður Grétar Vilmundarson, Drafnarstíg 2a, 101 Reykjavík, sextugur. Hann verður með opið hús á afmælisdaginn kl. 14–16.30 í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15, 6. hæð. Blóm og skreytingar eru afþakkaðar en þess má geta að Grétar er að safna fyrir „draumaferðinni“ á Old Trafford.

†

Elskulegur frændi minn,

Sigurjón Ólafsson

frá Hlaðhamri, Hrútafirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 9. febrúar. Útförin fer fram í Guðríðarkirkju Grafarholti föstudaginn 19. febrúar kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ólafur Hjálmarsson.

†

Móðir okkar,

Jóna Einarsdóttir

frá Leirulækjarseli, Arnarkletti 12, Borgarnesi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 10. febrúar. Útförin verður gerð frá Borgarneskirkju laugardaginn 20. febrúar kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svandís Haraldsdóttir
frá Stóra Lambhaga
Brekkugyggð 7, Garðabæ,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 3. febrúar. Jarðaförin hefur farið fram í kyrrþei að ósk hinnar látnu.

Sólveig Jónsdóttir
Haraldur Jónsson
Ólafur Jónsson
Hulda Ingibjörg Benediktsdóttir
Sigurður Sverrir Jónsson
Arnbjörg Jónsdóttir
María Lúísa Kristjánsdóttir
Kristján B. Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhannes Ólafsson
Skarðshlíð 14, Akureyri,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk Jóhannesar.

Jón Jóhannesson
Sigfús Jóhannesson
Guðrún Jóhannesdóttir
Hólmfríður Jóhannesdóttir
Ingveldur Jóhannesdóttir
María Jóhannesdóttir
Elísabet Ballington
Sigrún Magnúsdóttir
Sigríður Elefsen
Gunnar Aspar
Birgir Rafn Sigurjónsson
Jörundur Traustason
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Ágúst Veturliðason
múrari, Vesturtúni 38,

lést föstudaginn 5. febrúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Kristín Guðmundsdóttir
Andrea Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Ármann Ólafsson
Helga Ólafsdóttir
Ágúst Ólafsson
Erlendur G. Gunnarsson
Árdís Olga Sigurðardóttir
Bergur Helgason
Rebekka Rut S. Carlsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jarþrúðar Grétu Jónsdóttur
Varmalæk.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraða Borgarnesi.

Birna Jakobsdóttir
Jón Jakobsson
Helga Jakobsdóttir
Sigurður Jakobsson
Magnea Jakobsdóttir
Halldór Bjarnason
Kristín Guðbrandsdóttir
Hallgeir Pálmason
Heiðbjört Ósk Ásmundsdóttir
Ragnar Andrésson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Þorvaldsson
rafvirkjameistari, Stórageröi 9,
Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti þriðjudaginn 9. febrúar. Útförin verður gerð frá Grensáskirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

Guðrún Jónsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Vilborg Sigurðardóttir
Ólöf Sigurðardóttir
Jón Sigurðsson
Sigríður Kristjánsdóttir
Magnús R. Jónasson
Guðmundur Gunnlaugsson
afa- og langafabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Páll Jósteinsson

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 9. febrúar.

Jóna Björg Pálsdóttir
Guðmundur Pálsson
Páll Guðmundsson
Anna Þórunn Guðmundsdóttir
Guðmundur Ingi Guðmundsson
Lárus Guðmundsson
Birgir Elíasson
Ólöf Bolladóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingigerður Oddsdóttir
frá Hróarslæk,

lést 31. janúar sl. á dvalarheimilinu Lundi á Hellu. Útförin fer fram frá Keldnakirkju laugardaginn 13. febrúar nk., kl. 11.30. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hinnar látnu er vinsamlegast bent á minningarsjóð dvalarheimilisins Lundar á Hellu eða líknarfélög.

Helgi Skúlason
Guðmundur Skúlason
Ragnheiður Skúladóttir
Sólveig Jóna Skúladóttir
Þóroddur Skúlason
Fríða Proppé
Erna Sigurðardóttir
Þröstur Jónsson
Bjarni Sveinsson
Fanney Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar dóttur, systur, mágkonu og frænku,

Ragnhildar Fanneyjar Þorsteinsdóttur
sérkennara, Skeggjastöðum Garði,

sem varð bráðkvödd 17. nóv. sl.
Sérstakar þakkir til starfsfólks grunnskóla Sandgerðis og allra þeirra fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg í erfidrykkjunni og studdu okkur á þessum erfiða tíma. Stuðningur ykkar var ómetanlegur.

Hólmfríður S. Jakobsdóttir
Bergþóra S. Þorsteinsdóttir
Jóhann Runólfsson
Jón Þorsteinsson
Þorsteinn J. Þorsteinsson
Sigríður H. Þórðardóttir
Þyri E. Þorsteinsdóttir
Karl Geirsson
Kristín Þorsteinsdóttir
Pálmar Magnússon
Arna Þorsteinsdóttir
Gunnlaugur Magnússon
Steini, Nonni, Palli, Lilý, Hólmfríður Hulda, Þórður, Sigfríður Ólöf, Daníel, Hólmfríður, Jóhanna, Ingibjörg og Matthías.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinátttu við andlát og útför föður okkar og bróður, afa og langafa,

Kristjáns Frímannssonar.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Grenilundi á Grenivík.

Frímann Kristjánsson
Helga Laufey Kristjánsdóttir
Adolf Kristjánsson
Gunnar Frímannsson
Helga Frímannsdóttir
Steinar Frímannsson
afa- og langafabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svandís Haraldsdóttir
frá Stóra Lambhaga
Brekkubyggð 7, Garðabæ,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 3. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sólveig Jónsdóttir
Haraldur Jónsson
Ólafur Jónsson
Hulda Ingibjörg Benediktsdóttir
Sigurður Sverrir Jónsson
Arnbjörg Jónsdóttir
María Lúísa Kristjánsdóttir
Kristján B. Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför bróður okkar, frænda og vinar,

Finnboga Gunnarssonar
Suðurvíkurvegi 8, Vík.

Magnea, Símon og aðrir aðstandendur.
Guð blessi ykkur öll.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegu móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elínar Svövu Sigurðardóttur
Skaftahlíð 42.

Hjartans þakkir sendum við starfsfólki lungnalækningardeildar A-6 Landspítala Fossvogi fyrir einstaka umönnun.

Bergsteinn Ragnar Magnússon
Ragnhildur Magnúsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir
Magnús Svavar Magnússon
Margrét Halla Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Else Möllnitz Magnússon
Bogi Sigurðsson
Kristinn Eymundsson
Hafdís Magnúsdóttir
Hafsteinn Kristjánsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

Sannleikurinn og frelsið

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Fyrir tuttugu árum, 11. febrúar 1990, var Nelson Mandela látinn laus úr fangelsinu sem hann hafði gist í 27 ár. Foreldrar mínir voru á flugvellinum í Jóhannesarborg þennan dag og lýstu orkunni og gleðinni sem ólgaði allt um kring á strætum og torgum, en líka hvítum hermönnum sem víggirtu flugvöllinn, vopnaðir hríðskotarifflum og schäfer-hundum, birtingarmynd ótta og angistar hvíta minnihlutans sem öldum saman hafði haldið völdum í Suður-Afríku með því að berja, þvinga og kúga meirihluta landsmanna.

ÉG kom einu sinni í fangelsið þar sem Nelson Mandela sat stærstan hluta fangavistar sinnar, á Robben Island, eða Seley, skammt undan Góðrarvonarhöfða og Höfðaborg. Ég sá námurnar þar sem hann hjó kalkstein frá morgni til kvölds, kalkstein sem var svo ekki notaður til neins, eini tilgangurinn var að fá fönguna um verkefni og tæra lungu þeirra og spilla heilsu svo þeir dæju. Fáir áttu afturkvæmt frá Robben Island. Ég sá svefnskálana sem voru svo þéttskipaðir að þegar menn lágu þar hlið við hlið gátu þeir ekki snúið sér við. Ég sá bréfin að heiman sem bárust á sex mánaða fresti og var búið að ritskoða og strika svo mikið í að þau voru ólæsileg. Leiðsögumennirnir um fangelsið voru fyrrverandi fangar og sögur þeirra fengu mann til að gráta og kúgast í einu.

SUÐUR-AFRÍKA er um margt merkilegt land en merkilegast af öllu er að þar skyldi engu blóði vera úthellt þegar valdahlutföllum var umturnað fyrir tuttugu árum. Að einn maður, maður sem hafði ærna ástæðu til að hefna sín, skyldi geta búið þannig um hnútana að árhundraða hatri var ekki svalað í blóði heldur með því að byggja minnisvarða og söfn.

OG hvernig var það mögulegt? Með því að hafa réttarhöld. Fortíðin var gerð upp og mönnum boðið að játa sakir sínar fyrir Sannleiksnefnd.

NEFNDIN útdeildi engum refsingum, mestu máli skipti að sannleikurinn kæmi upp á yfirborðið. Nelson Mandela og Desmond Tútú erkibiskup vissu að ekki væri mögulegt að fyrirgefa, sleppa takinu og halda áfram öðruvísi.

NOKKUÐ sem vert er að hafa í huga á Íslandi í dag á meðan við bíðum enn eftir skýrslunni okkar.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



skemmtilegri

Í KVÖLD KL. 20:00

WIPEOUT ÍSLAND

FJÖLNIR ÞORGEIRS OG BJÖSSI Í WORLD CLASS ERU MEÐAL KEPPENDA

ÍSLENSKIR FÖSTUDAGAR

Í KVÖLD KL. 21:00

LOGI Í BEINNI

MEÐ ANDREU GYLFADÓTTUR, JÓNI ÁRSÆLI ÞÓRÐARSYNI OG BERGI EBBA

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

AUDDI & SVEPPI

AUDDI OG SVEPPI SKELLA SÉR Í DETOX Í KVÖLD KL. 19:20

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: F4 F4 F4HD F4HD F4EXTRA F4EXTRA AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

Mið 17/2 kl. 20:00 U	Mið 24/2 kl. 20:00 Aukas. U	
Fim 18/2 kl. 20:00 U	Fim 4/3 kl. 20:00	

„Besta leiksýning ársins“ MBL, ÍÞ. Aukasýning 4. mars komin í sölu!

Oliver! (Stóra sviðið)

Sun 14/2 kl. 15:00 U	Sun 28/2 kl. 19:00	Sun 21/3 kl. 15:00
Sun 14/2 kl. 19:00 U	Sun 7/3 kl. 15:00 U	Sun 21/3 kl. 19:00
Sun 21/2 kl. 15:00 U	Sun 7/3 kl. 19:00	Lau 27/3 kl. 15:00
Sun 21/2 kl. 19:00	Sun 14/3 kl. 15:00 U	Lau 27/3 kl. 19:00
Sun 28/2 kl. 15:00 U	Sun 14/3 kl. 19:00	Sun 28/3 kl. 15:00

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Aprílsýningar koma í sölu um helgina!



Gerpla (Stóra sviðið)

Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U	Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U	Fös 5/3 kl. 20:00 7.K
Lau 13/2 kl. 20:00 2.K U	Fös 26/2 kl. 20:00 5.K	Lau 6/3 kl. 20:00 8.K
Fös 19/2 kl. 20:00 3.K	Lau 27/2 kl. 20:00 6.K	Fim 11/3 kl. 20:00
Lau 20/2 kl. 20:00 4.K U		

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



Fíasól (Kúlan)

Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U	Lau 27/3 kl. 15:00 U	Lau 17/4 kl 15:00 U
Sun 14/3 kl. 13:00 U	Sun 28/3 kl. 13:00 U	Sun 18/4 kl 13:00 U
Sun 14/3 kl. 15:00 U	Sun 28/3 kl 15:00 U	Sun 18/4 kl 15:00 U
Lau 20/3 kl. 13:00 U	Lau 10/4 kl 13:00 U	Lau 24/4 kl 16:00 U
Lau 20/3 kl. 15:00 U	Lau 10/4 kl 15:00 U	Sun 25/4 kl 13:00 U
Sun 21/3 kl. 13:00 U	Sun 11/4 kl 13:00 U	Sun 25/4 kl 15:00 U
Sun 21/3 kl. 15:00 U	Sun 11/4 kl 15:00 U	Sun 2/5 kl 13:00
Lau 27/3 kl. 13:00 U	Lau 17/4 kl 13:00 U	Sun 2/5 kl 15:00

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

Hænuungarnir (Kassinn)

Þri 23/2 kl. 20:00 Fors. U	Fös 5/3 kl. 20:00	Fös 12/3 kl. 20:00
Fim 25/2 kl. 20:00 Fors. U	Lau 6/3 kl. 20:00	Lau 13/3 kl. 20:00
Lau 27/2 kl. 20:00 Frums. U	Fim 11/3 kl. 20:00	

Bráðfyndið verk eftir einn af okkar ástsælustu höfundum!

IÐNÓ

TILBRIGÐI VIÐ STEF

eftir Þór Rögnvaldsson — Stef: Hin sterkari eftir Strindberg

Næstu sýningar: 11/2, 14/2 – kl. 20. Fáar sýningar eftir.

Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan
Klassískt verk fullt af leikgleði.

Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir
Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.

Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is

reykjavík jazz

Í KVÖLD

20-24:Norræna Húsið

Safnanótt

með þátttöku jazzleikara frá Íslandi, Finnlandi og Noregi. Örónleikar á klukkutíma fresti.
- ókeypis

22-Kúltúra

Frisell Project

Sunna Gunnlaugsdóttir píanó, Róbert Þórhallsson bassi, Scott McLemore trommur.

23-Kúltúra

Frelsissveit hins nýja Íslands.

Frumsamin tónlist innblásin af atburðum líðandi stundar útsett af Hauki Gröndal sem sér um tréblástur. Einnig: Óskar Guðjónsson - saxófónar, Snorri Sigurðarson - trompet, Bergur Þórisson - básúna, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson - kontrabassi, Þorgrímur Jónsson - kontrabassi, Scott MacLemore - trommur.
- kr 1500

Kl. 21 í kvöld
Í kvöld er safnanótt og Gljúfrasteinn tekur nú þátt í fyrsta sinn. Þar er opið frá klukkan 19 til miðnættis í kvöld. Klukkan 21 verður KK með tónleika í stofunni. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Aðgangur er ókeypis.

menning

menning@frettabladid.is

i8 á nýjum stað

Í dag verður galleríið i8 opnað á nýjum stað, Tryggvagötu 16, með sýningu á nýjum verkum Hreins Friðfinnssonar. Hreinn varð fyrstur til að sýna hjá i8 þegar opnað var í Ingólfsstrætinu fyrir 15 árum.

Sýning Hreins nefnist More or Less og á henni sýnir hann skúlptúra og myndbönd. Hreinn leitar einkum í efnivið sem er í eðli sínu viðkvæmur eða blekkjandi: gler, blaðgull, pappír, steina, spegla og smáhluti úr hversdagslífinu. Vel mætti segja að listræn nálgun hans einkennist af uppbyggilegri túlkun á látlausum fyrirbærum, túlkun þar sem hið kunnuglega umbreytist í eitthvað nýtt og umbreytingarferlið verður um leið hluti af sjálfu verkinu. Þegar áhorfandinn virðir fyrir sér innsetningar Hreins er hann skyndilega umkringdur hlutum sem alla jafna myndu ekki taka sérlega mikið rými, en hafa skyndilega þanist út í meðförum listamannsins.

HREINN FRIÐFINNSSON

Frelsisveit Nýja Íslands

Tónlistarveislan Vetrarjazz heldur áfram í kvöld. Klukkan 23 leikur Frelsissveit Nýja Íslands á Café Kultura við Hverfisgötu.

Blástursleikarinn Haukur Gröndal fer þar fremstur í flokki: „Nafnið á hljómsveitinni er leikur að orðum,“ segir hann. „Þetta með frelsið bendir til innihaldsins. Þetta er aðeins yfir í frjálsari form innan djassins. Það er smá bit í þessu, meira en í „mainstream“ dótinu, eða hvað á að kalla það. Önnur vísun í nafninu er í hljómsveit sem Carla Bley var með og hét Liberation Orchestra.“

Haukur hefur útsett og samið lögin á efnisskránni, sem er stíllegur hrærigrautur, blanda af dulúð og krafti, frjálsum og fastari formum. Með honum spila Óskar Guðjónsson, Snorri Sigurðarson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, Þorgrímur Jónsson, Scott McLemore og hinn sextán ára básúnuleikari Bergur Þórisson. „Hann er að stíga sín fyrstu skref sem alveg fauta talent á básúnuna í þessu djassveseni. Hann kemur við sögu með okkur hinum sekkjunum sem erum í þessu.“

Áður en Frelsissveitin stígur á svið verður hægt að hlýða á Frisell Project með Sunnu Gunnlaugsdóttur, Róbert Þórhallssyni og Scott McLemore frá kl. 22. Aðgangseyrir er 2.000 kr. á bæði atriðin og húsið opnar kl. 20. **- drg**

SMÁ BIT Í ÞESSU
Haukur Gröndal fer fyrir Frelsissveitinni í kvöld.

Hún er komin aftur!

Fjörug ævintýri Fíusólar eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur loksins fáanleg að nýju.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Myndskreytingar eftir Halldór Baldursson

Plötukynning Hudson

HVERSU SNÖGGUR ER FISKURINN ÞINN?
Nýja platan með Hudson Wayne.

Hljómsveitin Hudson Wayne er snúin aftur með sjö laga plötuna How quick is your fish? Þetta er fyrsta platan frá sveitinni síðan Battle of the Banditos kom út árið 2005. Sem fyrr er Þráinn Óskarsson í framlínu bandsins, semur texta og kemur með grindur að lögum. Ólafur Jónsson gítarleikari er nýjasti meðlimur kvartettsins. „Ég held að það sé bara upp á stemninguna að það eru bara sjö lög á plötunni," segir hann. „Fólk hefur þá tækifæri til að hlusta á plötuna alla án þess að hiksta."

Mannabreytingar og nám í útlöndum hefur orsakað þetta fimm ára útgáfuhlé en nú er Ólafur á því að allt verði sett í gang og nýtt efni búið til. Tónlist sveitarinnar er tilfinningaríkt kántrískotið rokk og hljómsveitin stendur fyrir tveimur plötukynningum um helgina. Fyrst í dag í 12 tónum á Skólavörðustíg kl. 17, svo á morgun kl. 16 í menningarmiðstöðinni Havarí í Austurstræti. Þar kemur My Summer as a Salvation Soilder einnig fram.

Í lok mánaðarins mun Hudson Wayne svo halda í tónleikaferð um Þýskaland og Austurríki ásamt hljómsveitinni Seabear. „Er það ekki eina leiðin til að komast til útlanda þessa dagana?" spyr Ólafur. Að þeirri ferð lokinni er stefnt á að halda veglega útgáfutónleika.

- drg

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 12. febrúar 2010

Tónleikar

20.30 **Álftagerðisbræður** verða með tónleika í **Borgarneskirkju** í Borganesi.

22.00 Hljómsveitin **OurLives** heldur tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

22.00 Dauðarokkssveitin **Beneath** heldur útgáfutónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Á tónleikunum koma einnig fram Infected, Carpe Noctem og Forgarður Helvítis.

22.00 Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og Gallery 46** við Hverfisgötu 46.

Opnanir

17.00 Hjá **i8 Gallerí** við Tryggvagötu 16 verður opnuð sýning á verkum **Hreins Friðfinnssonar**. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og lau. kl. 13-17.

20.00 **Félag frístundamálara** opnar sýningu í **Hugmyndahúsi háskólanna** að Grangagarði 2. Opið alla helgina kl. 11-18.

Dansleikir

Bermuda spilar á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

Djass

20.00 Tónleikar í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Fram koma djassleikarar frá Íslandi, Finnlandi og Noregi.

22.00 **Tríó Sunnu Gunnlaugs** leikur tónlist eftir Bil Frisell á **Kaffi Kúltúra** við Hverfisgötu.

23.00 **Haukur Gröndal** og **Frelsissveit hins nýja Íslands** verða í **Kjallara Kaffi Kúltúra** við Hverfisgötu.

Vetrarjazzhátíð í Reykjavík stendur til 15. febrúar. Nánari upplýsingar á www.jazz.is.

Félagsstarf

14.30 Í **Félagsmiðstöðinni að Hæðargarði** 31 mun **Soffíuhópurinn** flytja dagskrána **„Gælur, fælur og þvælur"** til heiðurs Þórarni Eldjárn. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Tilboð virka daga
Réttur dagsins með súpu
kr. 1690,-
velkomin
Hafnarstræti 15, sími 551 3340

Bílað?



EGILL

Við gerum við:
✓ Kæli- og frystiskápa
✓ Þvottavélar og þurrkara
✓ Ofnar og helluborð
✓ Bosch, Dremel og Skil rafmagnsverkfæri
✓ Rafmagns nuddpotta

Egill þjónustuverkstæði
Miðhrauni 2, 210 Garðabæ.
Sími: 554 4445, fax: 554 4476.
Veffang: www.egill.is Netfang: egill@egill.is

1 KR

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 47951 02.2010

1 króna fyrir barnið

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

aðra leiðina + 990 kr. 12.–28. febrúar 2010
(flugvallarskattur)

Þetta einstaka tilboðsfargjald
- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2 –11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, **www.flugfelag.is**
- **ferðatímabil 12.–28. febrúar 2010**

ww.flugfelag.is | 570 3030

Fjarðarkaup
12. - 13. febrúar

Móa kjúklingaleggir
599,kr./kg
verð áður 998,-/kg

Móa kjúklingalæri
599,kr./kg
verð áður 998,-/kg

FK blandað saltkjöt
958,kr./kg
verð áður 1.198,-/kg

FK bacon
1.298,kr./kg

Gríms smáfiskibollur 2 teg
921,kr./kg
verð áður 1.151,-/kg

Gríms fiskibollur
799,kr./kg
verð áður 892,-/kg

Kjúlli BBQ leggir
615,kr./kg
verð áður 769,-/kg

Toro íslensk bolla kjötsúpa
298,kr.
verð áður 349,-

Toro íslensk kjötsúpa
279,kr.
verð áður 315,-

Toro Ertesuppe
198,kr.
verð áður 230,-

Toro hrísgrjónagrautur
298,kr.
verð áður 335,-

FK vanilluís 2l
398,kr.
verð áður 482,-

Kaptein kex
158,kr.

Kornmo hafrakex
164,kr.

Göteborgs Ballerina
198,kr.

Toffypops 125g
149,kr.

Maryland kex
99,kr./pk.

VISA

www.FJARDARKAUP.is

Kötlu vatnsdeigs bollumix

249,kr.

verð áður 278,-

Royal búðingar

179,kr.

verð áður 207,-

Kjarna sultur 400g

verð frá **298,kr.**

Kötlu glasssúr 150g

198,kr.

verð áður 230,-

Bollur m/súkkulaði 6stk.

398,kr.

Vatnsdeigsbollur 6 stk.

455,kr.

Vatnsdeigsbollur 9 stk.

398,kr.

MS rjómi 0,5 l

348,kr.

verð áður 396,-

Jurtarjómi

298,kr.

verð áður 399,-

Bolluglassúr 180g

198,kr.

ein-stök verslun

Luxus kaffi 400g

370,kr.

Papco fífa 9wc rúllur

799,kr.

verð áður 899,-

Risa eldhúsrúllur 3 stk.

498,kr.

verð áður 549,-

Coke Zero 4x2l

792,kr.

verð áður 998,-

Tilboð gilda til laugardagsins 13. febrúar

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara lúxus

HEIMSFRUMSÝNING

THE WOLFMAN

HEIMSFRUMSÝNING

EDGE OF DARKNESS

it's Complicated

SÝNINGARTÍMAR

THE WOLFMAN	kl. 5.50, 8 og 10.10	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.40	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 5.40, 8 og 10.20	16
IT'S COMPLICATED	kl. 8 og 10.20	12
SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D	kl. 3.50 - Ísl. tal	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.50 - Ísl. tal	L

HEIMSFRUMSÝND Á ÍSLANDI

VALENTINE'S DAY

FRÁ SAMA LEIKSTJÓRA OG FÆRÐI OKKUR PRETTY WOMAN
FRÁBÆR GAMANSÖMU OG RÓMANTÍSK MYND
SUMIR ERU HEPPNIR Í ÁSTUM ADRIR EKKI!

THE WOLFMAN

Disney · PIXAR

TOY STORY 2

3D

sýnd með íslensku tali

MAYBE I SHOULD HAVE

AN EDUCATION

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

51

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

VALENTINE 'S DAY	kl. 5:30D - 8D - 10:40D	L
VALENTINE 'S DAY	kl. 5:30 - 8 - 10:40	VIP
THE WOLFMAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
TOY STORY 2 M/ ísl. Tali	kl. 3:30(3D)	L
THE BOOK OF ELI	kl. 10:20	16
AN EDUCATION	kl. 5:50 - 8	L
WHERE THE WILD THINGS ARE	kl. 3:40 - 5:50	7
UP IN THE AIR	kl. 8	L
PLANET 51 M/ ísl. Tali	kl. 3:40	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 8 - 10:40	12
BJARNFREDARSON	kl. 3:40 - 5:50 - 10:40	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali	kl. 3:40	7

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

VALENTINE 'S DAY	kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D	L
TOY STORY 2 M/ ísl. Tali	kl. 3:40(3D) - 6(3D)	L
MAYBE I SHOULD HAVE	kl. 8:10	L
THE BOOK OF ELI	kl. 10:20D	16
UP IN THE AIR	kl. 10:20	L
PLANET 51 M/ ísl. Tali	kl. 4D	L
BJARNFREDARSON	kl. 3:50 - 6 - 8:10	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

TOY STORY 2 - 3D	kl 6	L
VALENTINE 'S DAY	kl. 8 - 10:20	L
PLANET 51 M/ ísl. Tali	kl. 6	L
THE BOOK OF ELI	kl. 8	16
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20	12

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING!

Percy Jackson leggur á sig mikið ferðalag til að bjarga heiminum frá tortýmingu!

LÚXUS

THE WOLFMAN

LÚXUS

EDGE OF DARKNESS

NINE

6 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KOFLUM

Svali

9 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
M.A. BESTA MYND OG BESTI LEIKSTJÓRI

AVATAR

BESTA MYND
BESTI LEIKSTJÓRI

109.000 GESTIR!

GOGO

Nikulás litli

ALVIN

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10.40	16
THE WOLFMAN LÚXUS	kl. 8 - 10.40	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
THE LIGHTNING THIEF LÚXUS	kl. 5.30	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 8 - 10.30	16
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D	kl. 3.40 - 5.50	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 3.40 - 5.50	L
AVATAR 3D	kl. 4.40 - 8	10
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10.30	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10.35	L
MAMMA GÓGÓ	kl. 6	12
AVATAR 3D	kl. 6 - 9	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ,
BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

THE WOLFMAN	kl. 8 - 10	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 8 - 10.10	10
EDGE OF DARKNESS	kl. 5.50	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.50	12

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
IT'S COMPLICATED	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
NINE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D	kl. 5.50 íslenskt tal	L
JULIE & JULIA	kl. 8 - 10.30	L

Fóstbræðurnir stíga á svið

Leikritið Gerpla verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld í leikstjórn Baltasars Kormáks. Með hlutverk fóstbræðranna Þorgeirs Hávarðssonar og Þormóðs Kolbrúnarskálds fara þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Björn Thors.

FÓSTBRÆÐUR Fóstbræðurnir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Björn Thors verða áberandi í sýningunni Gerpla sem verður frumsýnd í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undirbúningurinn fyrir leikritið Gerplu, sem er byggt á samnefndri bók Halldórs Laxness, hefur verið langur og strangur. Loksins sér fyrir endann á því í kvöld þegar sýningin í Þjóðleikhúsinu hefst.

Að sögn Jóhannesar Hauks hafa síðustu tvær vikur verið sérlega strembnar þar sem æft hefur verið bæði á daginn og kvöldin. „Þetta er orðin svolítil heimavistarstemning í hópnum. Við höfum verið öll ofan í svitanum og táfýlunni af hvert öðru en það er líka sameining í þessu og erum við bara mjög vel stemmd," segir Jóhannes. Töluvert er um slagsmál í leikritinu, enda gerist það á víkingatímanum þar sem bardagar með vopnum og bareflum voru hinn eðlilegasti hlutur. Fóstbræðurnir Þorgeir og Þormóður slást þó ekki. „Hún reynir líkamlega á þessi sýning og það eru allir bólgnir og marðir en ekkert hættulega samt. Það er fyllsta öryggis gætt en þetta reynir á."

Jóhannes viðurkennir að sýningin sé sú erfiðasta sem hann hefur tekið þátt í. „Bæði líkamlega og andlega. Þetta er heilmikið verk. Við erum búin að stefna að þessu í meira en ár, frá því að maður byrjaði að lesa bókina og kynna sér þetta. Svo byrjuðum við að æfa í maí þannig að það er búinn að vera rosalega langur aðdragandi, enda er þetta heilmikil bók og töluvert mál að draga úr henni sögu til að setja upp á svið."

Hann ber kollega sínum og fóstbróður Birni Thors vel söguna og finnst gott að starfa með honum. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem þeir leika nokkurs konar fóstbræður því þeir gerðu það einnig í Hárinu árið 2004. „Við sjáum eiginlega mest eftir því að Kenneth Máni og Guffi, karakterarnir okkar í Fangavaktinni, skyldu ekki ná að hittast. Þeir hefðu nú verið góðir saman," segir hann og hlær. „Ég hef þekkt Björn lengi. Hann er stórkostlegur maður að vinna með og svo ofboðslega skapandi og skemmtilegur."

Á meðal þeirra sem fara með önnur hlutverk í sýningunni eru þau Atli Rafn Sigurðarson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson, sem sá einnig um leikgerðina ásamt Baltasar.

freyr@frettabladid.is

BJÖRN OG WATANABE Björn Thoroddsen og Kazumi Watanabe spila saman í Japan um páskana.

Björn spilar í Japan

Gítarleikaranum Birni Thoroddsen hefur verið boðið að leika með japanska gítarleikaranum Kazumi Watanabe um páskana. Tónleikarnir verða á einum þekktasta djassklúbbi Tókíó, Shinjuku Pit Inn. Watanabe, sem er einn þekktasti djassleikari Japans, heldur upp á fjörutíu ára starfsafmæli sitt í ár. Af því tilefni býður hann til leiks mörgum af bestu gítarleikurum heims og er því um mikinn heiður að ræða fyrir Björn að vera á meðal þeirra. Björn hefur farið nokkrum sinnum til Japans með hljómsveitinni Guitar Islancio og hefur ein plata verið gefin þar út í samstarfi við Zonet-útgáfuna. Hann gaf á dögunum út plötuna Gítarveisla Bjössa Thor sem er hljóðritun frá tónleikum sem voru haldnir nýlega í Salnum. Þar komu fram margir fremstu gítarleikarar þjóðarinnar og spiluðu óskalög sín.

Hljómsveitin
5 Á RICHTER og LÍSA
leika gullaldarrokk
föstudags- og laugardagskvöld.
Leiftur frá liðinni tíð.
Kringlukráin

Casiokids snýr aftur

CASIOKIDS

Hljómsveitirnar Casiokids frá Noregi, Choir of Young Believers frá Danmörku og íslensku sveitirnar Berndsen & The Young Boys og Sykur koma fram á tónleikum á Nasa 5. mars. Fleiri flytjendur verða tilkynntir innan skamms. Bæði Casiokids og Choir of Young Believers spiluðu á síðustu Iceland Airwaves-hátíð og vöktu þær báðar mikla lukku. Fyrrnefnda sveitin er um þessar mundir að hita upp fyrir Hot Chip á tónleikaferð hennar um Evrópu og sú síðarnefnda kemur við hér á landi á leið sinni til tónleikahalds í Bandaríkjunum. Miðasala á tónleikana hefst á Midi.is og í Skífunni í dag.

EIRÍKUR HAUKSSON Eiríkur syngur alla gömlu Deep Purple-slagarana á Sódómu Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Til heiðurs Deep Purple

Tvennir tónleikar til heiðurs rokksveitinni Deep Purple verða haldnir á Sódómu Reykjavík 17. og 18. febrúar. Eiríkur Hauksson verður söngvari og með honum á sviðinu verða Ingólfur Sigurðsson, Vignir Stefánsson, Jóhann Ásmundsson og Sigurgeir Sigmundsson. Þetta er í þriðja sinn sem Eiríkur, Jóhann og Sigurgeir halda þessa tónleika. Síðast var það árið 2004 og þá var fullt út úr dyrum bæði kvöldin og mikil stemning. Núna hefur verið bætt við lögum sem David Coverdale gerði ódauðleg með Purple, þar á meðal Mistreated og Stormbringer. Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur og fer miðasala fram á Midi.is.

CHEERIOS OG SÍMINN KYNNA

LEITIN AÐ SOLLU STIRÐU

HÓTEL HILTON REYKJAVÍK NORDICA
LAUGARDAGINN 13. FEBRÚAR

SKRÁNING Á VÍSIR.IS TIL MIÐNÆTTIS Í KVÖLD

Latibær og Bravó leita að nýrri Sollu stirðu í tilefni af stórtónleikum í Höllinni 27. mars. Engrar reynslu eða þjálfunar í söng eða dansi er krafist og allar hressar stúlkur á aldrinum 8 - 28 ára sem hafa áhuga á söng og dansi eru boðnar velkomnar.

Prufurnar fara fram á morgun laugardag frá kl 11:00 á Hótel Hilton Reykjavík Nordica og verða þátttakendur beðnir um að syngja bút úr lagi með Sollu stirðu.

Skráning fer fram á www.visir.is og stendur yfir til miðnættis í kvöld. Þar er einnig hægt að finna allar nánari upplýsingar og lögin hennar Sollu.

Sigurvegarans bíða fjölmörg spennandi verkefni með Latabæjarfjölskyldunni. Skráðu þig á Visir.is og ævintýrin gætu verið á næsta leiti.

BYLGJAN bravó! Síminn Cheerios LAZY TOWN

> Lék í 58 mínútur í fjórframlengdum sigurleik

Helena Sverrisdóttir og félagar í TCU þurftu fjórar framlengingar til þess að vinna Utah í bandaríska háskólaboltanum í fyrrinótt. TCU er nú í 24. sæti yfir bestu háskólalið Bandaríkjanna og á toppi Mountain West-deildarinnar með 8 sigra í 10 leikjum. Helena skoraði 15 af 21 stigi sínu í framlengingunum fjórum en hún spilaði í 58 mínútur í leiknum og var auk stiganna með 8 fráköst, 5 stoðsendingar og 2 stolna bolta. TCU kom leiknum í framlengingu en Utah tryggði sér síðan þrjár framlengingar í röð áður en TCU vann fjórðu og síðustu framlenginguna 15-6.

sport

sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON: STÝRIR AUSTURRÍSKA LANDSLIÐINU Í UMSPILSLEIKJUNUM NÆSTA SUMAR FYRIR HM 2011

Á frekar von á að þessir leikir verði endapunkturinn

Dagur Sigurðsson hefur ákveðið að halda áfram að stýra austurríska landsliðinu í handbolta í það minnsta fram yfir tvo umspilsleiki gegn Hollandi um laust sæti á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð á næsta ári. Dagur er sem kunnugt er einnig þjálfari Füchse Berlin sem leikur í efstu deild í Þýskalandi.

„Þetta var í raun og veru ekki erfið ákvörðun hjá mér að halda áfram með austurríska landsliðið. Þeir komu hingað til Berlínar í gær [fyrradag] frá austurríska handknattleikssambandinu og funduðu með mér og forráðamönnum Füchse Berlin. Það voru einhvern veginn allir á sömu línunni með að hjálpa til með þetta komandi verkefni hjá austurríska landsliðinu og ég er mjög ánægður með að fá tækifæri til þess að taka það að mér. Forráðamenn Füchse Berlin hefðu náttúrlega þannig séð getað lokað á þetta en þeir eru búnir að vera mjög skilningsríkir enda væri ég ekki að þessu ef svo væri ekki," segir Dagur.

Dagur hefur gert frábæra hluti með austurríska landsliðið síðan hann tók við stjórnartaumunum þar á bær og náði fremur óvænt að koma liðinu alla leið í milliriðil á Evrópumótinu í Austurríki nú í janúar en fæstir áttu von á því fyrir mót að heimamenn myndu gera miklar rósir þar. Dagur viðurkennir að skemmtilegt sé að taka þátt í uppsveiflunni hjá liðinu en að sama skapi sé spennandi að hjálpa liðinu í krefjandi leikjum gegn Hollandi.

„Auðvitað er gaman þegar vel gengur en það verður líka spennandi að takast á við þessa leiki gegn Hollandi því Austurríki og Holland eru með mjög áþekk lið. Bæði lið eru ef til vill sterkari núna en þau hafa verið að sýna síðustu árin og hafa á að skipa mörgum leikmönnum sem hafa verið að gera það gott í efstu deild í Þýskalandi. Þetta verða því eflaust jafnir og spennandi leikir."

Dagur á þó frekar von á því að hætta með austurríska liðið eftir umspilsleikina, hvernig sem þeir fara. „Við setjumst væntanlega niður og ræðum málin þegar þar að kemur en ég á frekar von á að þessir leikir verði endapunkturinn hjá mér. Við sjáum samt bara til hvernig þetta fer."

VONT Ashley Cole meiddist illa á móti Everton. MYND/GETTYIMAGES

Enska úrvalsdeildin í fótbolta:

Cole og Giggs brotnuðu báðir

FÓTBOLTI Topplið Chelsea og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni töpuðu ekki aðeins stigum í leikjum sínum á miðvikudagskvöldið því bæði liðin misstu lykilmenn í langvarandi meiðsli.

Ashley Cole, bakvörður Chelsea og enska landsliðsins, verður frá keppni í þrjá mánuði eftir að hann ökklabrotnaði í tapleiknum á móti Everton. Cole meiddist eftir samstuð við Evertonmanninn Landon Donovan en Cole og Donovan gætu hist að nýju í fyrsta leik Englendinga og Bandaríkjamanna á HM en hann fer fram 12. júní í Suður-Afríku.

Ryan Giggs, miðjumaður Manchester United, brákaðist á hendi þegar hann lenti í samstuði við Aston Villa-manninn Steve Sidwell í 1-1 jafntefli liðanna.

Báðir leikmenn missa því af 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar sem hefjast í næstu viku. **- óój**

ÚRSLITN Í GÆR

Iceland Express karla

Fjölnir-Snæfell 69-64 (39-33)
Stig Fjölnis: Christopher Smith 25, Jón Sverrisson 10, Ægir Þór Steinarsson 10, Níels Dungal 7, Arn Þór Freyr Guðmundsson 6, Magni Hafsteinsson 5, Tómas Heiðar Tómasson 4, Sindri Kárason 2.
Stig Snæfells: Sean Burton 20, Jón Ólafur Jónsson 18, Hlynur Bæringsson 9, Sigurður Á. Þorvaldsson 7, Martins Berkis 5, Emil Þór Jóhannsson 3, Páll Fannar Helgason 2.

Stjarnan-ÍR 80-71 (44-40)
Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 31, Djorde Pantelic 16, Fannar Freyr Helgason 15, Jovan Zdravevski 10, Ólafur Jónas Sigurðsson 4, Kjartan Atli Kjartansson 2, Guðjón Lárusson 2.
Stig ÍR: Michael Jefferson 19, Nemanja Sovic 16, Eiríkur Önundarson 9, Kristinn Jónasson 7, Ásgeir Hlöðversson 6, Davíð Þór Fritzson 5, Steinar Arason 4, Ólafur Þóriss. 3, Elvar Guðmundss. 2.

Keflavík-FSu 136-96 (65-37)
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 24, Draelon Burns 20, Sigurður Gunnar Þorsteins son 20, Gunnar Einarsson 16, Uruele Igbavboa 14, Þröstur Leó Jóhannsson 12, Gunnar Stefáns son 9, Andri Skúlason 7, Sverrir Þór Sverrisson 6, Davíð Jónsson 5, Guðmundur Gunnarsson 3.
Stig FSu: Richard Williams 35, Aleksas Zimnickas 26, Cristopher Caird 17, Kjartan Kárason 8, Orri Jónsson 5, Daníel Kolbeinsson 3, Jake Wyatt 2.

Hamar-Grindavík 81-104

STAÐAN Í DEILDINNI:

KR	**16**	**13**	**3**	**1495-1294**	**26**
Keflavík	16	12	4	1499-1282	24
Stjarnan	**16**	**12**	**4**	**1396-1305**	**24**
Grindavík	16	11	5	1519-1308	22
Snæfell	**16**	**11**	**5**	**1480-1284**	**22**
Njarðvík	16	11	5	1406-1234	22
Hamar	**16**	**6**	**10**	**1344-1397**	**12**
ÍR	16	5	11	1317-1443	10
Tindastóll	**16**	**5**	**11**	**1316-1449**	**10**
Fjölnir	16	5	11	1258-1422	10
Breiðablik	**16**	**4**	**12**	**1262-1433**	**8**
FSu	16	1	15	1154-1595	2

Geir er með hærri laun en Jóhanna

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, vill ekki gefa upp laun sín en samkvæmt tekjublaði Mannlífs er hann með rúmlega 200 þúsund krónum meira á mánuði en forsætisráðherra þjóðarinnar. Geir segir launin vera góð fyrir knattspyrnuhreyfinguna. Launaliður KSÍ hefur hækkað um tæplega 46 prósent á þremur árum.

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, kynnti ársreikning sinn fyrir árið 2009 í síðustu viku. Þar kemur fram að reksturinn gangi vel en sambandið skilaði 50 milljóna króna hagnaði á árinu þó svo það hafi greitt upp 600 milljóna króna lán vegna stúkubyggingarinnar.

Sambandið er nú skuldlaust og á þess utan 328 milljónir inni á banka. Formaður sambandsins, Geir Þorsteinsson, hefur því yfir litlu að kvarta.

„Ég er mjög ánægður með að reksturinn sé í lagi og hann var nokkurn veginn á áætlun. Það er afar ánægjulegt miðað við hvernig efnahagsástandið er þessi misserin. Það var líka afar ánægjulegt að greiða niður þetta 600 milljóna króna lán og hafa þar með sett lokapunkt á stúku- og skrifstofubygginguna. Það sýnir sterka lausafjárstöðu sambandsins," segir Geir og bætir við að síðasta ár hafi verið stórt hjá sambandinu.

DÝR SKRIFSTOFA Geir situr hér á skrifstofu sinni í hinum glæsilegu húsakynnum KSÍ í Laugardal. Kostnaður við endurbætur á vellinum og byggingu skrifstofuhúsnæðis KSÍ kostaði 1,6 milljarð og fór 600 milljónum fram úr áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Metár á öllum sviðum

„Við drógum ekkert saman í rekstrinum heldur er síðasta ár mesta umfang í rekstri hjá sambandinu á öllum sviðum. Það hafa aldrei verið eins margir landsleikir, fræðslustarfið aldrei jafn mikið og svona mætti áfram telja. Þetta var metár á öllum sviðum."

Geir segir að KSÍ sé eðlilega að græða mikið á því að sjónvarpssamningar og styrkir að utan séu í erlendri mynt.

„Þeir fóru náttúrulega frá því að vera 90 upp í 180. Það er augljóst að það hefur hjálpað okkur mikið. Ég legg líka mikla áherslu á að lausafjárstaðan sé sterk því það versta sem gæti komið fyrir er að við þyrftum að taka lán til þess að reka starfsemina," segir Geir.

Rekstur KSÍ hefur bólgnað mikið út á síðustu árum og vekur athygli að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hjá sambandinu er á síðasta ári 158 milljónir króna. Er það hækkun um 10 milljónir á milli ára og 42 milljónir frá 2006. Það er 36,2 prósenta hækkun á þremur árum.

Launaliðurinn hefur að sama skapi hækkað, eða um 34 milljónir frá 2006. Það er 45,9 prósenta hækkun. Starfsmönnum á þeim tíma hefur fjölgað um fjóra. Meðaltal launa hvers starfsmanns er því rúmar 700 þúsund krónur á mánuði.

„Það er ekkert skrítið að þetta hækki á milli ára enda hafa bæði skattar og tryggingagjöld hækkað. Þar eru strax komnar nokkrar milljónir, við höfum enga stjórn á því," sagði Geir. „Ég þarf að skoða betur hver ástæðan sé fyrir þessum hækkunum svo ég geti svarað almennilega. Ekki hefur starfsmönnum fjölgað né að launin hafi hækkað mikið," segir Geir sem hafði samband síðar og bætti við að tveir starfsmenn hefðu verið ráðnir árið 2007.

Neitar að gefa upp launin

Sjálfur vill Geir ekki gefa upp hvað hann taki í laun fyrir að stýra KSÍ-skútunni.

„Launin eru góð fyrir knattspyrnuhreyfinguna og ég er mjög sáttur. Þau hafa ekki verið gefin upp frekar en önnur laun hjá okkur. Það hefur ekki verið rætt að gera þau opinber," segir Geir en samkvæmt tekjublaði Mannlífs var Geir með tæplega 1,2 milljónir króna í mánaðarlaun árið 2008. Þess má geta í samanburði að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er með 935 þúsund krónur í mánaðarlaun fyrir að stýra þjóðarskútunni.

„Launin mín eru í takti við það sem þau voru er ég var framkvæmdastjóri sambandsins," segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

henry@frettabladid.is

Fjölnir lagði enn eitt toppbaráttuliðið þegar Snæfell kom í heimsókn í Grafarvoginn í gærkvöldi:

Fyrsta tap Snæfellinga á árinu 2010

KÖRFUBOLTI „Við vorum góðir í þessum leik og náðum að mér fannst að gera mjög vel til þess að stoppa þeirra helstu leikmenn. Við erum með flott varnarlið og höfum verið að taka stig af toppliðinum og það sýnir að það er eitthvað í okkur spunnið," sagði Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, eftir 69-64 sigur liðs síns gegn Snæfelli í Iceland Express-deild karla í körfubolta Dalhúsum í Grafarvogi í gærkvöldi.

Gestirnir í Snæfelli mættu reyndar afar grimmir til leiks og voru alltaf skrefinu á undan heimamönnum í Fjölni í fyrsta leikhlutanum. Munaði þar mestu um góða hittni hjá Hólmurum fyrir utan þriggja stiga línuna en Fjölnismenn létu þó ekki slá sig út af laginu og enduðu leikhlutann af krafti og staðan var 16-18 gestunum í vil eftir fyrsta leikhluta.

Fjölnismenn héldu uppteknum hætti í öðrum leikhluta og náðu með öflugum varnarleik og skynsömum sóknarleik að taka forystu og leiða leikinn 39-33 þegar hálfleiksflautan gall. Hvorugt liðið náði sér almennilega á strik sóknarlega í þriðja leikhlutanum en varnarleikurinn var þess í stað í hávegum hafður og oft á tíðum glæsileg tilþrif þar á báða bóga.

Staðan var 56-47 fyrir lokaleikhlutann og flest sem benti til þægilegs sigurs heimamanna miðað við gang leiksins en gestirnir tóku við sér á lokasprettinum og náðu að minnka muninn niður í þrjú stig þegar tæp mínúta var eftir af leiknum. Hólmarar fengu svo tækifæri til þess að jafna leikinn í tvígang en þriggja stiga skot þeirra klikkuðu í bæði skiptin. Niðurstaðan varð sem segir 69-64 sigur heimamanna, sem eru fyrsta liðið til þess að vinna Snæfell á árinu 2010.

19-19 Í FRÁKÖSTUM Christopher Smith og Hlynur Bæringsson tóku jafnmörg fráköst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við vorum bara hræðilega lélegir og við vorum bara ekki tilbúnir í svona baráttuleik eins og Fjölnismenn buðu upp á. Lykilmenn voru að klikka hjá okkur og þetta tap er dýrt ef við ætlum að vera í toppbaráttunni," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, í leikslok í gær.

Cristhopher Smith átti frábæran leik fyrir Fjölni og skoraði 25 stig og tók 19 fráköst en Sean Burton var stigahæstur hjá Snæfelli með 20 stig. **- óþ**

Landsins stærsta

Skósprengja

Lágmark

50%

afsláttur

opnunartími
fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

Lokahelgin

aðeins 3 dagar eftir

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

> **Billy Crystal**

„Það ekki til jafn sannfærandi leikari og Robert De Niro."

Cristal og De Niro fara með aðalhlutverkin í myndinni Analyze This sem Stöð 2 sýnir í kvöld. kl. 21.50.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HLÆR AÐ ÓFÖRUM ANNARRA

Vinir standa saman í gegnum súrt og falskt

Sjónvarpsþátturinn American Idol þykir mér nokkuð skemmtilegt sjónvarpsefni. Ég hef mikla ánægju af asnaskap sumra þátttakendanna sem virðast trúa því í algjörri blindni að þeir kunni að syngja, þegar raunin er önnur. Það sem mér þykir þó undarlegast eru vinir og vandamenn þessara laglausu þátttakenda sem virðist algjörlega hjartalausir, eða tóndaufir. Ég hef oft velt því fyrir mér af hverju enginn skuli segja þeim laglausa að hann geti einfaldlega ekki sungið. Þykir þeim ef til vill jafn fyndið og okkur sem heima sitjum að sjá viðkomandi gera sig að fífli fyrir framan alþjóð?

Stundum stafar þetta kannski af öfgafullri móðurást, þar sem móðirin sem fylgir barni sínu í prufurnar er fullviss um að afkvæmi hennar sé fallegt, bráðgáfað og með einstaka söngrödd.

Stundum er laglausi þátttakandinn sjálfur ef til vill með stæla, hann ætlar sér að taka þátt með eða án stuðnings vina sinna, þeir ráði því sjálfir hvort þeir komi með. Sannur vinur mætir að sjálfsögðu með svo sá laglausi hafi öxl til að gráta á þegar niðurlægingunni er lokið.

Hver svo sem ástæðan er, þá finnst mér afskaplega gaman að fylgjast með þessu fólki sem stendur fyrir framan dómarana sannfært um að það sé vissulega næsta poppstjarna Bandaríkjanna.

FÖSTUDAGUR

▶ **18.30 Daily Show: Global Edition** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **19.20 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2

▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.25 Zoolander** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.35 Rules of Engagement** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

16.00 Leiðarljós (e)
16.45 Leiðarljós (e)
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 Bjargvætturinn (24:26)
18.05 Tóta trúður (11:26)
18.30 Galdrakrakkar (9:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.10 Útsvar** (Fjarðabyggð - Garðabær) Spurningakeppni sveitarfélaganna. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
21.05 Glerbarnið (Child Of Glass) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1978. Drengur sér vofu kreólastúlku og verður að hjálpa henni að leysa gátu, annars gæti hún ásótt hann alla ævi. Aðalhlutverk: Katy Kurtzman, Steve Shaw og Olivia Barash.
22.45 Samsærið (The Manchurian Candidate) Bandarísk spennumynd frá 2004. Í miðju Persaflóastríði er hermönnum rænt og þeir heilaþvegnir í skuggalegum tilgangi. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Liev Schreiber, Jon Voight og Meryl Streep. (e)
00.55 Heimsbikarmót á skíðum (Alpine Magazine) Samantekt frá síðustu umferð heimsbikarmótanna í alpagreinum.
01.25 Leikar með tilgang (Games with a Purpose) (e)
02.00 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver Bein útsending frá setningarhátíðinni.
05.00 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Yours, Mine and Ours
10.00 Buena Vista Social Club
12.00 The Chronicles of Narnia. Prince Caspian
14.25 Yours, Mine and Ours
16.00 Buena Vista Social Club
18.00 The Chronicles of Narnia: Prince Caspian
▶**20.25 Zoolander** Gamanmynd með Ben Stiller, Owen Wilson og Will Ferrell í aðalhlutverkum.
22.00 No Country for Old Men
00.00 From Russia with Love
02.00 Prizzi's Honor
04.05 No Country for Old Men

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli litli kanína og vinir og Ruff's Patch.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 The Apprentice (13:14)
11.05 Chuck (1:22)
11.50 Gossip Girl (3:22)
12.35 Nágrannar
13.00 ´Til Death (9:15)
13.25 Extreme Makeover: Home Edition (18:25)
14.15 La Fea Más Bella (126:300)
15.00 La Fea Más Bella (127:300)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Aðalkötturinn og Kalli litli kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (2:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
20.00 Wipeout - Ísland Bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
21.00 Logi í beinni Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns þar sem hann fær til sín landsþekkta viðmælendur sem sýna á sér réttu hliðina - þá skemmtilegu.
21.50 Analyze This Stórleikararnir Billy Crystal og Robert De Niro fara á kostum í þessari gamanmynd. De Niro leikur mafíósa sem fer á límingunum og er úttaugaður eftir erfiðan starfsferil. Hann leitar aðstoðar hjá sálfræðingi sem leikinn er af Crystal.
23.30 Strictly Sinatra Spennandi og rómantískt drama um Sinatra-eftirhermu sem flækist inn í hættulegan heim glæpaforingja sem á eiginkonu sem sér ekki sólina fyrir gamla stórsöngvaranum.
01.05 The Marine
02.35 The History Boys
04.25 Wipeout - Ísland
05.15 ,Til Death (9:15)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.00 Northern Trust Open Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
18.55 Inside the PGA Tour 2010 Árið fram undan skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
19.20 Atvinnumennirnir okkar: Hermann Hreiðarsson Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal áhorfendur í allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.
20.00 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 FA Cup Preview Show 2010 Hitað upp fyrir ensku bikarkeppnina, elstu og virtustu bikarkeppni í heiminum.
21.30 UFC Live Events
22.15 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.05 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
23.50 Poker After Dark

SPORT 2 *enski boltinn*

17.00 Aston Villa - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Everton - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.25 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
20.55 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
21.25 Arsenal - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
23.10 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (3:17) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (3:17) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
16.35 What I Like About You (e)
16.55 7th Heaven (20:22)
17.40 Dr. Phil
18.25 One Tree Hill (6:22) (e)
19.05 Still Standing (10:20)
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (8:25) (e)
20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir (2:14) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap.
▶**20.35 Rules of Engagement** (1:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp. Jeff og Audrey hafa verið gift í mörg ár, Adam og Jennifer eru ung og trúlofuð og Russell er piparsveinn sem vill alls ekki skuldbinda sig.
21.00 Djúpa laugin (1:10) Stefnumótaþáttur í beinni útsendingu.
22.00 30 Rock (17:22) (e)
22.25 High School Reunion (6:8) (e)
23.10 Leverage (3:15) (e)
00.00 The L Word (3:12) (e)
00.50 Saturday Night Live (5:24) (e)
01.40 Fréttir (e)
01.55 King of Queens (8:25) (e)
02.20 Premier League Poker (6:15)
04.00 Girlfriends (14:23) (e)
04.20 The Jay Leno Show (e)
05.45 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.
21.00 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari er á heimavelli í eldhúsinu á Sjávarbarnum
21.30 Grínland Alvöru íslenskur gamanþáttur í umsjón nemenda Verzlunarskóla Íslands.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Wipeout - Ísland

Hér er á ferðinni bráðfjörugur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma og reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni. Í kvöld mætast tveir risar; Fjölnir Þorgeirsson, Íslandsmeistari í Íslandsmetum, og Bjössi kenndur við World Class. Það stefnir því allt í einvígi vetrarins í Wipeout – Ísland í kvöld.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Djúpa laugin
Skjár einn kl. 21.00

Stefnumótaþátturinn Djúpa laugin snýr aftur á dagskrá Skjás eins eftir fimm ára hlé. Ástargyðjurnar Ragnhildur Magnúsdóttir og Þorbjörg Marinósdóttir munu stjórna þættinum sem að þessu sinni verður með svipuðu sniði og áður en nýjum áherslum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Á réttri hillu
14.03 Einhver mun minnast vor
15.03 Útvarpssagan: Konan á bensínstöðinni
15.25 Líf, en aðallega dauði - Fyrr á öldum
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngfuglar
21.10 Hringsól
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.05 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
17.45 Supernanny (19:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem virkilega skila árangri.
18.30 Daily Show: Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
19.00 The Doctors
19.45 Supernanny (19:20)
20.30 Daily Show: Global Edition
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 NCIS (6:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
22.35 Fringe (10:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
23.20 Breaking Bad (1:7) Spennuþáttur um efnafræðikennara og fjölskyldumann sem fer að framleiða og selja eiturlyf og sogast inni í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
00.20 Auddi og Sveppi
00.55 Logi í beinni
01.40 Fréttir Stöðvar 2
02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.10 After You've Gone **12.40** Gavin And Stacey **13.10** Doctor Who **13.55** Doctor Who **14.40** Sensitive Skin **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Hotel Babylon **16.55** Primeval **17.45** The Weakest Link **18.30** Absolutely Fabulous **19.00** Sensitive Skin **19.30** New Tricks **20.20** Rob Brydon's Annually Retentive **20.55** Sensitive Skin **21.30** The Jonathan Ross Show **22.20** Only Fools and Horses **22.50** Lead Balloon **23.20** After You've Gone **23.50** Gavin And Stacey

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Rabatten **13.30** Drabet i Kaktushuset **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Sigurd og Symfoniorkesteret **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor **20.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.40** Final Call **23.10** Fakers

NRK 1

12.10 Urix **12.30** Året med den danske kongefamilien **13.30** Norsk for nybegynnere **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** OL 2010 **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** OL 2010 **22.00** Kveldsnytt **22.15** OL 2010 **23.15** Leonard Cohen - I'm Your Man

SVT 1

13.15 Landet runt **14.00** Antikrundan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Små grytor har också öron **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Olympiska vinterstudion **17.30** OS - tanken bakom **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Olympiska vinterstudion **19.30** På spåret **20.30** Skavlan **21.30** Erin Brockovich **23.40** Sverige!

SKJÁREINN FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA

SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

Veldu áskrift á **skjareinn.is**

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Skjár Bíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

ENNEMM / SÍA / NM40929

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Maður reynir alveg að fylgjast með og grefur stundum eitthvað upp. Ég hef svolítið verið að hlusta á The XX og svo rakst ég á þýskt djasskennt band sem heitir Bohren & der Club of Gore. Svo er maður alltaf í Caveinum og Tom Waits en þeir eru ekki góðir við vinnuna. Þeir tala of mikið.“

Einar Magnús Einarsson veðurfræðingur.

Fleiri umsóknir en í síðasta Idoli

„Þetta voru engar ruglumsóknir. Við fengum góð viðbrögð frá alvörufólki,“ segir sjónvarpsmaðurinn og verðandi veitingamaðurinn Sigmar Vilhjálmsson.

Félagarnir Sigmar og Jóhannes Ásbjörnsson, Simmi og Jói, stefna á að opna Hamborgarafabrikkuna í mars og auglýstu nýlega eftir starfsfólki. Sigmar segir viðbrögðin hafa verið vægast sagt góð og að fleiri hafi sótt um en mættu í síðustu Idol-áheyrnarprufur. „0,1% þjóðarinnar sótti um hjá okkur og einn útlendingur,“ segir hann og útskýrir nánar: „320 manns sóttu um í sirka 20 störf. Við vorum í fimm daga að fara í gegnum umsóknirnar og loksins núna erum við að ná að svara öllum sem við viljum fá í viðtal.“

Í BORGARABRANSANN Simmi og Jói fengu á fjórða hundrað umsóknir þegar þeir auglýstu eftir starfsfólki á Hamborgarafabrikkuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa myndbandsupptökuvélar fylgt Simma og Jóa í gegnum undirbúning opnunar Hamborgarafabrikkunnar. Úr verður raunveruleikaþáttur sem sýndur verður á Stöð 2 í vor. Þeir sem hafa verið boðaðir í starfsviðtal þurfa að þrá starfið að sögn Simma, þar sem myndavélarnar taka á móti þeim. „Við erum hugsanlega að fara að stilla upp áheyrnarprufum,“ segir hann í léttum dúr. „Við boðum fólk að öllum líkindum á Loftleiðir í viðtal.“ Þegar Simmi sleppir orðinu heyrist í Jóa fyrir aftan: „Við erum samt ekki að fara að sýna frá því sem þau segja í atvinnuviðtalinu.“

Simmi segir fjölbreytta flóru fólks hafa sótt um og það er kannski til marks um ástandið í þjóðfélaginu að nokkrir viðskiptafræðingar eru á meðal umsækjenda. „Þetta er fólk sem var kannski að vinna á veitingastað fyrir átta árum síðan,“ segir hann. „Svo sótti fólk um sem er að vinna annars staðar í dag og vill einfaldlega breyta til.“ - afb



LÁRÉTT
2. veiði, **6.** hróp, **8.** hlaup, **9.** prjónavarningur, **11.** óhreinindi, **12.** gnótt, **14.** rusl, **16.** ullarflóki, **17.** skáhalli, **18.** fiskur, **20.** til, **21.** kona.

LÓÐRÉTT
1. fita, **3.** skóli, **4.** lögn, **5.** angan, **7.** dingull, **10.** haf, **13.** gifti, **15.** lands, **16.** rangl, **19.** fíngerð líkamshár.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. afli, **6.** óp, **8.** gel, **9.** les, **11.** im, **12.** gnægð, **14.** drasl, **16.** ru, **17.** flá, **18.** áll, **20.** að, **21.** fljóð.
LÓÐRÉTT: 1. tólg, **3.** fg, **4.** leiðsla, **5.** ilm, **7.** pendúll, **10.** sær, **13.** gaf, **15.** lágs, **16.** ráf, **19.** lo.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Lee C. Buchheit.
2. Füchse Berlin.
3. Stefán Pálsson.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SÆUNN HULD ÞÓRÐARDÓTTIR: MIKILL MISSIR FYRIR TÍSKUHEIMINN

Samstarfsmenn syrgja tískukónginn McQueen

„Ég er náttúrulega í sjokki. Þetta er ofboðslega sorglegt og rosalegur missir fyrir tískuheiminn. Það er alltaf sorglegt þegar snillingar falla frá og maðurinn var snillingur,“ segir tískuhönnuðurinn Sæunn Huld Þórðardóttir um sviplegt fráfall hins fræga hönnuðar Alexander McQueen í gær.

Talið er að hinn fertugi McQueen, sem var fjórum sinnum valinn hönnuður ársins í Bretlandi, hafi framið sjálfsvíg á heimili sínu í London, þar sem hann fannst látinn. Rétt rúm vika er liðin síðan móðir hans lést og átti hann erfitt með að sætta sig við dauða hennar. Að auki eru þrjú ár liðin síðan vinkona hans Isabella Blow, sem kom honum á framfæri í tískuheiminum, framdi sjálfsvíg.

Sæunn var lærlingur hjá McQueen árin 1999 og 2000 í London og ber honum söguna vel. „Þetta er reynsla sem ég bý að og ég lærði mjög mikið. Hann var mjög skemmtilegur. Hann var snillingur og maður sá það þegar maður var að vinna með honum. Maður gat verið orðlaus þegar maður horfði á hann vinna,“ segir hún. Tveir aðrir tískuhönnuðir á Íslandi störfuðu fyrir McQueen: Andrea Fanney Jónsdóttir og Ástralinn Sruli Recht. Sruli segir það alltaf mikinn missi þegar hæfileikarík manneskja falli frá, sérstaklega svona ung að aldri. „Lee var frumkvöðull og sannkallaður konungur og ég er afar sorgmæddur yfir dauða hans. Ég vil senda samúðarkveðjur mínar til fjölskyldu hans og samstarfsmanna.“

McQueen var einn af frægustu tískuhönnuðum heims og hannaði hann meðal annars kjóla fyrir stjörnur á borð við Rihönnu, Lady Gaga og Björk Guðmundsdóttur. Kjólinn, sem Björk klæddist á umslagi plötunnar Homogenic, hannaði McQueen, auk þess sem hann hannaði hinn fræga bjöllukjól sem Björk notaði í myndbandinu við lagið Who Is It og kjólana sem hún klæddist í myndböndunum við Pagan Poetry og Alarm Call auk þess að leikstýra síðastnefnda myndbandinu. Kjóll Bjarkar úr Alarm Call-myndbandinu var síðar boðinn upp á uppboði í Perlunni í ágúst 2008 og var seldur hæstbjóðanda á 110 þúsund krónur.

Sænn, sem hannar fyrir Cintamani um þessar mundir en rak áður verslunina Trilogia, segir að McQueen hafi verið á hátindi ferils síns þegar hann lést. „Hann gerði flottustu sýninguna á ferlinum á síðasta tímabili. Ég held að það hafi ekki verið fjallað jafnmikið um neina aðra sýningu og sýninguna hans,“ segir hún. „Hann var ögrandi strax frá upphafi og það eru ekkert allir sem ná að halda þessum dampi. Hann var einn af þessum stóru. Hann verður nefndur í sömu andrá og Coco Chanel og Dior.“ freyr@frettabladid.is

FRÆGUR HÖNNUÐUR KVEÐUR

Alexander McQueen var einn frægasti tískuhönnuður heims og hannaði meðal annars bjöllukjólinn fræga fyrir **Björk Guðmundsdóttur**. **Sæunn Huld Þórðardóttir** var lærlingur hjá McQueen og segir að hann hafi verið snillingur.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmörg þekkt andlit koma saman í Fífunni í Kópavogi um helgina, en þá fer fram fjölmiðlamót í fótbolta. Stöð 2, Bylgjan og FM 957 tefla fram firnasterku sameiginlegu liði með markaskorarann Hörð Magnússon í framlínunni, en hann raðaði inn mörkum þegar hann lék með FH á sínum tíma. Útvarpsmennirnir Ívar Guðmundsson, Svali og Heiðar Austmann leika einnig með liðinu og athygli vekur að **Logi Bergmann**, sem færist aftar á völlinn með hverju árinu, er orðaður við markvarðarstöðu liðsins…

Ríkisútvarpið þykir tefla fram óvenjusterku liði í ár og það er ekki að sjá að hlutafélagið opinbera hafi skorið duglega niður undanfarið. Handboltamaðurinn knái, Einar Örn Jónsson, er í liðinu ásamt fréttamanninum skelegga, Ægi Þór Eysteinssyni. Hann dældi inn mörkum á síðasta móti fyrir tveimur árum, en gæti þurft að berjast fyrir stöðu sinni í framlínunni; þar eru nefnilega mættir reynsluboltarnir **Tryggvi Guðmundsson** og Hjörtur Hjartarson – forvitnilegt verður að sjá hvernig þessar tvær markamaskínur virka saman.

Og það blæs ekki byrlega hjá þeim sem nota Netið til að sækja sér höfundarréttarvarið efni. Allavega ekki þá sem notuðu vefsíðuna Torrent.is til verksins. Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness í máli Smáís og Stefs gegn **Svavari Lútherssyni** og vefsíðunni Torrent.is. Síðan virðist því ekki vera á leiðinni upp á ný þar sem lögbann á hana var staðfest og Svavari gert að greiða málskostnað hagsmunasamtakanna.

- afb

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SÚRT RENGI aðeins 1990
STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, HUMARSÚPA
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Magnús verður Íþróttaálfur

Magnús Scheving hyggst leika Íþróttaálfinn í Laugardalshöll á hátíð tileinkaðri Latabæ sem haldin verður laugardaginn 27. mars, hugsanlega í síðasta sinn. Síðast lék Magnús þennan síhoppandi karakter í Þjóðleikhúsinu fyrir ellefu árum en hefur reyndar af og til brugðið sér í bláhvíta búninginn í þágu góðs málefnis. „Ég er í alveg ágætis formi en verð samt að taka mig aðeins í gegn. Ég hef vanið mig á að taka armbeygjur og annað slíkt áður en ég fer í flug og þegar ég kem úr flugi þannig að líkaminn er í góðu standi,“ segir Magnús sem er 46 ára gamall.

Magnús viðurkennir að hann hafi átt erfitt með svefn í nótt eftir að hafa tekið þessa ákvörðun. „Maður verður að taka á því á þessum sýningum, maður má ekki svíkja börnin og vera með eitthvert hálfkák.“

Annars hefur Magnús verið óvenju heppinn með meiðsl á sínum langa ferli en upplýsir þó að hann hafi tognað eitt sinn þegar ljósmyndari frá bresku blaði bar kennsl á hann á lestarstöð og vildi endilega fá að smella mynd af honum í hinu fræga spígatt-stökki. „Hann náði þessu aldrei almennilega og ég þurfti að hoppa þjátíu sinnum og endaði á því að togna heldur illa. Ég hef alltaf verið frá í nokkra daga þegar ég hef tekið þetta stökk síðan þá en maður verður bara láta sig hafa þetta og taka það.“ - fgg

ÍÞRÓTTAÁLFS-BÚNINGURINN LAGÐUR TIL HLIÐAR Magnús Scheving hyggst troða upp sem Íþróttaálfurinn í síðasta sinn opinberlega í Laugardalshöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útsalan í fullum gangi

30% - 50% afsláttur af öllum vörum!

HEIMA
HÚSIÐ

heima Ondvegi mood lifum

Mikið úrval af húsgögnum og gjafavöru

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is **Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hallgrímur í þýskri kilju

Hallgrímur Helgason nýtur tölu-verðra vinsælda hjá Þjóðverjum og því kannski engin tilviljun að þýska kilju-forlagið dtv skuli hafa tryggt sér útgáfuréttinn að þremur bókum Hallgríms, Tíu ráðum, Roklandi og 101 Reykjavík. Annað skáld, Bjarni Bjarnason sem er hjá Uppheimum, samdi einnig við útgáfu-félag þótt það sé ögn meira framandi en það þýska. Bók Bjarna, Endurkoma Maríu, mun nefnilega koma út hjá egypska for-laginu Sphinx Agency.

Í startholunum

Egill „Gillz“ Einarsson er þegar byrjaður að skrifa nýja bók en Mannasiðabókin seldist ákaflega vel um síðustu jól. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Egill á svipuðum slóðum og í þeirri síðustu en kraftajötunninn hyggst þó brydda upp á einhverjum nýjungum. Ekki er hins vegar vitað hverjar þær eru en Egill er nýkominn heim úr æfingaferð til New York þar sem hinn sjálfskip-aði fyrirliði póker-landsliðsins reyndi fyrir sér í Stóra eplinu.

Opnar bókhaldið

Haft er fyrir satt að Ragnheiður Rík-harðsdóttir, þingmaður Sjálfstæð-isflokksins, ætli á næstu dögum að upplýsa um styrki sem hún fékk í prófkjöri fyrir alþingiskosningarnar 2007. Þetta gerir hún í ljósi setu sinnar í þingnefnd sem á að bregð-ast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þykir brýnt að lágmarka tortryggni almennings gagn-vart þeirri nefnd. Ragnheiður taldi áður að hún þyrfti ekki að sýna þessi gögn, sem óbreytt-ur þingmaður.

- fgg, kot

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Alexander McQueen svipti sig lífi
2. Þjófar réðust á bíleigenda
3. Dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir hrikalegt ofbeldi gegn eigin börnum
4. Fangar hrella á Facebook
5. Bjargaði föður sínum með því að beita hjartahnoði í 16 mínútur

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

FRAMTÍÐIN Í FJÖLSTILLANLEGUM RÚMUM



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

" IQ-CARE heilsudýnurnar hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi. Þær eru einstakur valkostur og hafa reynst frábærlega vel. Viðskiptavinir okkar velja þær yfirleitt í stillanleg rúm sín enda eru dýnurnar sérstaklega hannaðar til að þola allar hreyfingar sem stillanleg rúm gera kröfu til. Með komu IQ-CARE heilsudýnanna höfum við enn betur náð að koma til móts við sértækustu þarfir viðskiptavina okkar og finna þá lausn í dýnu sem best hentar hverjum og einum "

Sigurður Matthíasson , forstjóri

PRODIGY™

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum

PROFLEX

- Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn og heilsu á mjög góðu verði
- Stýring er einföld og þægileg
- Sterkir og hljóðlátir mótorar

- Stillanlegu rúmin okkar fást bæði í dökkum og ljósum lit

Svefn & heilsa

3 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is